

Ferðaáætlun 2019

Ferðafélag Íslands



Skráðu þig inn – drífðu þig út

Tími fyrir fjölskylduna



Þægilegri bankapjónusta gefur þér tíma

Tími er eitt það dýrmætasta sem við eigum. Við viljum öll ráða hvernig við nýtum hann. Við hjá **Arion banka** vinnum að því alla daga að gera þjónustu okkar einfaldari og betri. Þannig nýtist þinn tími betur til að gera það sem þér þykir skemmtilegast.

Ferðafélag Íslands

Mörkinni 6, 108 Reykjavík

Sími: 568 2533

Netfang: fi@fi.is

Heimasíða: www.fi.is

Ferðaáætlun FÍ 2019

Ábyrgðarmaður: Páll Guðmundsson

Umsjón: Brynhildur Ólafsdóttir og skrifstofa FÍ

Umsjón með ferðaáætlun: Ferðanefnd FÍ,

Sigrún Valbergisdóttir, formaður, Hávar Sigurjónsson, Helgi

Jóhannesson, Hjalti Björnsson, Sigríður Lóa Jónsdóttir,

Tómas Guðbjartsson og Þóra Björk Hjartardóttir

Prófarkalestur: Bergdís Linda Kjartansdóttir

Ljósmynd á forsiðu: Ólafur Már Björnsson

Á forsiðumynd: Miðnæturstemning í júlí á Hofshöfða,

yst á Flateyjarðal

Dreifing: Ferðafélag Íslands

Prentvinnsla: Prentmet, umhverfisvottað fyrirtæki

- 3 Ferðir í tímaröð
- 9 Ávarp forseta FÍ
- 11 Ferðafélag Íslands
- 13 Skálar
- 17 Útskýringar
- 19 Fjallaverkefni FÍ
- 22 Námskeið
- 25 Skíðaferðir
- 27 Dagsferðir
- 37 Helgarferðir
- 43 Sumarleyfisferðir
- 61 Ferðafélag barnanna
- 67 Ferðafélag unga fólksins
- 69 Deildaferðir
- 69 Ferðafélag Akureyrar
- 74 Ferðafélag Austur-Skaftfellinga
- 76 Ferðafélag Árnesinga
- 78 Ferðafélag Djúpavogs
- 79 Ferðafélag Fjarðamanna
- 81 Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
- 87 Ferðafélagið Hörgur
- 87 Ferðafélag Ísfirðinga
- 89 Ferðafélag Mýrdælinga
- 90 Ferðafélagið Norðurslóð
- 94 Ferðafélag Svarfdæla



Besta staðan

NÝTT

IDÅSEN rafmagnsskrifborð
L160×B80, H63-127cm

69.900,-

Þú getur stillt hæð IDÅSEN skrifborðsins í 63-127 cm og því alltaf unnið í þægilegri stöðu. Með Desk Control-appinu er þar að auki hægt að fjarstýra hæðarstillingu. Þú finnur það í Google Play og App Store.



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingasvið opið 9:30-20:30 - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Dags.	Ferðir	Hvernig ferð	Bls.
12.01	Sólarupprás á Snæfellsjökli	Dagsferð	27
13.01	Borgarganga: Kleppsholt og Vatnagarðar	Dagsferð	27
24.01	Snjóflóðanámskeið	Námskeið	22
29.01	GPS grunnnámskeið	Námskeið	22
01.02	Stjörnu- og norðurljósskóðun	Ferðafélag barnanna	61
02.02	Helgafell	FÍ Ung	67
12.02	GPS grunnnámskeið	Námskeið	22
15.02	Ferðamennska og rötun	Námskeið	22
17.02	Snjó- og súkkulaðiveisla í Heiðmörk	Ferðafélag barnanna	61
19.02	GPS framhaldsnámskeið	Námskeið	22
23.02	Keilir	FÍ Ung	67
05.03	GPS nördanámskeið	Námskeið	23
08.03	Fjallamennska	Námskeið	23
09.03	Akrafall	FÍ Ung	67
27.03	Hundagönguferðir: Ekki fara í hundana	Dagsferð	27
30.03	Eyja fjallajökull á fjallaskíðum	Skíðaferð	25
30.03	Eldfjallaganga í Búrfellsgjá	Ferðafélag barnanna	61
30.03	Óvissuferð	FÍ Ung	67
06.04	Fjöruferð í Gróttu	Ferðafélag barnanna	61
13.04	Ljósufjöll á fjallaskíðum	Skíðaferð	25
13.04	Glymur	FÍ Ung	67
18.04	Snæfellsjökull um páska	Dagsferð	27
26.04	Náðarstund fyrir norðan: Í fótspor Agnesar Magnúsdóttur	Helgarferð	37
27.04	Fuglarnir fljúga heim: Fuglaskóðun	Ferðafélag barnanna	61
01.05	Söguganga: Skarðið í vör Skíða. Svarfæla saga	Sumarleyfisferð	43
06.05	Á fjöll við fyrsta hanagal: Morgungöngur	Dagsferð	28
07.05	Skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum	Námskeið	23
09.05	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Selfjall	Ferðafélag barnanna	62
11.05	Hvannadalshnúkur á fjallaskíðum	Skíðaferð	25
11.05	Hrútsfjallstindar	Dagsferð	28
13.05	Barnavagnavíka	Ferðafélag barnanna	62
15.05	Örganga í Hafnarfirði	Dagsferð	28
17.05	Vinnuhelgi í Þórsörk	Helgarferð	37
18.05	Fjöll í Suðursveit	Dagsferð	28
22.05	Örganga í Hafnarfirði	Dagsferð	29
26.05	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Keilir	Ferðafélag barnanna	62
29.05	Örganga í Hafnarfirði	Dagsferð	29
30.05	Hvannadalshnúkur á fjallaskíðum	Skíðaferð	25
06.06	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Skálafell	Ferðafélag barnanna	62



Góð þjónusta um land allt

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum gott úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— **Höldur** —

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

Dags.	Ferðir	Hvernig ferð	Bls.
07.06	Hvítasunna á Ströndum: Göngu- og vinnuferð	Helgarferð	37
08.06	Hvannadalshnúkur	Dagsferð	29
08.06	Hvannadalshnúkur	Fí Ung	67
11.06	10 ára afmælisfjör: Allir út að leika!	Ferðafélag barnanna	63
14.06	Ævintýraheimur Strandafjalla	Sumarleyfisferð	43
14.06	Hringur um Botnssúlur á sumarnóttu	Dagsferð	29
15.06	Hekla á fjallaskíðum	Skíðaferð	26
15.06	Birnudalstindur	Dagsferð	30
15.06	Lómagnúpur	Dagsferð	30
17.06	Leggjarbrjótur: Forn þjóðleið	Dagsferð	30
19.06	Pöddulíf í Elliðaárdal	Ferðafélag barnanna	63
20.06	Ylur og birta í Hornbjargsvita: Göngu- og vinnuferð	Sumarleyfisferð	44
27.06	Fjöll, fjara, jöklar og sund: Reykjarfjörður	Sumarleyfisferð	44
29.06	Um Kóngsveg frá Þingvöllum að Úthlíð	Helgarferð	38
29.06	Árbókarganga: Gamli Þingvallavegurinn	Dagsferð	30
03.07	Strandaperlur í Steingrímsfirði	Sumarleyfisferð	45
03.07	Fossar og himinblá vötn	Sumarleyfisferð	46
04.07	Um skógarstíga og skriðjökla: Núpsstaðarskógar – Skaftafell	Sumarleyfisferð	46
04.07	Andstæður elds og íss og fjalladrottningin: Kverkfjöll og Herðubreið	Sumarleyfisferð	46
04.07	Hæstu tindar við Kjöl	Sumarleyfisferð	47
04.07	Upplifðu Kerlingarfjöll og Hveravelli: Eldri og heldri ferð	Dagsferð	31
05.07	Með veiðistöng í farangrinum	Helgarferð	38
06.07	Fjörður og Látraströnd	Sumarleyfisferð	47
06.07	Árbókarganga: Sköflungsvegur	Dagsferð	31
07.07	Jógaferð í Lónsöræfi	Sumarleyfisferð	49
08.07	Ævintýri á Víknaslóðum	Ferðafélag barnanna	63
09.07	Yfir heiðar og haf: Á vit náttúrufegurðar og fortiðar	Sumarleyfisferð	50
10.07	Í tröllahöndum á hæstu tindum	Sumarleyfisferð	50
10.07	Árbókarganga: Nesselshringur	Dagsferð	31
11.07	Á vikingaslóðum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði	Ferðafélag barnanna	64
11.07	Eilífðin beint í æð: Viðerni og vötnin óteljandi	Sumarleyfisferð	51
11.07	Hinar einu sönnu Hornstrandir	Sumarleyfisferð	51
12.07	Hlöðuvík: Bækistöðvarferð	Sumarleyfisferð	52
13.07	Saga, byggð og búseta. Aðalvík – Hesteyri	Sumarleyfisferð	52
17.07	Fjölskylduganga um Laugavegin	Ferðafélag barnanna	64
17.07	Þjórásarver. Náttúruperla á heimsvísu	Sumarleyfisferð	53
17.07	Söguferð um lykilstaði Laxdælu: Eldri og heldri ferð	Dagsferð	33
18.07	Jógaferð í Hornbjargsvita	Sumarleyfisferð	53
18.07	Héðinsfjörður – Hvanndalir: Bakpokaferð	Sumarleyfisferð	53

JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.



33" BREYTTUR

DÍSEL 3.0L 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF.
STAÐALBÚNAÐUR M.A.: LED/BI-XENON FRAMLJÓS, 8,4" SNERTISKJÁR
MEÐ BAKKMYNDAVÉL, FJARLÆGÐARSKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN,
ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI, RAFDRIFIN FRAMSÆTI, STILLANLEG AFTURSÆTI,
TÖLVUSTÝRÐ SJÁLFBIRK MIÐSTÖÐ MEÐ LOFTKÆLINGU OG AÐGERÐASTÝRI.

Dags.	Ferðir	Hvernig ferð	Bls.
19.07	Fjölskylduganga um Vatnaleiðina	Helgarferð	39
19.07	Himnaríki og helvíti	Sumarleyfisferð	54
19.07	Laugar – Hattver – Strútur – Eldgjá	Sumarleyfisferð	54
20.07	Sveinstindur við Langasjó	FÍ Ung	68
21.07	Upptök Rauðufossakvíslar	Dagsferð	33
24.07	Fjölskylduganga um Laugavegin	Ferðafélag barnanna	64
24.07	Lónsöræfi	Sumarleyfisferð	55
26.07	Fögrufjöll: Báðum megin	Helgarferð	39
26.07	Græni hryggur og Hattver: Litadýrð að Fjallabaki	Helgarferð	39
26.07	Eldfjalla- og fossaganga yfir Fimmvörðuháls	Ferðafélag barnanna	64
31.07	Víknaðslóðir	Sumarleyfisferð	55
01.08	Fjölskylduganga um Laugavegin	Ferðafélag barnanna	65
03.08	Fossaganga	Helgarferð	40
07.08	Víknaðslóðir	Sumarleyfisferð	56
08.08	Dansað á toppi Glissu	Sumarleyfisferð	57
10.08	Jarhettuslóðir	Dagsferð	33
13.08	Hinn óeiginlegi Laugavegur	Sumarleyfisferð	57
15.08	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Ásfjall	Ferðafélag barnanna	65
16.08	Eldfjalla- og fossaganga yfir Fimmvörðuháls	Ferðafélag barnanna	65
17.08	Yfir Snæfellsnes um Ljósuðfjöll	Dagsferð	33
21.08	Sveppasöfnun í Heiðmörk	Ferðafélag barnanna	65
22.08	Upplifðu Þórsmörkina: Eldri og heldri ferð	Dagsferð	34
24.08	Fimmvörðuháls	FÍ Ung	68
29.08	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Vífilsfell	Ferðafélag barnanna	65
30.08	Kerlingarfjöll: Einhvern tíma alla toppa klíf ég	Helgarferð	40
31.08	Óvissuferð: Eldri og heldri ferð	Helgarferð	41
31.08	Sögustund í Hvítárnesskála á Kili: Eldri og heldri ferð	Dagsferð	34
01.09	Umhverfis Hvalfell	Dagsferð	34
06.09	Þórsmörk	FÍ Ung	68
07.09	Síldarmannagötur: Forn þjóðleið	Dagsferð	35
08.09	Í fótspor Konrads Maurers um Stykkishólm og Helgafellssveit	Dagsferð	35
14.09	Fjallendið milli Húnaþings og Skagafjarðar	Helgarferð	41
22.09	Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Móskaðshnúkar	Ferðafélag barnanna	65
05.10	Borgarganga: Á milli vita	Dagsferð	35
12.10	Móskaðshnúkar	FÍ Ung	68
19.10	Á slóðum landnemanna	Ferðafélag barnanna	66
15.11	Vetrarferð með jólaþema. Þórsmörk	Ferðafélag barnanna	66
22.11	Vetrarferð með jólaþema. Þórsmörk	Ferðafélag barnanna	66
27.12	Blysför og jólasveinar	Ferðafélag barnanna	66



Fjallabyggð

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR
OG ÓLAFSFJARÐAR



- BOTNALEIÐ
- FOSSDALUR
- HÉÐINSFJÖRÐUR
- HREPPSENDASÚLUR
- HVANNDALIR
- HVANNDALABJARG
- MÚLAKOLLA
- RAUÐSKÖRÐ
- SIGLUFJARÐARSKAÐ
- SIGLUNES
- OFL.



FJÖLMARGAR GÓÐAR GÖNGULEIÐIR
Í STÖRBROTINNI NÁTTÚRU



SJÁ GÖNGULEIÐALÝSINGAR
INN Á WWW.FJALLABYGGD.IS



LÝÐHEILSA OG ÚTIVERA

Stefna Ferðafélags Íslands er að flétta saman lýðheilsu og útiveru í góðum félagsskap jafnframt því að fræðast og njóta fegurðar landsins.

Það er því sérstök ástæða til að vekja athygli á fjalla- og hreyfihópum sem kynntir eru í þessari ferðaáætlun en þeir njóta mikilla vinsælda. Meginmarkmið þessara verkefna er útivera, náttúruupplifun, gleði og góður félagskapur eins og fram kemur í kynningu í ferðaáætluninni. Eins og í öllum ferðum Ferðafélags Íslands er mikil áhersla lögð á fræðslu og öryggi á fjöllum. Hóparnir eru margir og viðfangsefni þeirra sniðin að áhuga og aðstæðum hvers og eins. Þátttakendur fá þarna aðhald og hvatningu til að drifa sig af stað og halda ástund til loka verkefnisins. Sumir hópanna henta fólki sem er að stíga sín fyrstu skref í gönguferðum eða vill taka sig á og rifja upp útiveru eftir hlé. Um leið er þarna tækifæri til að kynnst skemmtilegu fólki og bæta heilsuna. Hvatning og þátttaka í þessum hópum hefur auðveldað mörgum að koma í verk langþráðum fyrirætlanum um meiri hreyfingu og meiri hollustu. Sumir hafa ekki látið staðar numið heldur ráðist í krefjandi verkefni á fjöllum. Þá er einnig vert að benda á ferðir þar sem lögð er áhersla á börn og unglinga og að fjölskyldan ferðist saman. Ferðafélag barnanna er sérstök deild í Ferðafélagi Íslands og fer aðsókn þar stöðugt vaxandi. Þar eru farnar ferðir undir öruggri leiðsögn og valin viðfangsefni sem hæfa hverjum aldersflokki.

Ferðaáætlun Ferðafélagsins var birt á heimasíðu FÍ í desember. Með þessu er brugðist við óskum fólks sem vill skipuleggja frístundir sínar fyrr en áður var gert. Ákvörðun um val á ferðum þarf oft að taka í samráði við fjölskyldu og félaga sem vilja ferðast saman og snemmbúin ferðaáætlun getur vonandi komið að góðum notum.

Ferðafélag Íslands óskar landsmönnum góðrar ferðar og ánægjustunda á fjöllum.

Ólafur Örn Haraldsson
forseti Ferðafélags Íslands



UM FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Ferðafélag Íslands var stofnað 1927 og er áhugamannafélag sem hefur frá upphafi unnið að margvíslegri þjónustu fyrir ferðamenn. Tilgangur þess er að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim. Þetta gerir félagið t.d. með skipulagningu fjölbreyttra ferða ásamt uppbyggingu og rekstri fjallaskála víða um land. Jafnframt með viðamiklu útgáfustarfi, merkingu gönguleiða og upplýsingagjöf.

Deildir FÍ: Innan vébanda Ferðafélags Íslands eru starfandi 13 deildir um land allt. Deildirnar starfa samkvæmt lögum FÍ, standa fyrir ferðum, reka gistiskála og sinna fræðslu og útgáfustarfi í heimabyggð. Nokkrar þeirra kynna ferðaáætlun sína í þessu riti.

Ferðafélag barnanna: Ferðafélag Íslands stofnaði Ferðafélag barnanna árið 2009 með það að höfuðmarkmiði að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru Íslands. Allar ferðir Ferðafélags barnanna eru farnar á forsendum barna og sniðnar að þörfum þeirra. Ferðirnar eru fjölskylduferðir og opnar öllum félagsmönnum FÍ og fjölskyldum þeirra. Ferðafélag barnanna á sérstakt svæði á vefsíðu FÍ þar sem finna má margvísleg góð ráð og er einnig með sérstaka fésbókarsíðu. Umsjónarmenn eru Dalla Ólafsdóttir og Matthías Sigurðsson.

Ferðafélag unga fólksins: Ferðafélag unga fólksins, FÍ Ung, var stofnað sumarið 2015 með það markmið að hvetja ungt fólk til að ferðast um Ísland, kynnast landinu og njóta útiveru í góðum félagsskap. Ferðirnar eru opnar fyrir FÍ félaga á aldrinum 18-25 ára. FÍ Ung á sérstakt svæði á vefsíðu FÍ og líka er hægt að fylgjast með félaginu á fésbók og Instagram. Þriggja manna ungmenningaráð undir forystu Johns Snorra Sigurjónssonar leiðir starf FÍ Ung.

Félagslíf: Í Ferðafélagi Íslands eru um átta þúsund félagsmenn. Auk fjölbreyttra ferða er margvíslegt félagslíf innan félagsins, svo sem myndakvöld, námskeið og þemaferðir af ýmsu tagi.

Útgáfustarfsemi: Á hverju ári gefur Ferðafélag Íslands út heimilda- og fræðslurit, kort og bækur, að ógleymdri árbók félagsins. Fyrsta árbókin kom út árið 1928. Hún hefur síðan komið út árlega í óslitinni röð og er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Þá hefur Ferðafélagið um árabíl gefið út sérnit með leiðarlýsingum á göngusvæðum eða öðrum fróðleik er tengist náttúru, sögu og lífríki afmarkaðs svæðis. Auk þess gefur Ferðafélagið út margvísleg kort fyrir göngumenn.

Stjórnin: Ólafur Örn Haraldsson forseti, Sigrún Valbergisdóttir varaforseti, Pétur Magnússon gjaldkeri, Gísli Már Gíslason ritari, Helgi Jóhannesson, Margrét Hallgrímsdóttir, Ólöf Sigurðardóttir, Tómas Guðbjartsson og Þóður Höskuldsson.

Skrifstofa og afgreiðsla: Skrifstofa FÍ annast allan daglegan rekstur félagsins. Þar er hægt að bóka ferðir og gistingu í skála félagsins. Á skrifstofunni er einnig hægt að kaupa árbækur FÍ frá upphafi, sem og úrval fróðlegra bóka og rita sem félagið hefur gefið út. Einnig eru þar til sölu Íslandskort og gönguleiðakort. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 10-17. Síminn er 568 2533 og netfang fi@fi.is. Framkvæmdastjóri FÍ er Páll Guðmundsson.

Árgjald: Hægt er að ganga í Ferðafélag Íslands í gegnum vefsíðu FÍ, með því að hringja á skrifstofuna í síma 568 2533 eða senda tölvupóst á fi@fi.is og gefa upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang. Árgjald 2019 er 7.800 kr. og er árbók FÍ innifalin í árgjaldinu. Félagsaðild gildir til afsláttar fyrir maka og börn félagsmanns 7–18 ára. Ungmennir á aldrinum 18-25 ára greiða sérstakt ungmennaárgjald sem er 3.800 kr. en árbókin er ekki innifalin.

Afslættir: Félagsmenn í Ferðafélaginu njóta margvíslegra friðinda og fá til dæmis afslátt í allar ferðir og skála félagsins og í fjölda verslana. Skoða má lista yfir afsláttartilboð til félagsmanna inni á vefsíðu FÍ. Börn og unglingar, 7-18 ára, í fylgd forráðamanna, greiða hálf gjald í ferðir og í gistingu.

Vefsíða og fréttabréf: Á vefsíðu félagsins www.fi.is má finna mikið af upplýsingum um Ferðafélagið, allar ferðir þess og starfsemi. Á vefsíðunni má einnig skrá sig á póstlista og fá reglulegar fréttir af ferðum og starfi félagsins. Félagið heldur einnig úti fésbókarsíðu og er á Instagram.



RAM

ramisland.is

HÖRKUTÓL SEM ENDIST



40" BREYTTUR

**TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT,
LARAMIE EÐA LIMITED.
BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42"
BREYTINGARPAKKA.**

SKÁLAR FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Alls eru skálar Ferðafélags Íslands og deilda þess á 41 stað víðs vegar um landið. Yfir sumartímann eru skálaverðir í stærstu skálum félagsins en skálinum er læst yfir vetrartímann. Hægt er að nálgast lykla að flestum skálunum á skrifstofu FÍ.

Skálabókanir: Nauðsynlegt er að panta skálagistingu og greiða þarf gistingjöld við bókun. Til að tryggja félagsverð þarf að greiða árgjald áður en greiðsla fer fram.

Afbókunarskilmálar:

- ▶ Afbókun innan 7 daga frá bókun og meira en 30 dögum fyrir dagsetningu: 85% endurgreiðsla.
- ▶ Afbókun 29-14 dögum fyrir dagsetningu: 50% endurgreiðsla gistingjalds.
- ▶ Afbókun 13-7 dögum fyrir dagsetningu: 25% endurgreiðsla gistingjalds.
- ▶ Afbókun innan við viku frá dagsetningu: Engin endurgreiðsla.
- ▶ Ekki er endurgreitt vegna veðurs eða annarra náttúruafla, seinkunar eða ef viðkomandi mætir ekki.

 Skálaverðir á sumrin	 Sturta	 Eldunaraðstaða	 Áætlanarbíll
 Rennandi vatn	 Heit laug	 Grillaðstaða	 Hundar bannaðir
 Vatnssalerni	 Tjaldstæði	 Verslun	

Ferðafélag Íslands

Sími: 568 2533 • www.fi.is • fi@fi.is



Álftavatn s. 823 4008 / 499 0721
Fjöldi: 72 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 63°51.470 19°13.640



Fimmvörðuháls: Baldvinnskáli s. 823 3399
Fjöldi: 20 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.000 / 7.000
GPS staðsetning: 63°37.305 19°27.057




Hlöðuvellir
Fjöldi: 15 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.000 / 6.000
GPS staðsetning: 64°23.911 20°33.387



Hornbjargsviti s. 852 0333 / 499 0724
Fjöldi: 40 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 66°24.642 22°22.771



Hvítárnes s. 655 0173
Fjöldi: 30 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.000 / 6.000
GPS staðsetning: 64°37.007 19°45.394



Emstrur s. 823 5008 / 499 0647
Fjöldi: 60 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 63°45.980 19°22.450



Hagavatn
Fjöldi: 12 manns
Þjónusta: 
Verð: 3.500 / 5.500
GPS staðsetning: 64°27.760 20°14.700



Hrafnfjinnusker: s. 823 3008 / 499 0679
Fjöldi: 52 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 63°56.014 19°10.109






Hvanngil s. 860 3336 / 499 0675
Fjöldi: 60 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 63°50.026 19°12.507



Landmannalaugar s. 860 3335
Fjöldi: 78 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 9.000
GPS staðsetning: 63°59.600 19°03.660



Norðurfjörður s. 862 3363 / 655 0368
Fjöldi: 26 manns
Þjónusta: 
Verð: 4.500 / 7.000
GPS staðsetning: 66°03.080 21°33.970



FETAÐU NÝJAR SLÓÐIR

Í FATNAÐI SEM ÞÚ GETUR TREYST.

ÚTIVISTARDEILDIN
ER Í SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

THE
NORTH
FACE

GREIÐSLA OG SKILMÁLAR FERÐA

Skráning í ferðir Ferðafélags Íslands fer fram á heimasíðu félagsins. Staðgreiða þarf í allar ferðir við bókun, nema annað sé tekið fram. Börn og unglingar, 7-18 ára, sem eru í fylgd forráðamanna, greiða hálf t. gjald.

Verð í ferðir félagsins er sett fram með tvennum hætti: Annars vegar fyrir félagsmenn FÍ og hins vegar fyrir þá sem ekki eru skráðir félagsmenn.

Afbókunarskilmálar:

- ▶ Afbókun innan 7 daga frá bókun og meira en 21 degi fyrir brottför: 85% fargjalds endurgreitt.
- ▶ Afbókun 20-8 dögum fyrir brottför: 50% fargjalds endurgreitt.
- ▶ Afbókun 7-4 dögum fyrir brottför: 25% fargjalds endurgreitt.
- ▶ Afbókun 3-0 dögum fyrir brottför: Engin endurgreiðsla.

Breytingar: Ferðafélag Íslands áskilur sér rétt til að hætta við, fresta ferð eða breyta áætlun vegna veðurs eða annarra utanaðkomandi aðstæðna, svo og ef ekki fæst næg þátttaka. Ef félagið aflýsir ferð, er fargjald endurgreitt að fullu.

Tryggingar: Ferðafélag Íslands tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð. Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða- og slysatryggingar fyrir ferðir.

Fyrirvarar: Þátttakendum í ferðum FÍ er ljóst að för í óbyggðum getur verið áhættusöm. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð og skuldbinda sig með skráningu í ferð til að gera ekki kröfur á FÍ vegna mögulegs tjóns sem þeir verða fyrir í ferðinni.

Farþegar verða að velja ferðir sem hæfa þeirra líkamlega formi. Vinsamlega kynnið ykkur upplýsingar um útbúnað og veður áður en lagt er af stað.

ERFIÐLEIKASTIG FERÐA

Flokkun ferða eftir erfiðleikastigi er einungis viðmiðun. Einstakar ferðir geta fallið undir fleiri en einn flokk og ófyrirsjáanlegar breytingar á ytri aðstæðum geta breytt því hversu erfið ferð reynist verða.



Léttar og stuttar dagleiðir (yfirleitt 4-6 klst.). Mest gengið á sléttlendi. Léttur dagpoki. Engar eða litlar ár. Flestum fært.



Miðlungslangar dagleiðir (yfirleitt 5-7 klst.). Oft í hæðóttu landi. Bakpoki þarf ekki að vera þungur. Engar eða auðveldar ár. Þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðri þjálfun.



Nokkuð langar dagleiðir (yfirleitt 6-8 klst.). Oftast gist í húsum en getur þurft að bera tjöld. Gengið í fjalllendi. Getur þurft að vaða erfiðar ár. Þátttakendur þurfa að vera í góðri þjálfun.



Erfiðar og langar dagleiðir (jafnvel yfir 10 klst.). Gengið í fjalllendi með allt á bakinu. Má búast við erfiðum ám. Aðeins fyrir fólk í mjög góðri þjálfun.

Góða ferð!

Góður undirbúningur eykur líkur á velheppnaðri útivist og ef þú hefur nokkur atriði í huga eykur þú líkur á góðri ferð.

- Skildu alltaf eftir leiðaráætlun þar sem fram kemur leiðaval, tími og annað sem skiptir máli.
- Fylgstu vel með veðurspá, hér á landi skipast skjótt veður í lofti.
- Vertu rétt útbúinn miðað við þær aðstæður sem þú ert að takast á við.
- Kort, áttaviti og GPS tæki ætti alltaf að vera með í för þegar ferðast er utan alfaraleiða.
- Vertu með réttan öryggisbúnað fyrir þá tegund útivistar sem þú ætlar að stunda.

Kynntu þér vel vefinn okkar safetravel.is



Skannaðu merkið til að
komast á www.safetravel.is



SIÝSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

FJALLA- OG HREYFIHÓPAR FÍ

2019

Ferðafélag Íslands heldur úti nokkrum fjalla- og hreyfihópum sem ganga út á reglulegar fjallgöngur, heilsubót og góðan félagsskap.

Meginmarkmið þessara hópa er útivera, náttúruupplifun, gleði og góður félagskapur. Eins og í öllum ferðum Ferðafélags Íslands er mikil áhersla lögð á fræðslu og öryggi á fjöllum.

Árgjald Ferðafélags Íslands er innifalið í þátttökugjaldi.

Fí Alla leið

Fjallaverkefnið Alla leið er verkefni sem miðar að því að undirbúa þátttakendur fyrir langa og spennandi jöklagöngu að vori. Undirbúningurinn er þrjúþættur og felst í vikulegum fjallgöngum, sem stigmagnast að erfiðleikastigi, alhliða ferðafræðslu um klæðnað, búnað, næringu, öryggismál og jöklagöngur og svo vikulegum þrekæfingum. Eftir sumarfrí tekur við verkefnið, Haustgöngur Alla leið, sem stendur til áramóta. Umsjónarmaður er Hjalti Björnsson.

Kynningarfundur: Miðvikud. 9. janúar kl. 20 í sal FÍ, Mörkinni 6. Verð: 58.800.

Fí Fyrsta skrefið og Næsta skrefið

Fyrsta skrefið byggist á reglubundnum göngum á þægileg fjöll. Gengið er á mismunandi fjöll einu sinni í viku. Farið er á hraða sem hentar hópnum og þrek fólks er smám saman byggt upp. Eftir sumarfrí tekur við nýtt verkefni, Næsta skrefið, frá september til áramóta.

Umsjónarmenn eru Sigrún Sæmundsen og Ólafur Sveinsson.

Kynningarfundur: Mánud. 7. janúar kl. 20 í risi FÍ, Mörkinni 6. Verð: 58.800.

Fí Léttfeti. Eitt fjall á mánuði

Þetta verkefni stendur yfir allt árið og er hugsað fyrir þá sem vilja koma sér af stað að nýju eftir hlé sem og alla þá sem vilja koma reglulegum, auðveldum fjallgöngum inn í dagatalið sitt. Farið er í 10 dagsferðir og eina helgarferð þannig að alls er gengið á að minnsta kosti 12 fjöll. Fjöllin sem fyrir valinu verða eru í léttari kantinum.

Umsjónarmenn eru Einar Ragnar Sigurðsson og Höskuldur Björnsson.

Kynningarfundur: Fimmtud. 10. janúar kl. 20 í sal FÍ, Mörkinni 6. Verð: 38.800.

Fí Fótrár. Eitt fjall á mánuði

Þetta verkefni stendur yfir allt árið og er tilvalið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af fjallgöngum þar sem þessi hópur ræðst til uppgöngu á erfiðari og meira krefjandi fjöll. Þátttakendur þurfa því að vera í nokkuð góðu gönguformi. Farið er í 10 dagsferðir og eina helgarferð þannig að alls er gengið á að minnsta kosti 12 fjöll. Göngurnar verða heldur hraðari og meira krefjandi en í verkefninu Léttfeti.

Umsjónarmenn eru Einar Ragnar Sigurðsson og Höskuldur Björnsson.

Kynningarfundur: Fimmtud. 10. janúar kl. 20 í sal FÍ, Mörkinni 6. Verð: 38.800.

Fí Þrautseigur. Tvö fjöll á mánuði

Þeim sem vilja ganga meira og hittast oftar gefst kostur á að taka þátt í báðum verkefnum hér að ofan og ganga þá á að minnsta kosti 24 fjöll yfir árið í 20 dagsferðum og tveimur helgarferðum. Þátttakendur þurfa að vera í nokkuð góðu gönguformi því bæði er gengið á létt og krefjandi fjöll.

Umsjónarmenn eru Einar Ragnar Sigurðsson og Höskuldur Björnsson.

Kynningarfundur: Fimmtud. 10. janúar kl. 20 í sal FÍ, Mörkinni 6. Verð: 63.800.



Nýtt nestisbox á Laugaveginum!



Bjóðum alla göngugarpa velkomna í nýja litla nestisboxið okkar við Álftavatn á Laugaveginum.

Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð, kvöldverð, nestis-pakka og svalandi drykki á barnum. Opið daglega frá 7 til 23 allt sumarið á meðan skálar Ferðafélags Íslands eru opnir.

Allar nánari upplýsingar á www.volcanohuts.com/alftavatn

Útideildin



Þetta er verkefni fyrir útivistarfólk í meðalgóðu gönguformi sem vill hittast reglulega og stunda skemmtilega og fjölbreytta útivist á besta tíma ársins. Verkefnið hefst í apríl og endar í október. Megináhersla er á hefðbundnar göngur og ferðir um áhugaverðar ferðaslóðir og fjöll. Til að auka fjölbreytni er einnig farið í léttar ferðir á ferða- eða fjallahjólum og veitt leiðsögn og farið í æfingar í skíðagöngu í spori.

Umsjónarmenn eru Örvar Aðalsteinsson og Þóra Björk Hjartardóttir.

Kynningarfundur: Miðvikud. 27. mars kl. 20 í risi FÍ, Mörkinni 6. Verð: 55.800.

FÍ Landvættir

FÍ Landvættir er 10 mánaða æfingaverkefni sem byrjar síðla hausts og stendur fram í ágúst árið eftir. Takmarkið er að ljúka öllum fjórum þrautum Landvættanna, þ.e. 50 km skíðagöngu, 60 km fjallahjólreiðum, 2,5 km útisundi og 33 km fjallahlaupi. Þetta er æfingaverkefni fyrir þá sem vilja stunda líkamsrækt úti í náttúru Íslands, setja sér ögrandi markmið og komast í frábært líkamlegt form í þéttum, skemmtilegum og styðjandi félagskap.

Umsjónarmenn eru Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall.

Búið er að loka skráningu í verkefnið 2019. Kynningarfundur fyrir árið 2020 verður í október 2019.

FÍ Landkönnuðir

FÍ Landkönnuðir er lokaður hópur ævintýrafólks sem tekst á við margs konar áskoranir úti í náttúrunni. Meginmarkmið hópsins er að fylla lífið af ævintýrum, vera á iði og hafa gaman. Lögð er áhersla á fjölbreytt útíævintýri og góða fræðslu. Hópurinn hittist að meðaltali einu sinni í mánuði og stundar jöfnum höndum fjallahjólreiðar, vatnasund, fjallgöngur, kajakróður, klettaklifur, náttúruhlaup og fjallaskíði. Meðal verkefna eru vetrarferðalög á gönguskiðum og Vesturgötu-þríþrautin.

Umsjónarmenn eru Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall.

Búið er að loka skráningu í verkefnið 2019. Kynningarfundur fyrir árið 2020 verður í október 2019.

FÍ Gengið á góða spá

Opið útivistarverkefni sem snýst um þá meginhugmynd að stunda útivist og fjallgöngur í góðu veðri. Ferðirnar eru fjölbreyttar að umfangi, bæði fjallgöngur og annars konar útivist. Meðal nýbreytni árið 2019 eru gönguferðirnar Göngur og gödgæti, þar sem markmiðið er að njóta útivistar ásamt því að læra að útbúa girnilegar úti-máltíðir. Hverri ferð lýkur með því að þátttakendur elda og borða saman úti undir berum himni. Allar ferðir í verkefninu Gengið á góða spá eru farnar þangað sem mestar líkur eru á góðu gönguveðri og fjallaútsýni og auglýstar með stuttum fyrirvara eða 4-5 dögum fyrir hverja ferð. Best er að fylgjast með fésbókarhópnum FÍ Gengið á góða spá. Ferðirnar standa öllum opnar en nauðsynlegt er að skrá sig og greiða fyrir hverja ferð.

Umsjónarmaður er Ragnar Antoniussen.

Hundrað hæstu



Í Hundrað hæstu-verkefninu gengur fólk á öll hundrað hæstu fjöll Íslands og fær tinasöfnunina staðfesta, skráða og viðurkennda. Þetta er ekki lokaður hópur heldur einstaklingsverkefni hvers og eins. Þátttakan er ókeypis og öllum opin og ekki er skilyrði að vera félagi í Ferðafélagi Íslands. Hins vegar býður Ferðafélagið þeim sem það kjósa að koma með sér í 10 ára einstakt ferðalag sem lýkur með því að þeir sem taka þátt klára hundrað hæstu tinda Íslands sama ár og FÍ verður hundrað ára eða árið 2027. Allar ferðir á dagskrá FÍ, þar sem gengið er á tinda sem ná inn á hundrað hæstu-listann, fá nú sérstakan stimpil: Hundrað hæstu. Fólk getur að sjálfsgöðu klárað söfnunina á eigin vegum og tekið í það skemmri eða lengri tíma, en tímaramminn sem FÍ gefur sér er 10 ár.

N-1 Snjóflóðanámskeið

24. janúar, fimmtudagur, og 26. janúar, laugardagur

Leiðbeinandi: Auður Kjartansdóttir.

Kennt: Bóklegt 24. janúar kl. 18-21 í risi Fí, Mörkinni 6, og verklegt 26. janúar kl. 11 í Bláfjöllum.

Snjóflóðanámskeið þar sem farið er yfir öll lykilatriði varðandi vetrarfjallamennsku í brattlendi. Námskeiðið skiptist í bóklegan og verklegan hluta. Skoðað verður m.a. leiðaval, mat á snjóalögum og aðstæður sem hafa áhrif á snjóflóðahættu svo sem veðurfar til fjalla, vindátt, hitastig, nýfallinn snjór og fleira. Jafnframt verður farið yfir nauðsynlegan öryggisbúnað fyrir ferðamenn þegar ferðast er um svæði þar sem hætta er á snjóflóðum.

Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Kennsla og verkleg æfing.

N-2 GPS grunnnámskeið

29. janúar, þriðjudagur

Leiðbeinandi: Hilmar Már Aðalsteinsson.

Kennt: Kl. 19-22 í risi Fí, Mörkinni 6.

Kennd er almenn grunnnotkun á GPS-handtækjum. Þátttakendur geta mætt með eða án eigin GPS- tækja.

Í lok námskeiðs eru útiverkefni sem þátttakendur leysa í sameiningu.

Verð: 8.000/11.000. Innifalið: Kennsla og verkleg æfing.

N-3 GPS grunnnámskeið

12. febrúar, þriðjudagur

Leiðbeinandi: Hilmar Már Aðalsteinsson.

Kennt: Kl. 19-22 í risi Fí, Mörkinni 6.

Sjá að ofan.

N-4 Ferðamennska og rötun



15.-17. febrúar. 3 dagar

Leiðbeinandi: Einar Eysteinnsson.

Kennt: kl. 18:30-22 föstudag og 9-17 laugardag og sunnudag í risi Fí, Mörkinni 6.

Þátttakendur þurfa að koma með áttavita, reglustiku, skriffæri, GPS-tæki og reiknivél.

Langt helgarnámskeið þar sem kennd eru grunnatriði bæði í rötun og ferðamennsku. Á föstudag og laugardag er farið í rötun með það markmið að þátttakendur verði sjálfbjarga í notkun áttavita og korta ásamt því að öðlast grunnþekkingu á notkun GPS-tækja. Meðal annars er fjallað um kortalestur, mælikvarða, útreikning vegalengda, bauganet jarðar, áttavitastefnur og misvísun. Endað á krossaprófi. Á sunnudeginum er sjónum beint að ferðamennsku með það markmið að gera þátttakendur hæfari til að stunda útivist af öryggi við erfiðar aðstæður. Fjallað er um ferðahegðun, ofkælingarhættu, fatnað, ferða- og útivistarbúnað, mataræði, veðurfræði og snjóhúsa- og neyðarskýlagerð.

Verð: 18.000/21.000. Innifalið: Bók um ferðamennsku og rötun, kennsla og verklegar útiæfingar.

N-5 GPS framhaldsnámskeið

19. febrúar, þriðjudagur

Leiðbeinandi: Hilmar Már Aðalsteinsson.

Kennt: Kl. 19-22 í risi Fí, Mörkinni 6.

Kennd er notkun PC-forritsins Garmin BaseCamp. Hvernig senda á upplýsingar milli GPS-tækis og tölvu og hvernig GPS-gögn eru send/sótt með rafrænum hætti (í gegnum tölvupóst eða af netvafra). Mælt er með því að þátttakendur mæti með fartölvu, GPS-tæki og USB-snúru sem passar á milli.

Verð: 8.000/11.000. Innifalið: Kennsla og verkleg æfing.

N-6 GPS nördanámskeið**5. mars, þriðjudagur**

Leiðbeinandi: Hilmar Már Aðalsteinsson.

Kennt: Kl. 19-22 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Kennd er ítarlegri notkun PC-forrita fyrir vinnslu á ferlum/vegpunktum fyrir GPS-tæki. Gluggað í forritin Garmin BaseCamp, Ozi Explorer og Google Earth. Mælt er með því að þátttakendur hafi haldgóða þekkingu á forritinu Garmin BaseCamp eða hafi sótt GPS-framhaldsnámskeiðið 19. febrúar.

Verð: 8.000/11.000. Innifalið: Kennsla og verkleg æfing.

N-7 Fjallamennska**8.-10. mars. 3 dagar**

Leiðbeinandi: Ágúst Ingi Kjartansson.

Kennt: Kl. 19-22 föstudag og 9-17 laugardag og sunnudag í risi FÍ, Mörkinni 6.

Langt helgarnámskeið þar sem kennd eru grunnatriði í ferðalögum um fjalllendi að vetri til, hvernig á að bera sig að og nota ísöxi og brodda ásamt helstu snjótryggingum. Einnig er fjallað um helstu hættur, hvernig á að lesa landslag og vera meðvitaður um umhverfið. Námskeiðið hefst innandyra á bóklegum fyrirlestrum og æfingum áður en haldið er til fjalla í verklegar æfingar. Þátttakendur þurfa að koma með ísöxi, mannbrodda, klifurbelti, hjálm, skóflu, sigtöl, prússíkkjku og 2-3 læstar karabínur.

Verð: 38.000/41.000. Innifalið: Bók um fjallamennsku, kennsla og verklegar æfingar.

N-8 Skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum**7., 9. og 14. maí**

Leiðbeinendur: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Kennt: Kl. 18-22 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Námskeið fyrir göngufólk í skyndihjálp og viðbrögðum við óhöppum í óbyggðum. Eftir stutta upprifjun á grunnatriðum skyndihjálpar er lögð aðaláhersla á verklegar æfingar og raunhæf verkefni, fræðslu og frásagnir af slysum á Íslandi og þannig rædd og æfð viðbrögð við óhöppum. Námskeiðið endar á verklegri útiæfingu þar sem þátttakendur þurfa að fást við slasaða ferðamenn.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Kennsla og verklegar æfingar.

GÖNGU- OG GLEÐIVIKA FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Á fætur í Fjarðabyggð 22. - 29. júní 2019

Drífdú þig á fætur og taktu þátt í frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Ný fimm fjöll, göngugarpar, fjölskylduferðir, föruferðir, söguferðir, kvöldvökur, sjóræningjapartý, náttúruskóli fyrir yngstu börnin og margt fleira ævintýrlega skemmtilegt.

Nánar á visitfjardabyggd.is



FJARÐABYGGÐ

SUÐURLAND

SK-1 Eyjafjallajökull á fjallaskíðum**30. mars, laugardagur**

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson, Helgi Jóhannesson og Hilmar Már Aðalsteinsson.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið austur að Eyjafjallajökli og bílum lagt við Seljavallalaug. Þaðan er gengin Seljavallaleið upp á jökulinn, fyrst með skíðin á bakpokanum en síðan eru skinn sett undir skíðin. Gengið á Hámund og Guðnastein. Þaðan er skíðað niður að bílum aftur.

Verð: 23.000/26.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

VESTURLAND

SK-2 Ljósufjöll á fjallaskíðum**13. apríl, laugardagur**

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson, Helgi Jóhannesson og Hilmar Már Aðalsteinsson.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ljósufjöll eru með tilkomumestu en fáförnustu kennileitum Snæfellsness, sérstaklega að vetri til. Ekið að Borg og gengið á alla hæstu tinda Ljósufjalla; Grána, Bleik og Miðtind. Skíðað niður í norðurátt, að Drápuhlíðarfjalli. Rúta flytur hópinn í sund í Stykkishólmi og svo aftur í bíla að Borg. Þátttakendur þurfa að vera í góðu formi, vanir fjallaskíðum og svörtum brekkum. Broddar (undir skó og skíði), skíðahjálmur, göngubelti, ísöxi og snjóflóðabúnaður nauðsynlegur. 20 km. 8-10 klst. 1600 m hækkun.

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

SUÐURLAND

SK-3 Hvannadalshnúkur á fjallaskíðum I**11. maí, laugardagur**

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson, Helgi Jóhannesson og Hilmar Már Aðalsteinsson.

Mæting: Snemma að morgni 11. maí við Sandfell.

Fyrst er gengið upp í 700 m hæð með skíðin á bakinu og þaðan farið á skinnum upp að Línusteini og áfram upp svokallaða Dauðabrekku að brún öskjunnar í 1750 m hæð. Haldið er eftir hefðbundinni leið vestan megin öskjunnar að rötum Hvannadalshnúks og hann toppaður. Þeir sem treysta sér til, skíða niður tindinn og svo sömu leið niður að Sandfelli. Gisting á eigin vegum. Samráð verður haft við yfirvöld og almannavarnir og ferðin ekki farin ef hættuástand er yfirvofandi.

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

SUÐURLAND

SK-4 Hvannadalshnúkur á fjallaskíðum II**30. maí, fimmtudagur. Uppstigningardagur.**

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson, Helgi Jóhannesson og Hilmar Már Aðalsteinsson.

Mæting: Snemma að morgni 30. maí við Sandfell.

Sjá nánar að ofan.

SUÐURLAND

SK-5 Hekla á fjallaskíðum



15. júní, laugardagur

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Helgi Jóhannesson.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið um upphaf Dómadalsleiðar að Skjólkvíum við norðvesturhluta Heklu. Þaðan er farið á skinnnum upp á Heklutind þar sem meðal annars má finna rjúkandi gíga. Sama leið skíðuð niður að bílum. Samráð verður haft við yfirvöld og almannavarnir og ferðin ekki farin ef hættuástand er yfirvofandi.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

GÓÐ RÁÐ FYRIR FERÐAMENN

Vaðið yfir ár

Gæta þarf vel að því hvar vaðið er yfir ár. Á morgnana er alla jafna minna í ám en þegar líður á daginn. Best er að fara yfir á broti þar sem áin breiðir úr sér. Betra jafnvægi fæst með því að beygja hnén aðeins og snúa þeim lítið eitt upp í strauminn. Horfið ekki beint niður í vatnið. Gott er að nota göngustafi eða ferðafélaga til stuðnings og vera í línu ef áin er straumhórd. Best er að vaða í skóm og heillavænlegast að hafa sérstaka vaðskó með til að þurfa ekki að ganga í blautum skóm eftir að hafa vaðið ána.

Er þetta framtíðin?

Is this the future?



Flöskumóttaka
Endurvinnslan

Með sömu plastnotkun verður árið 2050 jafnmikið af plasti og fiski í hafnum. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar drykkjarumboðir skili sér í Flöskumóttökuna. Þannig hlýðir þú umhverfinu og færð greitt fyrir það.

With the same plastic consumption the amount of plastic in our oceans will be equal to the amount of fish by the year 2050. Help reverse this process and ensure your cans and bottles are returned to the Bottledeposit (Flöskumóttaka). That way you help the environment and make a little money while doing it.



VESTURLAND

D-1 Sólárupprás á Snæfellsjökli**12. janúar, laugardagur**

Fararstjórn: Ragnar Antoniussen.

Mæting: Kl. 4:30 aðfaranótt laugardags, undir Stapafelli, við veginn upp á Jökulháls. Skemmtileg fjallganga á kórónu Snæfellsness, Snæfellsjökul. Gengið er að nóttu, í myrkri með höfuðljós og staðið á tindinum við sólárupprás. Í fyrstu er vegslóðanum upp Jökulháls fylgt og svo er haldið upp á jökulinn meðfram gömlu skíðalyftunum, Þríhyrningum og þaðan að tindum jökulsins, Miðþúfu 1446 m, Vesturþúfu 1442 m og Norðurþúfu 1390 m. 12-19 km eftir því hversu langt verður hægt að aka. Jöklabúnaður nauðsynlegur og gott að vera með snjóþrúgur en ekki nauðsynlegt.

Verð: 12.000/15.000 Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á tvo af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

SUÐVESTURLAND

D-2 Borgarganga: Kleppsholt og Vatnagarðar**13. janúar, sunnudagur**

Fararstjórn: Pétur H. Ármannsson.

Brottför: Kl. 10:30 frá torginu framan við Laugarásbíó við Hrafnistu.

Í upphafi hvers árs blæs Ferðafélag Íslands til borgargöngu og að þessu sinni verður gengið um Kleppsholt og Vatnagarða. Á leiðinni verður fræðst um þróun byggðar á svæðinu, merk hús og sögustaði. Genginn verður tæplega 5 km hringur og endað á upphafsstað.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

SUÐVESTURLAND

D-3 Hundagönguferðir. Ekki fara í hundana!**27. mars, 3., 10. og 24. apríl, miðvikudagar**

Fararstjórn: Heiðrún Meldal, Auður Kjartansdóttir og hundarnir Bronco Meldal og Orri Pé.

Brottför: Kl. 18 frá upphafsstað hverrar göngu, sjá hér að neðan.

Komdu með hundinn í hundagöngur Ferðafélags hundanna! Boðið er upp á gönguferðir fyrir hundaeigendur. Þátttakendur mæti vel búnir og hundarnir í ól. 1½-2 klst.

27. mars. Mosfell. Mæting á bílastæði við Mosfellskirkju í Mosfellsdal.**3. apríl. Úlfarsfell.** Mæting á bílastæði Skógræktarinnar við Vesturlandsveg.**10. apríl. Helgafell í Mosfellsbæ.** Mæting á bílastæðið undir fjallinu, Mosfellsdalsmegin.**24. apríl. Grafarholt.** Mæting bak við Morgunblaðshúsið í Hádegismóm.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

VESTURLAND

D-4 Snæfellsjökull um páska**18. apríl, fimmtudagur**

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 7 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Gengið á Þúfurnar á Snæfellsjökli. 7-8 klst. á göngu og komið til baka til Reykjavíkur um kvöldið.

Jöklabúnaður er nauðsynlegur. Föstudagur og laugardagur til vara.

Undirbúningsfundur: Þriðjudaginn 16. apríl kl. 20 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á tvo af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

SUÐVESTURLAND

D-5 Á fjöll við fyrsta hanagal: Morgungöngur Fí

6.-10. maí

Fararstjórn: Auður Kjartansdóttir og Heiðrún Meldal.

Brottför: Kl. 6 frá upphafsstað hverrar göngu, sjá hér að neðan.

Morgunstund gefur gull í mund. Komdu sjálfum þér á óvart með göngu í morgunsárið og fylltu lungun af fjallalofti fyrir verkefni dagsins. Göngurnar taka 2-3 klst.

6. maí, mánud. **Helgafell ofan Hafnarfjarðar.** Gangan hefst við Kaldársel.

7. maí, þriðjud. **Mosfell.** Gangan hefst við bílastæðið við Mosfellskirkju í Mosfellsdal.

8. maí, miðvikud. **Úlfarsfell.** Gangan hefst við bílastæði Skógræktarinnar við Vesturlandsveg.

9. maí, fimmtud. **Helgafell í Mosfellsbæ.** Gangan hefst á bílastæði undir fjallinu, Mosfellsdalsmegin.

10. maí, föstud. **Esjan upp að Steini.** Gangan hefst við bílastæðið undir Esju.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

SUÐURLAND

D-6 Hrótsfjallstindar



11. maí, laugardagur

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá vegarslóða undir Hafrafelli við Svínafellsjökul.

Krefjandi fjallganga í stórbrotu umhverfi á Hrótsfjallstinda, 1875 m. Slóð Skaftafellsjökuls er fylgt, gengið upp Hafrafell og þaðan upp á jökul um Sveltiskarð. Reynt verður að toppa alla fjóra tindana eða að lágmarki tvo; Hátind, sem er hæstur og innstur séð frá Þjóðvegi, og Vesturtind. 23 km. 15-17 klst. á göngu. Jöklabúnaður er nauðsynlegur. Gisting á eigin vegum. Samráð er haft við yfirvöld og almannavarnir og ferðin ekki farin ef hættuástand er yfirvofandi.

Verð: 22.000/25.000. Innifalið: Fararstjórn.

I þessari ferð verður gengið á einn til þrjá af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

SUÐVESTURLAND

D-7 Örganga í Hafnarfirði: Friðlýst hraun og gamlar minjar



15. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá Víðistaðakirkju, Garðavegi.

Gengið um vestasta hluta Hafnarfjarðar sem er friðlýst svæði og kallast Hleinar. Gengið að Víðistaðakvosinni og fiskireitunum, yfir Hjallabraut og að gömlu upphlöðnu götunni sem lá að Langeyrarhúsum. Hraunið á þessum slóðum er friðlýst og margar fagar hraunmyndanir að sjá og frá mörgu að segja. Fjörúkampinum er svo fylgt út á Skerseyri og gamla Garðaveginum til baka.

SUÐURLAND

D-8 Fjöll í Suðursveit

18. maí, laugardagur

Fararstjórn: Ragnar Antoniussen.

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá eyðibýlinu Felli við Fellsá í Suðursveit.

Krefjandi og frekar löng fjallganga fyrir þá sem eru fyrir alvöru fjallaævintýri í stórbrotu umhverfi. Gengið er um svæði og á fjöll í Suðursveit sem fáir þekkja. Lagt af stað frá tjaldbúðum undir Fellsfjalli og gengið inn í Hvítingsdal fremri og á Fellsfjall 803 m, eftir fjallshrygg á Miðfellstind 1106 m, á Veðurárdalsegg 1000 m en þaðan sést inn í Innri-Veðurárdal þar sem hina dularfullu Mávatorfu er að finna. Endað er á að ganga

á Hvítingsdalstind 1112 m áður en haldið er niður að tjöldum við Fellsfjall. Allt að 24 km og 14-15 klst. á göngu. Jöklabúnaður nauðsynlegur. Gisting á eigin vegum.
Undirbúningsfundur: Mánudaginn 6. maí kl. 20 í risi FÍ, Mörkinni 6.
Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D-9 Örganga í Hafnarfirði: Horfin minni í miðbænum



22. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá Hafnarfjarðarkirkju, Strandgötu.

Genginn er hringur, fyrst að Læknum og samkomuhúsinu Gúttó, að gatnamótum Selvogsgötu og Suðurgötu yfir að St. Jósefsspítala í áttina að Flensborgarstíg og Íshúsi Hafnarfjarðar og Strandgötu til baka. Frá mörgu er að segja, svo sem gamla Sýslumannstúninu, rafstöðinni, Góðtemplarareglunni, einni merkustu þjóðleið suðvesturhornsins, klettinum Skiphamri og gömlu húsunum sem nú hýsa Fjöruna og Fjörukrána.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

SUÐVESTURLAND

D-10 Örganga í Hafnarfirði: Ástjörn og Ásfjall



29. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá íþróttahúsi Hauka, Ásvöllum.

Gengið að Ástjörn og rætt um tilurð hennar og lífríki, áður en haldið er að gamla bæjarstæði Ásbæjar. Að því búnu er gengið upp á Ásfjall þaðan sem útsýni er gott til allra átta þrátt fyrir að fjallið risi ekki hátt og sé mögulega lægsta fjall landsins, aðeins 127 m. Þar er gömul varða sem gegndi miklu hlutverki og hleðsla frá stríðsárunum. Að lokum er gengið niður um Ásfjallsöxl og Grísanes að bílum.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

SUÐURLAND

D-11 Hvannadalshnúkur



8. júní, laugardagur

Fararstjórn: Örlygur Steinn Sigurjónsson og Hjalti Björnsson.

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá bílastæðinu við Sandfell.

Árleg hvítasunnufærð FÍ á Hvannadalshnúk, 2110 m. Gengin er Sandfellsleið um Sandfellsheiði. Þessi fjallganga er verðug áskorun hverjum göngugarpi, enda löng, 12-15 klst., og hækkun um 2000 m. Jöklabúnaður er nauðsynlegur. Gisting á eigin vegum. Samráð er haft við yfirvöld og almannavarnir og ferðin ekki farin ef hættuástand er yfirvofandi.

Undirbúningsfundur: Mánudaginn 29. apríl kl. 20, risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 22.000/25.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

VESTURLAND

D-12 Hringur um Botnssúlur á sumarnóttu



14. júní, föstudagur

Fararstjórn: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Brottför: Kl. 18 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið í Botnsdal og gengið um nóttina á allar Botnssúlurnar. Farið upp á Vestur- og Norðursúlu og haldið austur með hlíðum ofan við Hvalvatn upp á Háusúlu. Þaðan í skarðið yfir í Súlnadal og Miðsúla klifin. Að lokum er Syðstásúla sigruð og gengið niður í Svartagil þar sem rútan bíður eftir göngumönnum. 24 km. 12-14 klst. Hækkun 1700 m. Ísöxi og jöklabroddar nauðsynlegur búnaður. Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

SUÐURLAND

D-13 Birnudalstindur

15. júní, laugardagur

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 6 að morgni á einkabílum frá Kálfafellsstaðarkirkju.

Krefjandi fjallganga í stórbotnu umhverfi á Birnudalstind, 1400 m. Þátttakendur koma austur og gista á eigin vegum á Hrollaugsstöðum eða Gerði. 24 km. 15-16 klst. á göngu. Jöklabúnaður nauðsynlegur.

Undirbúningsfundur: Mánudaginn 29. apríl kl. 21:30, risi Fí, Mörkinni 6.

Verð: 22.000/25.000. Innifalið: Fararstjórn.

SUÐURLAND

D-14 Lómagnúpur

15. júní, laugardagur

Fararstjórn: Ragnar Antoniussen.

Mæting: Kl. 11 að morgni á einkabílum að Selhólum undir Lómagnúpi.

Lómagnúpur, 764 m, er eitt hæsta standberg á Íslandi og gnæfir yfir vestanverðum Skeiðarársandi.

Gengið er á fjallið vestan megin, um Aurá og Skorur, upp bratta hjalla og brekkur og upp klett með keðju, meðfram Fjaðrárdalshnúki og fram á hamarinn sem gnæfir yfir sandinum. 22 km. 10-12 klst.

Verð: 9.000/12.000. Innifalið: Fararstjórn.

VESTURLAND

D-15 Leggjjarbrjótur: Forn þjóðleið

17. júní, mánudagur

Fararstjórn: Steinunn Leifsdóttir.

Brottför: Kl. 10 með rútu frá skrifstofu Fí, Mörkinni 6.

Gengin forn þjóðleið frá Svartagili í Þingvallasveit, inn eftir Öxarárdal, yfir Leggjjarbrjót og niður að Stóra-Botni í Botnsdal í Hvalfirði. Þetta er hefðbundin þjóðhátíðarganga Ferðafélagsins á þessar slóðir sem nú er farin í sautjándra skiptið. 5-6 klst.

Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D-16 Árbókarganga: Gamli Þingvallavegurinn

29. júní, laugardagur

Fararstjórn: Margrét Sveinbjörnsdóttir, Bjarki Bjarnason og Jón Svanþórsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu Fí, Mörkinni 6.

Gamli Þingvallavegurinn, sem upphaflega var reyndar nefndur Nýi Þingvallavegurinn, var lagður seint á 19. öld yfir endilanga Mosfellsheiði, frá Geithálsi og austur að Almagnagjá. Þessi vegur var geysimikið mannvirki á sinni tíð og markaði tímamót í samgöngusögu heiðarinnar. Eftir að önnur þjóðbraut var lögð yfir norðanverða heiðina til Þingvalla um 1930 var þessi leið aflögð. Ekið í rútu í Djúpadal og gengið þaðan yfir heiðina, alla leið í Vilborgarkeldu þar sem rútan bíður göngumanna. Á leiðinni verður áð við



rústir sæluhúss sem var hlaðið úr tilhöggnu grágryti en má nú muna fífil sinn fegurri. Hér fer enginn villur vegar, leiðin er greið og um 100 vörður á leiðinni. 21 km. 8-10 klst.
Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

D-17 Upplifðu Kerlingarfjöll og Hveravelli: Eldri og heldri ferð **NÝTT**

4. júlí, fimmtudagur

Fararstjórn: Pétur Magnússon og Ingimar Einarsson.

Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Hversu langt er síðan þú fórst Kjalveg, heimsóttir Kerlingarfjöll og Hveravelli og upplifðir töfra þessara sögufrægu svæða? Þessi ferð er sérstaklega hugsuð fyrir eldri og heldri borgara en allir eru velkomnir. Töluverð uppbygging hefur átt sér stað á báðum þessum svæðum á undanförunum árum svo gaman er að sjá hvernig þarna er umhofs núna og hvað hefur breyst. Einnig tilvalið fyrir þá sem aldrei hafa komið á þessa staði. Létt ganga fyrir þá sem það vilja en ferðin ræðst töluvert af veðri og vindum. Harmonikka er með í för og sungið og sagðar sögur enda af nógu að taka. Ef tími vinnst til verður skálinn í Hvítárnesi heimsóttur og draugasögur honum tengdar rifjaðar upp. Aðalatriðið er að njóta lífsins og að eiga góða og skemmtilega stund saman.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Rúta, hádegismatur, kaffisopi og fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D-18 Árbókarganga: Sköflungsvegur **NÝTT**

6. júlí, laugardagur

Fararstjórn: Margrét Sveinbjörnsdóttir, Bjarki Bjarnason og Jón Svanþórsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Sköflungsvegur liggur frá Draugatjörn við Húsmúla norður með hlíðum Hengils og Sköflungs og endar í Vilborgarkeldu, skammt frá Þingvallavegi. Margt merkilegt ber fyrir augu á leiðinni, meðal annars sæluhústöft við Draugatjörn, hlaðna garða frá tímum búskapar á Kolviðarhóli og kynjamyndir úr sorfnu móbergi undir Hengli. Örskammt frá leiðinni er Marardalur, einstakt náttúrufyrirbæri, og útsýni af Sköflungnum til beggja átta er óviðjafnanlegt. Ekið er að Draugatjörn og gengið þaðan að Vilborgarkeldu þar sem ferðalangar eru sóttir. 23 km. 8-10 klst.

Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D-19 Árbókarganga: Nesselshringur **NÝTT**

10. júlí, miðvikudagur

Fararstjórn: Margrét Sveinbjörnsdóttir, Bjarki Bjarnason og Jón Svanþórsson.

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Nesselshringurinn er stutt og þægileg ganga við allra hæfi og forvitnileg fyrir þá sem hafa áhuga á seljabúskap fyrri tíma. Ekið er í halarófu í Seljadal, skammt frá Hafravatni í Mosfellsbæ. Þaðan er gengið í austurátt og svo niður með Höfuðborgargirðingunni, yfir á Seljadalsleið, þar sem stefnt er á milli tveggja hóla, Kambhóls og Hesthóls. Þar blasir Seljadalur við og framundan er Kambsrétt og hellulagður vegur á kafla. Haldið er yfir trébrú á Nesselsá og áfram í grösugan hvamm þar sem sjá má tóftir Nessels. Þaðan er svo gengið aftur í bíla. 4,5 km. 2-3 klst.

Verð: 6.000/9.000. Innifalið: Fararstjórn.

ÞEGAR ÖRYGGIÐ ÞARF AÐ VERA Í LAGI!

Útivistarfolk, hafið öryggið í huga og notið vörur frá viðurkenndum framleiðendum. Talstöðvar, gönguljós, leitarljós, öryggisljós, vindhraðamælar o.fl.

Þjóðum sérstakan afslátt til gönguhópa og skyldra aðila.



...VIÐ MÆLUM MED ÞVÍ [BESTA](#)

VESTURLAND

D-20 Söguferð um lykilstaði Laxdælu: Eldri og heldri ferð

NÝTT

17. júlí, miðvikudagur

Fararstjórn: Einar Kárasón og Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Söguferð um sögustaði við Breiðafjörð og í Dölum vestur, þar sem Sturlungar voru upprunnir. Þar um slóðir gerast líka, að mestu eða einhverju leyti, sumar af frægustu Íslendingasögnum, eins og Laxdæla, Eyrbyggja, Grettissaga og Njála. Stoppað verður á slóðum lykilatburða og mikilvægra persóna og eftirminnilegir atburðir rifjaðir upp. Lítið gengið og hentar vel eldri og heldri félögum.

Verð: 20.000/23.000. Innifalið: Rúta, hádegismatur, aðgangur að Helgafelli og Eiríksstöðum og fararstjórn.

SUÐURLAND

D-21 Upptök Rauðufossakvísar

NÝTT

21. júlí, sunnudagur

Fararstjórn: Hávar Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 8 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Rauðufossakvísl að Fjallabaki er einstætt náttúruvætti sem sprettur upp úr auga í jörðinni, kristaltær og spegilgljáandi og rennur svo í hárauðum farvegi, fossum og flúðum. Sameinast er í bíla og ekið upp á Landmannaleið hvaðan gengið er að Rauðafossi í Rauðufossakvísl og svo áfram að upptökum árinna. Þaðan er haldið upp á nærliggjandi háls í 1000 metra hæð þar sem gefst einstakt útsýni til allra átta með jökla- og fjallasýn og drottninguna Heklu ekki langt undan. Gengið undan brekkum í lituðum ljósum Hekluvíkri, fagurgrænum mosa og bleksvartri gjósku aftur í bíla. 6 klst.

Verð: 9.000/12.000. Innifalið: Fararstjórn.

HÁLENDIÐ

D-22 Jarlhettuslóðir

10. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Ólafur Örn Haraldsson.

Brottför: Kl. 6 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið er inn á Bláfellsháls og að Skálpanesi þar sem gangan hefst. Gengið er með Jarlhettum um ósnortnar óbyggðir og milli Jarlhettna og jökuls þar sem öræfakýrrðin ríkir og marglit jökulvötn liggja í leyni.

Genginn er síðasti spölurinn vestan við Jarlhettur að skála FÍ við Hagavatn þar sem rútan bíður hópsins. Á leiðinni geta þeir sem það vilja gengið á Stóru-Jarlhettu, 943 m. Ýmist er gengið á grýttu landi eða auðum melum. Um 21 km. Nauðsynlegt er að bera vatn með sér. Gott er að hafa vaðskór.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

VESTURLAND

D-23 Yfir Snæfellsnes um Ljósufjöll

17. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Ragnar Antoniussen.

Brottför: Kl. 7 að morgni á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Skemmtileg ganga frá Kleifárvöllum, sunnan megin á Snæfellsnesi, um Ljósufjöll, niður í Soldeyjardal og endað við Álftafjörð norðan megin þar sem rúta bíður. Í Soldeyjardal varð mannskætt flugslys 5. apríl árið 1986. Í boði er að fara á Miðtind, hæsta tind Ljósufjalla, 1.063 m, Bleik, Grána og Botna-Skyrtunnu, 988 m. Gott útsýni til allra átta, yfir Faxaflóa og Breiðafjörð. 18 km. 9-10 klst. á göngu.

Verð: 13.000/16.000. Innifalið: Rúta frá Álftafirði til baka að bílum og fararstjórn.

SUÐURLAND

D-24 Upplifðu Þórsmörkina. Eldri og heldri ferð

22. ágúst, fimmtudagur

Fararstjórn: Pétur Magnússon og Ingimar Einarsson.

Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Hversu langt er síðan þú komst inn í Þórsmörk og upplifðir töfra svæðisins? Þessi ferð er sérstaklega hugsuð fyrir eldri og heldri borgara en allir eru velkomnir. Við heimsækjum Þórsmörk og kynnumst þeim þremur ferðamannasvæðum sem þar eru. Byrjað er á að skoða uppbygginguna í Húsadal þar sem snæddur er hádegisverður. Að því búnu er Langidalur skoðaður og loks er svæðið í Básum kannað, áður en haldið er heim á leið. Lítt ganga á milli svæðanna fyrir þá sem vilja. Harmonikka er með í för og sungið og sagðar sögur; sumar nýjar en aðrar gamlar; sumar sannar en aðrar ekki alveg. Aðalatriðið er að eiga góða og skemmtilega stund saman í Mörkinni.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Rúta, hádegismatur, kaffisopi og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

D-25 Sögustund í Hvítárnesskála á Kili: Eldri og heldri ferð

31. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Ingólfur Eldjárn og Hjörleifur Stefánsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fræðsluferð í Hvítárnes á Kili þar sem elsti fjallaskáli FÍ stendur, byggður árið 1930. Skálanum hefur verið gert nokkuð til góða síðustu misserin og eru fararstjórar báðir áhugamenn um uppbyggingu skálans og staðarins. Fjallað verður um óbyggðahús, forna byggingarhefð, varðveislu gamalla bygginga almennt og sérstaklega um endurbæturnar sem verið er að gera á þessum fornfræga skála. Ekki verður hjá því komist að tæpa lauslega á stöðu draugamála í skálanum! Ferðin tekur um 8 klst. og er heppileg fyrir eldri og heldri borgara þar sem lítið er gengið.

Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

VESTURLAND

D-26 Umhverfis Hvalfell

NÝTT

1. september, sunnudagur

Fararstjórn: Hávar Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Hvalfell rís úr botni Hvalfjarðar með fjallarísana Botnssúlur í næsta nágrenni. Lagt er upp frá bílastæðinu í Botnsdal og gengið upp með Hvalskarðsá sem á upptök í hliðum Botnssúlna og fellur í fallegum flúðum og fossum sunnan undir Hvalfelli. Gengið er að Hvalvatni og meðfram því undir austanverðu Hvalfelli sem liggur í bröttum skriðum niður að hyldjúpu vatninu. Gæta þarf varúðar við að stikla á stórgryti í fjöruborðinu. Komið við í Arnesarhelli, en þar segir sagan að útilegumaðurinn Arnes hafi hafst við. Vaða þarf Botnsána þar sem hún breiðir úr sér neðan við útfallið úr Hvalvatninu og svo er gengið niður með henni norðanverðri. Þar gefst kostur á að virða fossinn Glym fyrir sér þar sem hann fellur niður þverhniptu 200 metra. Síðasta spölinn í bílana er gengið niður nokkuð brattan moldarstíg sem þræðir sig í gegnum birkikjarr. Vaðskór nauðsynlegir. 6 klst.

Verð: 6.000/9.000. Innifalið: Fararstjórn.

VESTURLAND

D-27 Sildarmannagötur: Forn þjóðleið **7. september, laugardagur**

Fararstjórn: Ólöf Sigurðardóttir

Brottför: Kl. 10 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Gengin er forn þjóðleið upp úr botni Hvalfjarðar yfir Botnsheiði að Fitjum í Skorradal. 5-6 klst.

Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

VESTURLAND

D-28 Í fötspor Konrads Maurers um Stykkishólm og Helgafellssveit **NÝTT****8. september, sunnudagur**

Fararstjórn: Sigurjón Pétursson og Jóhann J. Ólafsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið í Stykkishólm þar sem gamla kirkjan, Eldfjallasafnið, Norska húsið og fleira er skoðað. Eftir hádegisverð er haldið að Helgafelli og síðan um Berserkjahraun í Bjarnarhöfn til að skoða kirkjuna þar.

Ekið inn Skógarströnd með viðkomu á Narfeyri í Álftafirði og á Breiðabólstað á Skógarströnd.

Verð: 28.000/31.000. Innifalið: Rúta, hádegisverður, eftirmiðdagskaffi, ferðabæklingur, aðgangseyrir og fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D-29 Borgarganga: Á milli vita **NÝTT****5. október, laugardagur**

Fararstjórn: Pétur H. Ármannsson.

Brottför: Kl. 10:30 frá Vitatorgi, Vitastíg 5.

Árleg haustganga Ferðafélags Íslands um höfuðborgarsvæðið er að þessu sinni tileinkuð vitasögu Reykjavíkur. Gengið verður frá Vitatorgi að Sjómannaskólanum á Rauðarárholti. Þaðan er haldið að nýja vitanum við Höfða og meðfram norðurströndinni allt að Ingólfsgarði. Genginn verður tæplega 6 km hringur og endað á upphafsstað.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Á Hofshöfða, yst á Flateyjardal
Ljósmynd: Ólafur Már Björnsson



GARMIN®

ÁST OKKAR Á NÁTTÚRUNNI
HELDUR OKKUR GANGANDI.

GARMIN GPS OG inREACH
SAMSKIPTATÆKNIN
SKILAR OKKUR HEIM.



FENIX 5PLUS
FJÓLHÆFT SPORT- OG
ÚTIVISTARÚR MEÐ KORTI

INREACH MINI
GERVIHNATTA NEYBARSENDIR
OG SAMSKIPTATÆKI

GPSMAP 66S
NÝTT OG SPENNANDI ÚTIVISTARTÆKI
MEÐ STÓRUM SKJÁ


GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFÍ 2, 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 577 6000 | GARMIN.IS

NORÐURLAND

H-1 Náðarstund fyrir norðan: Í fótspor Agnesar Magnúsdóttur

26.-28. apríl. 3 dagar

Fararstjórn: Sigrún Valbergadóttir.

Brottför: Kl. 9 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Með bókina Náðarstund eftir Hannah Kent í farteskinu er ekið um þær slóðir þar sem Agnes Magnúsdóttir dvaldi, ýmist sem vinnuhjú eða fangi, á meðan hún beið aftöku sinnar. Við skoðum söguviðið í Langadal, Vatnsdal, Vesturhópi og á Vatnsnesi. Ferðumst tvær aldir aftur í tímann og setjum okkur í spor þeirra sem lifðu þessa atburði. Gist í uppþúnum rúmum að Brekkulæk í Miðfirði.

1.d., föstud. Ekið að Brekkulæk í Miðfirði þar sem hádegishressing biður hópsins. Ekið um söguslóðir í Langadal og Vatnsdal. Kvöldverður og sögustund að Brekkulæk.

2.d. Ekið að Illugastöðum á Vatnsnesi þar sem Natan Ketilsson bjó. Hluti af smíðu hans stendur þar enn uppi. Hádegishressing á leiðinni. Þaðan ekið í Katadal og að Tjarnarkirkju þar sem jarðneskum leifum Agnesar var komið fyrir. Einnig stoppað við kirkjuna á Breiðabólstað og hjá Stóru-Borg í Vesturhópi. Sund á Hvammstanga. Kvöldverður og kvöldvaka að Brekkulæk.

3.d. Ekinn hringur um Miðfjörð og farið að Efra-Núpi í Núpsdal þar sem leiði Skáld-Rósu er. Einnig komið við á Bjargi. Á leiðinni til Reykjavíkur er komið við í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Verð: 60.000/65.000. Innifalið: Rúta, gisting, 2 x morgunmat, 2 x hádegishressing og 2 x kvöldverður, sund og fararstjórn.

SUÐURLAND

H-2 Vinnuhelgi í Þórmörk

17.-19. maí. 3 dagar

Fararstjórn: Halldór Hafdal Halldórsson.

Brottför: Kl. 18 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Komdu og dveldu frítt í Þórmörk yfir helgi í skemmtilegri þriggja daga vinnuferð. Þátttakendur fá fría rútuferð fram og til baka í Þórmörk, fría gistingu í Skagfjörðsskála í Langadal og ókeypis grillveislu lokadaginn áður en haldið er heim á leið. Unnið verður í 4-6 klst. á dag við alls konar viðhald í og við skálann. Helgin snýst þó ekki bara um vinnu því það verður líka boðið upp á gönguferðir um nágrennið og skemmtilegar kvöldvökur. Þátttakendur taka með sér vinnugleði og gott skap, föt, svefnpoka og mat fyrir dvölina, fyrir utan sunnudagskvöldið þegar verður grillað.

Ókeypis og allir velkomnir en nauðsynlegt að skrá sig. Innifalið: Rúta, gisting, grillveisla og fararstjórn.

STRANDIR

H-3 Hvítasunna á Ströndum: Göngu- og vinnuferð

7.-10. júní. 4 dagar

Fararstjórn: Halldór Hafdal Halldórsson og Reynir Traustason.

Mæting: Fyrir kl. 18, föstudaginn 7. júní á einkabílum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði.

Komdu í skemmtilega fjögurra daga vinnu- og gönguferð í Norðurfjörð á Ströndum yfir hvítasunnuhelgina. Þátttakendur mæta á eigin bílum í Norðurfjörð, gista frítt að Valgeirsstöðum og fá ókeypis grillveislu á hvítasunnudag. Unnið verður við umhirdu hússins og málað að utan ef veður leyfir, tjaldstæðið snyrt og gert við girðingar. Helgin snýst þó ekki bara um vinnu því líka er boðið upp á gönguferðir um nágrennið, m.a. á Urðartind og Glissu, sjósund og skemmtilegar kvöldvökur. Þátttakendur taka með sér vinnugleði og gott skap, föt, svefnpoka og mat fyrir dvölina fyrir utan sunnudagskvöldið þegar verður grillað.

Ókeypis og allir velkomnir en nauðsynlegt að skrá sig. Innifalið: Gisting, grillveisla og fararstjórn.



SUÐURLAND

H-4 Um Kónsveg frá Þingvöllum að Úthlíð

29.-30. júní. 2 dagar

Fararstjórn: Ólafur Örn Haraldsson.

Mæting: Kl. 10 á einkabílum að Vatnskoti við Þingvallavatn.

Genginn er fegursti hluti Kónsvegarins sem lagður var fyrir konungskomuna 1907. Fræðst um sögu Kónsvegarins og áhrif konungsheimsóknarinnar á fullveldi Íslands. Fræðst um náttúrusögu Þingvalla og Laugarvatns. Leitast við að njóta afurða sveitanna bæði í mat og drykk. Gist er í eina nótt í uppbúnum rúmum á gistiheimilinu við Dalbraut á Laugarvatni.

1.d., laugard. Gengið á bökkum Þingvallavatns frá Vatnskoti, í Vatnsvík að Vellankötlu, yfir Hrafnagjá að Gjábakka og Kónsveginum fylgt eftir gamla Gjábakkavegi áleiðis að afleggjaranum að Bragabót við Tintron. Þaðan flytur rúta hópinn að Laugarvatnsvöllum og frægum búsetuhellum sem hafa verið innréttaðir í upprunalegum búningi. Fróðleikur um sögu og náttúru. Rúta flytur fólkið aftur að Vatnskoti til að ná í bíla. Ekið að Laugarvatni þar sem hópurinn grefur upp glóðheitt hverabrauð og borðar með reyktum silungi frá Útey og viðeigandi drykkjum. Aðgangur að gufubaðinu Fontana. Sameiginlegur kvöldverður í veitingahúsinu Lindinni. 10 km.

2.d. Ekið á einkabílum að Úthlíð þar sem bílarnir eru skildir eftir en rúta keyrir hópinn aftur í Laugardal þar sem gangan hefst eftir Kónsveginum. Gengið að Efstadal og borðað á óvenjulegum veitingastað sem tengdur er fjósi og hlöðu. Kónsveginum fylgt áfram í gegnum skóginn að frægum Brúarfossi þar sem farið er yfir Brúará og þaðan að Úthlíð þar sem ferð lýkur. 16 km.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Rúta, gisting, smakk á afurðum sveitarinnar, gufubað í Fontana, kvöldverður í Lindinni, hádegisverður í Efstadal og fararstjórn.

NORÐURLAND

H-5 Með veiðistöng í farangrinum

5.-7. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Hávar Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Göngu- og veiðiferð á vestanverðum Skaga sem er fáfarið og lítt þekkt svæði á mörkum Skagafjarðar og Austur-Húnavatnssýslu. Þetta svæði er ríkt af sögnum og þar þreift fjölbreytt mannlíf fram á 20. öld en hefur nú að mestu lagst í eyði. Fjölmargar sagnir af bjarnýrum sem gengið hafa á land, voveiflegum dauðsföllum og reimleikum, álagablettum, huldufólki, draugum, skrímslum og tröllum tengjast þessu svæði. Gist í tjöldum í tvær nætur. Fremur stuttar dagleiðir, gengið á tvö fjöll og veitt í tveimur vötnum þar sem hópurinn freistar þess að veiða í matinn. Vaðskór nauðsynlegir því talsvert þarf að vaða af litlum ám og lækjum. Göngulandið er ýmist grýtt eða grasi vaxið, mýrlendi og flóar.

1.d, föstud. Sameinast í bíla og ekið á Skagaströnd þar sem gangan hefst með því að gengið er á Spákonufell og þaðan að Hraunvatni þar sem er tjaldað. 15 km.

2.d. Gengið að Langavatni og tjaldað. 13 km.

3.d. Gengið á Steinýrjarstaðafjall og þaðan til baka í bíla. 15 km

Verð: 18.000/23.000. Innifalið: Veiðileyfi og fararstjórn.

AUSTURLAND

Sæludagar í Lónsöræfum með Ferðafélagi Austur-Skaftfellinga

5.-7. júlí. 3 dagar

1.d., föstud. Lagt af stað frá Smiðjunesi kl. 7. Ekið að Illakambi og gengið þaðan niður í Múlaskála. Fólk kemur sér fyrir í skálanum og svo er gengið um Viðibrekksker. 6-7 klst. Hækkun 680 m.

2.d. Gengið inn að Tröllakrókum um Leiðartungur. 7 klst. Hækkun 750 m.

DEILDARFERÐ

3.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubrá við Eskifell og þaðan að Smiðjunesi. Á leiðinni þarf að vaða Hnappadal. 8 klst. Hækkun 800 m. Sjá nánar um ferð og bókun bls. 75.

VESTURLAND

H-6 Fjölskylduganga um Vatnaleiðina

NÝTT

19.-21. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Hanna Gréta Pálsdóttir og Aron Freyr Stefánsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fjölskylduganga um Vatnaleiðina fögru. Gengið er frá Hlíðarvatni að Hreðavatni. Þægileg ganga sem er tilvalin fyrir unga göngugarpa. Gönguhraði miðast við hópinn og lögð er mikil áhersla á að njóta og vera saman. Gengið er með allt á bakinu og gist tvær nætur í skála. Vaðskór nauðsynlegir.

1.d., föstud. Ekið að Hlíðarvatni í Hnappadal þar sem gangan hefst um kl 13. Gengið austur með Hlíðarvatni og upp í Hellisdal í Hellisskarð. Gengið er um Klifsdal og komið við á Rögnamúla til að skoða útsýnið, ef tími leyfir. Gist í skálanum við Hítarvatn.

2.d. Gengið er eftir veginum inn með Hólminum og upp Þórarinsdal, niður í Langavatnsdal, yfir Langavatnsdalsá og meðfram Langavatni að Torfhvalastöðum þar sem gist er í skála.

3.d. Gengið suður fyrir Beyl á eftir Beylárheiði að Vikrafelli. Þaðan haldið niður að Hreðavatni og gengið meðfram því að Bifröst þaðan sem farið er í rútu heim. Stoppað í Borgarnesi.

Verð: 50.000/55.000. Innifalið: Rúta, gisting, og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

H-7 Fögrufjöll: Báðum megin

NÝTT

26.-28. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Bragi Hannibalsson og Sigríður Lóa Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 10 frá rótum Sveinstinds.

Þriggja daga gönguferð um stórbrotna náttúru þar sem gist verður í tjöldum. Fögrufjöll eru um 18 km langur fjallgarður sem gengur í norðaustur frá Sveinstindi langleiðina að Vatnajökli. Nálægt norðurenda hans er djúpt skarð og rennur áin Útfall um það frá Langasjó austur í Skaftá. Meðfram Fögrufjöllum er hinn rómaði Langisjór, um 20 km langt stöðuvatn með fallegum vikum og lónum, en Skaftá rennur niður með þeim. Þátttakendur koma á eigin vegum að Sveinstindi við Langasjó tímanlega fyrir upphaf göngunnar. Aðeins fært jepplingum eða öflugri bílum.

1.d., föstud. Gengið með viðlegubúnað inn eftir Fögrufjöllum meðfram Fagralóni og fleiri vötnum og með Fagraríði þar sem eyjan Ást liggur í leyni. Haldið austur yfir fjallshrygginn og komið niður í Grasver þar sem tjaldað er til tveggja nátta í um 600 m hæð yfir sjó. Um 17 km.

2.d. Gengið með léttan poka (dagsnesti og aukaföt) norður að Útfalli. Áin vaðin og gengið á NV enda Fögrufjalla og síðan niður með Skaftá í náttstað. Um 10 km.

3.d. Gengið niður með Skaftá og farið vestur yfir fjöllin að Fagralóni og aftur að bílum. Um 17 km.

Verð: 15.000/20.000. Innifalið: Fararstjórn.

HÁLENDIÐ

H-8 Græni hryggur og Hattver: Litadýrð að Fjallabaki

26.-28. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Örvar Þór Ólafsson.

Brottför: Kl. 12 frá Landmannalaugum.

Fyrir botni Jökulgils í Friðlandi að Fjallabaki er ósnortinn ævintýraheimur og sannkölluð öræfakýrrð. Gist er í tjöldum í Hattveri innan um litadýrðina, jökulárnar og jarðhitann. Svæðið er afar fáfarið og hefur verið

hulið flestum ferðamönnum. Vaða þarf jökulár og ganga eftir bröttum hryggjum. Bera þarf allan farangur á bakinu fyrsta og síðasta daginn. Krefjandi en heillandi öræfaferð. Áhugasömum er bent á árbók FÍ árið 2010 eftir Ólaf Örn Haraldsson sem fjallar ítarlega um svæðið.

1.d., föstud. Þátttakendur koma á eigin vegum í Landmannalaugar en þaðan er svo gengið um Brennisteinsöldu og upp að Stórahver. Stefnan tekin ofan í Jökulgil um fjárgötur á barmi hrikalegra og litríkra Hamragilja. Tjaldað á eyrinni í Hattveri, utan gróðurs. 6-7 klst.

2.d. Gengið að norðurjaðri Torfajökuls og haldið niður með Sveinsgili. Náttúruundur Græna hryggjar skoðað. Vaðið yfir Jökulgisilskvísl við furðumyndir Prengsla og aftur heim í náttstað. 6-7 klst.

3.d. Tjöldin tekin upp og gengið upp örmjóan Uppgönguhrygg á Skalla, eitt besta útsýnisfjall að Fjallabaki. Gengið eftir Laugabarmi og komið í Landmannalaugar síðdegis. 5-6 klst.

Verð: 25.000/30.000. Innifalið: Fararstjórn.

HÁLENDIÐ

H-9 Fossaganga

3.-5. ágúst. 3 dagar

Fararstjórn: Sigbrúður Jónsdóttir og Björg Eva Erlendsdóttir.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Skoðaðar náttúruperlur í Þjórsárdal og í óbyggðum á Gnúpverjaafrétti, stórfossar í Þjórsá og þverám hennar. Fagurt svæði sem er fáum kunnugt.

1.d., laugard. Ekið að Stöng í Þjórsárdal og gengið að Gjánni og síðan á Stangarfell og inn Fossárdal að Háafossi. Komið að fossinum þar sem hann steypist fram af 122 m brún. Um 12 km og nokkuð bratt á köflum. Gisting og kvöldmaturl í Hólaskógi.

2.d. Ekið að Bjarnarlækjarbotnum á Gnúpverjaafrétti og gengið að Kjálkaversfossi í Þjórsá. Farið um Loðnaver að Dalsá og upp með henni. Um 14 km. Gist í fábrotnum skála í Gljúfurleit. Kvöldmaturl.

3.d. Ekið að Kóngsási og gengið að fossinum Dynk, þaðan niður með Þjórsá um Niðurgöngugil, Ófærutanga að Gljúfurleitarfossi og að síðustu gengið upp með Geldingaa þar sem rútan bíður göngumanna. Um 13 km, brött gil og vaða þarf tvær ár. Áætluð koma til Reykjavíkur kl. 20.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Gisting, tvær kvöldmáltíðir, rúta og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

H-10 Kerlingarfjöll: „Einhvern tíma alla toppa klíf ég“



30. ágúst-1. september. 3 dagar

Fararstjórn: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Brottför: Kl. 18 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fjallgöngur um frábært svæði þar sem fjöll, jöklar og hverasvæði verða á vegi okkar. Stórkostlegt útsýni yfir miðhálandi Íslands og krefjandi verkefni fyrir vana göngumenn. Fyrst er gengið um vestari hluta Kerlingarfjalla og síðan um eystri fjöllin. Ísöxi og jöklabroddar nauðsynlegur búnaður.

1.d., föstud. Ekið í Kerlingarfjöll. Gist í gamla FÍ-skálanum í Árskarði.

2.d. Ekið upp að neðri Hveradölum og gengið að Vesturfjöllin: Mæni, Ögmund, Hött og Röðul. Gengið um Hverabotn til baka í Hveradali. 17 km. Hækkun 1400 m. Kvöldvaka í skálanum um kvöldið.

3.d. Ekið upp í Keis og nú gengið að Austurfjöllin: Fannborg, Hverahnúk, Snækoll, Snót og Loðmund. Styðjast þarf við öryggislinu upp brattan hjalla efst í Loðmundi. Haldið er til baka um Jökulkinn í bíla. 13 km. Hækkun 1100 m. Ekið um kvöldið til Reykjavíkur.

Verð: 34.000/39.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á fimm af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

H-11 Óvissuferð: Eldri og heldri ferð **NÝTT****31. ágúst.-1. september. 2 dagar**

Fararstjórn: Sigurður Kristjánsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið út í óvissuna. Að venju veit enginn hvert leiðin liggur nema fararstjórinn.

Verð 31.000/36.000. Innifalið: Rúta, gisting, kvöldmat, morgunmat og fararstjórn.

NORÐURLAND**H-12 Fjalllendið milli Húnaþings og Skagafjarðar** **NÝTT****14.-16. september. 3 dagar**

Fararstjórn: Höskuldur Björnsson.

Brottför: Kl. 12 á einkabílum frá tjaldstæðinu á Blönduósi.

Hringganga um hálendið milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslna sem er áhugavert göngusvæði og frekar fáfarið. Um svæðið liggja gamlar þjóðleiðir sem voru bæði farnar fótgangandi og á hestum.

Fjalllendið markast nokkuð af tveimur grösugum dölum, Laxárdal fremri og Viðidal, en á milli þeirra liggja Laxárdalsfjöllin sem eru há og hrikaleg. Gengið er með allt á bakinu og gíst í skálum í tvær nætur. Góðir gönguskór og vaðskór nauðsynlegir.

1.d. laugard. Ekið að eyðibýlinu Strjúgsstöðum í Langadal þar sem gangan hefst. Gengið er yfir Strjúgsskarð í Laxárdal og þaðan yfir Litla-Vatnsskarð að Þúfnavöllum í Viðidal þar sem gíst er í skála. Gróíð land og góðar göngugötur. 14 km. 400 m hækkun.**2.d.** Gengið norður Viðidal um gróíð land og svo sveigt í norðvestur yfir Tröllaháls í Tröllabotna þar sem gíst er í skálanum Trölla. 9 km. 100 m hækkun. Laxárdalsfjöllin eru hér hvað hrikalegust og þegar fólk hefur komið sér fyrir í skála verður farið í könnunarleiðangur um nágrennið.**3.d.** Gengið yfir Tröllaskarð sem liggur hátt og er frekar grýtt. Þaðan er haldið niður á Laxárdal og vestur yfir Strjúgsskarð í bíla. 18 km. 800 m hækkun.

Verð: 22.000/27.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

GÓÐ RÁÐ FYRIR FERÐAMENN**Líkamlegur undirbúningur fyrir gönguferðir**

Nauðsynlegt er að búa sig líkamlega undir hverja gönguferð með tilliti til erfiðis hennar. Sem dæmi má nefna að göngu á Hvannadalshnúk, hæsta fjall landsins, er líkt við hálfmarabon. Tekið er fram hver erfiðleikastuðull hvernar ferðar er og er rétt að taka mið af því og fara ekki í göngu sem maður ræður ekki við. Slíkt eykur hættu á slysum og vandræðum fyrir aðra þátttakendur í göngunni. Best er að fara rólega af stað, átta sig á eigin getu og bæta hana með þjálfun.

Teygjur eftir gönguferðir

Mikilvægt er að teygja á vöðvum til að fyrirbyggja slys og draga úr líkum á að þeir styttest en við það minnkar kraftur þeirra. Teygja skal strax eftir göngu á meðan vöðvarnir eru heitir því þeir stífna þegar þeir kólna. Gott er að byrja á að teygja stóru vöðvana og enda á þeim minni. Teygja skal með bakið beint og leggja áherslu á öndun. Anda djúpt og fara svo inn í teygjuna þegar andað er frá sér. Fara enn lengra inn í teygjuna á næstu fráöndun og halda þannig áfram í a.m.k. 20-30 sek. með hverja teygju.

HVER ER ÞÍN UMHVERFISVITUND?



NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI



Breið, þverfagleg og vistfræðileg nálgun á náttúru, náttúrufar og vistkerfi Íslands. Sérstaklega er fjallað um samspil manns og náttúru og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar.

Námið nýtist vel fyrir störf í kennslu, ráðgjöf og umsjón friðaðra svæða og geta nemendur valið á milli þriggja námsleiða: Almenn náttúrufræði, náttúrunýting og þjóðgarðar – verndarsvæði.

Þriggja ára nám til BS-gráðu



SKÓGFRÆÐI

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er undirstaða náms í skógfræði. Fléttað er saman námsgreinum á sviði náttúruvísinda, skógfræði, vistheimtar, og rekstrarfræða, ásamt því að farið er inn á svið tölvukortagerðar (GIS) og landslagsfræða.

Nemendur eru búnir undir störf í græna geiranum, sem sjálfstæðir atvinnurekendur, stjórnendur eða fræðimenn með traustan vísindalegan grunn.

Þriggja ára nám til BS-gráðu

LEGGJUM RÆKT VIÐ FRAMTÍÐINA

Náttúra Íslands er einstök og það er ævilangt verkefni mannsins að leggja rækt við hana. Viðfangsefni Landbúnaðarháskóla Íslands er náttúran okkar í víðu samhengi - nýting hennar, verndun og viðhald.

Framundan eru gríðarlegar áskoranir í umhverfismálum og matvælaframleiðslu. Hnattrænar loftlagsbreytingar ógna landbúnaði um allan heim og munu gera framleiðslu matvæla erfiðari. Þetta kallar á að við hlúum að landbúnaði hér á landi og Lbhi gegnir lykilhlutverki að þjálfu upp mannauð sem mun fá það hlutverk að glíma við þessar breytingar.

Sérfræðingar með framhaldsmenntun á öllum fræðasviðum skólans eru mikilvægir. Ný þekking verður til með rannsóknum á landbúnaði á Íslandi, þekking sem ekki er hægt að flytja inn. Umhverfisskilyrði eru hvergi eins og á Íslandi og því er íslensk þekkingarsköpun á sviði landbúnaðar lífsnauðsynleg fyrir okkar samfélag.



GAERIRIKLI



BUVISINDI



SKÓGFRÆÐI



NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI



UMHVERFIS- SKIPULAG



FRAMHALDSNÁM



STARFS- & ENDRÆTTUN

NORDURLAND

S-1 Söguganga: Skarðið í vör Skíða. Svarfdæla saga **NÝTT**

1.-5. maí. 5 dagar

Fararstjórn: Sigrún Valbergisdóttir. Sögufræðari: Hjörleifur Hjartarson.

Mæting: Fyrir kl. 20 að kvöldi miðvikudags 1. maí á einkabílum að Húsabakka í Svarfaðardal.

Söguganga Fl verður að þessu sinni á slóðum svarfdælskra þátta og Svarfdæla sögu sem hefur af málsmetandi fræðimönnum fengið einkunnina: „versta Íslendingasagan“. Hér eru því engar meðalþóknunir á ferðinni. Gengið verður á milli sögustaða Svarfdælu þar sem Klaufi reið húsum með hausinn undir hendinni og Ingvaldur fagurkinn fékk aldrei bætt skarðið í vör Skíða og uppskar hin verstu örlög. Auk Svarfdælu verða rifjaðar upp fleiri sögur af Svarfdælum í fortíð og nútíð. Fyrirhugaðar göngur eru á láglendi og taka mið af því að í byrjun maí er gjarnan snjór og þæfingsfæri til fjalla í Svarfaðardal. Verði hins vegar fært til fjalla kemur til greina að skipta út Skíðadalsgöngunni fyrir annað hvort göngu að Skeiðsvatni, 7 km og 300 m hækkun eða Nykurtjörn, 8 km og 700 m hækkun. Aðsetur hópsins verður að Húsabakka í Svarfaðardal. Þar er góð aðstaða fyrir sögustundir og sameiginlegan mat, sem ekki er innifalinn.

1.d. miðvikud. Hópurinn kemur sér fyrir á Húsabakka. Sögustund hefst kl. 20.

2.d. Friðland Svarfdæla. Gengið frá Dalvík með Svarfaðardalsá fram að Grund og þaðan niður að Húsabakka. 14 km.

3.d. Strandganga á Árskógsströnd. Gengið frá Hámundarstöðum með sjónum inn að Litla- Árskógsandi. Þaðan upp með Þorvaldsdalsá að Stærri-Árskógskirkju og að lokum gamla þjóðveginn að Kálfsskinni með viðkomu á Hrærekshauk. 13 km.

4.d. Byggðir og eyðibygðir Skíðadals. Gengið frá Dæliseyrum fram í gangnamannaskálann Stekkjarhús. Síðan til baka að Kóngsstöðum. 13 km.

5.d. Kirkju- og sögustaðir í miðsveitinni. Gengið frá Húsabakka að Tjörn með viðkomu í Gullbringu. Þaðan yfir þvera sveit að Völlum og síðan aftur að Húsabakka. 6 km. Sögulok og heimferð.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Gisting, fararstjórn og sögufræðsla.

STRANDIR

S-2 Ævintýraheimur Strandafjalla

14.-17. júní. 4 dagar

Fararstjórn: Reynir Traustason og Ólafur Sveinsson.

Mæting: Fyrir kl. 20, föstudaginn 14. júní á einkabílum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði.

Árneshreppur er eitt fámennasta sveitarfélag Íslands. Þátttakendur kynnst samfélaginu í hreppnum og kostum þess að dvelja á slóðum sem nútíminn hefur að mestu látið ósnertar. Fegurðin á þessum slóðum, þar sem vegurinn endar, er stórkostleg og náttúran einstök, hvort sem er í þoku eða glampandi sólskini. Dvalið í skála Fl í Norðurfirði og gengið á fáfarin fjöll þar sem göngufólki opnast sannkallaður ævintýraheimur. Reglulegar heimsóknir í Krossneslaug, sundlaugina í fjöruborðinu.

1.d., föstud. Þegar fólk hefur komið sér fyrir og borðað er gengið á Reykjaneshyrnu.

2.d. Gengið á fjallið Glissu, fáfarið en frábært útsýnisfjall. Hækkun 450 m. Dansað á toppnum. Heimsókn í hið rómaða byggðasafn Kört og sund í landsins skemmtilegustu sundlaug í Krossnesi. Grill (ekki innifalið) og kvöldvaka á Valgeirsstöðum.

3.d. Ekið í Kjörvog og gengið á Örkina, 635 m, sem er útvörður Reykjarfjarðar syðri og kallast á við Reykjaneshyrnu. Stórbrotið útsýni. 8 km. Hækkun 600 m. Á bakaleiðinni verður ekið að Kistuvogi þar sem þrír galdramenn voru brenndir á báli á 17. öld. Sund í Krossneslaug og fiskisúpa á Kaffi Norðurfirði.

4.d. Pakkað saman og haldið í Gjögur. Náttúrulega skoðuð og gengið um þennan forna byggðakjarna og verstöð undir leiðsögn heimamannsins Hilmars Friðriks Thorarensens. Frá Gjögri verður haldið í Djúpuvík þar sem ferðinni lýkur.

Verð: 35.000/40.000. Innifalið: Gisting, fiskisúpuveisla, heimsókn í Kört og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S-3 Ylur og birta í Hornbjargsvita: Göngu- og vinnuferð 

20.-24. júní. 5 dagar

Fararstjórn: Halldór Hafdal Halldórsson, Ketill Hugi Halldórsson og Pétur Ásgeirsson.

Mæting: Að kvöldi fimmtudagsins 20. júní á einkabílum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði.

Gist er í húsi Fí að Valgeirsstöðum í Norðurfirði fyrstu nóttina. Kl. 9 daginn eftir er siglt frá Norðurfirði til Látravíkur, ef aðstæður leyfa, annars í Hornvík þaðan sem gengið er í Hornbjargsvita.

Skemmtileg ferð þar sem blandað er saman vinnu og útvist. Þátttakendur taka til hendinni og ganga í ýmis vorverk; mála, þrifa, smíða og undirbúa opnun Hornbjargsvita fyrir sumarið. Aðalvinnan felst í því að koma upp stiga og rennu ofan í fjöru til að flytja fólk, farangur og vistir til og frá. Halldór Hafdal, staðarhaldari í Hornbjargsvita, er öflugur veiðimaður og mokr upp aflanum á sjóstöng. Þátttakendur njóta góðs af því og fá án efa að smakka hinar rómuðu fiskibollur Halldórs. Á milli þess sem hlúð er að húsinu og umhverfi þess er farið í stuttar gönguferðir, gjarnan á sjálft Hornbjarg og Kálfatinda.

Verð: 40.000. Innifalið: Sigling, gisting, allur matur í Hornbjargsvita og fararstjórn.

STRANDIR

S-4 Fjöll, fjara, jöklar og sund: Reykjarfjörður  **NÝTT**

27.-30. júní. 4 dagar

Fararstjórn: Helgi Jóhannesson og Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir.

Brottför: Kl. 10 með báti frá Norðurfirði á Ströndum.

Þátttakendur koma á einkabílum í Norðurfjörð og gista þar á eigin vegum nóttina fyrir ferð. Ferðin hefst svo á siglingu í Reykjarfjörð þar sem gist er allar þrjár næturnar. Gengið er út frá náttstað alla dagana.

Heit sundlaug er í Reykjarfirði og gott að láta líða úr sér þar eftir göngurnar.

1.d., fimmtud. Siglt frá Norðurfirði í Reykjarfjörð. Þegar hópurinn hefur komið sér fyrir er farið í göngu fyrir Þaralátursnes að Hvítsöndum. Um kvöldið er söguganga um svæðið undir leiðsögn heimamannsins Erlu Jóhannesdóttur.

2.d. Dagsferð á Hrolleifsborg í Drangajökli. 851 m. 10-12 klst.

3.d. Gengið á Geirólfsnúp. 332 m. 5-7 klst.

4.d. Létt fjöruganga áður en siglt er til baka í Norðurfjörð.

Verð: 99.000/104.000. Innifalið: Sigling, gisting, fullt fæði, söguganga og fararstjórn.

VESTFIRÐIR

Jökulfirðir og Snæfjallaströnd með Ferðafélagi Ísfirðinga 

27.-30. júní. 4 dagar

Fararstjórn: Ólafur Halldórsson.

Brottför: Kl. 10 frá Dalbæ.

Gengið frá Dalbæ í Flæðareyri, Grunnavík og Sandeyri. Gengið með allan búnað á bakinu og tjaldað.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 87.

DEILDARFERÐ

NORÐURLAND

Langes – Fontur með Ferðafélaginu Norðurlóð 

DEILDARFERÐ

30. júní-4. júlí. 5 dagar

Bækistöðvarferð út frá Gistiheimilinu Ytra Lóni á Langesi. Ferð um áður friðsæla byggð, eyðiborg með mikla sögu, um líffleg fuglabjörg og út á ysta odda Langes. Gist í 4 nætur á gistiheimili. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið en góð eldunaraðstaða er á gistiheimilinu. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfa móa og þurfa þátttakendur að vera í nokkuð góðri göngufjálfun.

1.d, sunnudagskvöld. Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langesi þar sem þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2. d. Genginn eyðibýlahringur og fræðst um sögu bæjanna, gróðurinn, fuglana og fjöllin. 15 km.

3.d. Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. 16 km

4.d. Ekið upp á Heiðarfjall og menjar ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðaðar. Síðan niður í Hrollaugsstæði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiborginu Skálum. 12 km. Ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli.

5.d. Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningarminjar. Komið við í Sauðaneshúsi í lok ferðar. 8 km.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 91.

STRANDIR

S-5 Strandaperlur í Steingrímsfirði 

NÝTT

3.-7. júlí. 5 dagar.

Fararstjórn: Jónína Pálsdóttir.

Mæting: Að kvöldi miðvikudagsins 3. júlí á einkabílum að Grund í sunnanverðum Steingrímsfirði.

Í Steingrímsfirði á Ströndum leynast margar náttúruperlur og fallegar gönguleiðir. Í ferðinni verður farið í dagsferðir á svæðinu milli Hólmavíkur og Þorpa. Léttar gönguleiðir frá fjöru til fjalla með sögulegum fróðleik um búsetu í fyrrum Kirkjubólshreppi sem í dag tilheyrir sveitarfélaginu Strandabyggð. Gist á Grund, æskuheimili fararstjóra. Húsið stendur á jörð Þorpa yst í Steingrímsfirði að sunnanverðu með útsýni yfir að Drangnesi og Grímsey í Steingrímsfirði. Sameiginlegur matur er ekki innifalinn í verði.

1.d., miðvikud. Farþegar koma á eigin vegum að Þorpum í Steingrímsfirði og koma sér fyrir í íbúðarhúsinu Grund. Kvöldspjall og kvöldganga á staðnum.

2.-4.d. Dagsgöngur eftir veðri alla dagana. Mögulegar gönguleiðir eru:

- Gengið upp með Þorpagilinu, út fjallið að Hvalsá, um Hvalsárhöfða til baka og komið niður á Gálmaströndina og fjaran gengin til baka. 10-12 km hringur.

- Gengið umhverfis Þíðriksvallavatn, sem er rétt sunnan Hólmavíkur. 10 km.

- Fjöruganga frá Þorpum að Sauðfjársetrinu í Sævangi. Kaffi og sögulegur fróðleikur en þetta fyrrum félagsheimili hreppsúa hýsir nú sýninguna Sauðfé í sögu þjóðar og kaffistofuna Kaffi Kind. 7 km. Val um aðra gönguleið til baka eða bílferð.

- Gengið frá Húsavíkurkleif á Tindinn sem er á Heiðarbæjarheiðinni milli Tungudals og Miðdals. Komið niður Leiðaröxl á milli Miðdalsgrafar og Heiðarbæjar og gengið meðfram fjörunni til baka. 13-15 km hringur.

5.d. Gengið um Kálfanesborgir við Hólmavík og endað á kveðjustund í sundlauginni á Hólmavík.

Verð: 35.000/40.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

STRANDIR

S-6 Fossar og himinblá vötn

3.-7. júlí. 5 dagar.

Fararstjórn: Reynir Traustason.

Mæting: Fyrir kl. 17, miðvikudaginn 3. júlí á einkabílum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði.

Fagurt mannlíf og afar sérstæð náttúra eru einkenni Árneshrepps á Ströndum sem kúrir við rætur Drangajökuls. Áformaðar eru gríðarlegar framkvæmdir við Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Virkjunin er mjög umdeild og samfélagið klofið um málið. Verði af virkjuninni verður stórum hluta af hálendinu sökkt undir uppistöðulón. Þá munu fossar í Eyvindarfjarðará, Hvalá og Rjúkanda þorna upp að miklu leyti og þeir þagna. Leiðin liggur, með allt á bakinu, um þessar slóðir þar sem fossar og himinblá vötn eru einkenni fagurrar náttúru sem kann að taka stórfelldum breytingum.

1.d., miðvikud. Gengið á Reykjaneshyrnu. Um kvöldið er fundur um dagskrá næstu daga.

2.d. Siglt í Eyvindarfjörð. Gengið upp með Eyvindarfjarðará og tjaldað í grænni lautu. 4 km. Hækkun 100 m.

3.d. Pakkað saman og gengið upp á heiðina með fossum og ám. Tjaldað síðdegis við Hvalárvatn. Gengið um svæðið sem áformað er að leggja undir uppistöðulón Hvalárvirkjunar. 7 km. Hækkun 300 m.

4.d. Gengið niður með Hvalá, staldrað við hjá þeim ægifagra fossi, Drynjanda og síðan haldið yfir Húsá. 8 km. Sund í Krossneslaug og kjötsúpa á Kaffi Norðurfirði. Gist á Valgeirsstöðum.

5.d. Stutt ganga á Urðartind þaðan sem sér yfir gengnar slóðir. 4 km. Hækkun 400 m. Heimför kl. 13.

Verð: 53.000/58.000. Innifalið: Sigling, gisting í Norðurfirði, kjötsúpuveisla og fararstjórn.

SUÐURLAND

S-7 Um skógarstíga og skriðjökla: Núpsstaðarskógur – Skaftafell

NÝTT

4.-7. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli.

Krefjandi bakpokaferð úr Núpsstaðarskógum yfir í Skaftafell. Gengið upp með Núpsárgljúfrum að Grænalóni þar sem stórbrotið nágrennið er kannað. Skeiðarárjökull þveraður og haldið yfir í vestanverð Skaftafellsfjöllin, niður í Bæjarstaðarskóg og í Skaftafell. Jöklabroddar nauðsynlegir.

1.d., fimmtud. Gengið í gegnum Núpsstaðarskóga, upp með Núpsá sem fellur víða í hrikalegu gljúfri. Tjaldað í Blómagili í fallegum heiðargróðri. 13 km.

2.d. Leiðin liggur um heiðalönd inn að Grænalóni og jökuláin vaðin. Tjaldað undir Grænafjalli á sléttum hjalla með útsýni yfir Skeiðarárjökul og Grænalón. 14 km.

3.d. Nú liggur leiðin yfir Skeiðarárjökul. Gengið á missprungnum ís, yfir sandgarða og sanddrýli. Komið af jökli í Norðurdal í Skaftafellsfjöllum og tjaldað undir snarbröttum tindum Færineseggja á tjaldstað sem er engu líkur með óviðjafnanlegu útsýni yfir stórbrotna jöklaveröld. 20 km.

4.d. Lagt á brattann um fáfarna slóða Skaftafellsfjalla, um Blátind, 1177 m, og niður í gróandann í Bæjarstaðarskógi, áfram yfir Morsárdal og í Skaftafell. 17 km.

Undirbúningsfundur: miðvikudaginn 26. júní, kl. 18:30 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Rúta úr Skaftafelli í Núpsstaðarskóga og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S-8 Andstæður elds og íss og fjalladrottningin: Kverkfjöll og Herðubreið



4.-7. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson.

Brottför: Kl. 12 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu Ferðafélags Akureyrar, Strandgötu 23.

Einhverjar hrikalegustu andstæður elds og íss á Íslandi er að finna í Kverkfjöllum í norðanverðum Vatnajökli, skammt frá eldstöðinni í Bárðarbungu og Holuhrauni. Þetta er einstakt svæði sem fáir hafa

augum litið. Ekki langt frá er drottning íslenskra fjalla, Herðubreið 1682 m, en ganga á hana er stórkostleg upplifun. Þátttakendur taka með sér mannbrodda, ísöxi, gönguhjál og göngubelti.

1.d., fimmtud. Ekið um Mývatn í Herðubreiðarlindir. Gengið um þessa einstöku gróðurvin við rætur Herðubreiðar áður en ekið er áfram suður að Dyngjufjöllum og gist í skála í Drekgili. Um kvöldið er gengið inn að fossi við enda Drekgils eða ekið að Holuhrauni og fossinn Skinandi í Svartá skoðaður.

2.d. Ekið frá Dreka í gegnum úfin hraun að rótum Herðubreiðar á móts við Kollóttudýngju. Gengið upp á tind Herðubreiðar í gegnum skriður og brött klettabelti. Að lokinni 5-6 klst. göngu er ekið að Sigurðarskála í Kverkfjöllum, þar sem gist er í tvær nætur. Kvöldganga er á Virkisfell, 1108 m, þar sem í góðu veðri má fylgjast með sólinni síga til víðar bak við Dyngjufjöll og Herðubreið.

3.d. Keyrt inn að íshellunum við Kverkjökul og þeir skoðaðir. Gengið á mannbroddum yfir Kverkjökul og þaðan á snjó svokallaða Löngufönn upp í Efri-Hveradal, 1760 m. Þar er eitt stórkostlegasta jarðhitasvæði á Íslandi þar sem sjóðandi gufa mætir jökulís. Óviðjafnanlegt útsýni þar sem Herðubreið og Snæfell eru í aðalhlutverki en einnig gosstöðvarnar í Holuhrauni. Sama leið til baka. 10 klst.

4.d. Ekið í Hvannalindir. Stutt ganga og svo ekið áfram til Akureyrar um Möðrudal.

Verð: 44.000/49.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á tvo til þrjá af hundrad hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

HÁLENDIÐ

S-9 Hæstu tindar við Kjöl   

4.-7. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall.

Brottför: Kl. 17 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Göngu- og skiðaferð á sjö hæstu tindana við Kjöl. Farið verður fótgangandi upp á hið tignarlega Hróttfelli, gangandi eða á fjallaskíðum á fimm hæstu tindum Kerlingarfjalla og endað á ferðagönguskiðum upp á norðurbungu Langjökuls. Langar dagleiðir um stórskemmtilegt svæði. Ferðin er sérstaklega hugsuð fyrir þá sem eru að safna hundrad hæstu tindum landsins og hentar fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á ferðagönguskiðum. Gist í tvær nætur í skála og eina í tjaldi.

1.d., fimmtud. Ekið í skála undir Þverbrennamúla þar sem gist er í tvær nætur.

2.d. Gengið vestur fyrir og upp á Hróttfellið sem rís tæpa þúsund metra yfir umhverfi sínu. Brött ganga upp á brúin en þá tekur við nokkur spölur upp á hæsta tind. Sama leið til baka. 18 km.

3.d. Ekið áfram norður Kjöl, í Kerlingarfjöll þar sem gengið verður á Fannborg, Snækoll, Snót, Loðmund og Hverahnjúk. Ef aðstæður leyfa, geta þeir sem það vilja gengið á fjallaskíðum. 10 km. Ekið áfram á Hveravelli þar sem gist er í tjaldi.

4.d. Ekið inn á Þjófadaleið og farið á ferðagönguskiðum upp á hæsta punkt á norðurluta Langjökuls. Löng en frekar auðveld skiðaleið og hægt að láta sig renna langleiðina til baka. 26 km. Haldið til Reykjavíkur um kvöldið.

Verð: 33.000/38.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á sjö af hundrad hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

NORÐURLAND

S-10 Fjörður og Látraströnd  

6.-9. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Hermann Gunnar Jónsson.

Mæting: Kl. 9:30 á einkabílum á veitingastaðinn Kontorinn á Grenivík.

Tilkomumikill hringur frá Grenivík um eyðibýggðir og fjöll á vestanverðum Gjögraskaga en hann skilur að Eyjafjörð og Skjálfanda. Gengið með farangur á bakinu og gist í skálum.



FJÖLNOTA ALLA DAGA

LÉTTUR POKI SEM FER LÍTIÐ FYRIR

Á hverju ári enda 20 milljónir plastpoka á íslenskum ruslahaugum eftir aðeins eina notkun. Látum það heyra fortíðinni til. Fjölnota er framtíðin!



 VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

1.d., laugard. Hópurinn er fluttur frá Grenivík um Leirdalsheiði og út í Gil innst í Hvalvatnsfirði. Þaðan er gengið norður Gilsafrétt og út í Tindriðastaði, yfir hálsana í Þönglabakka, með viðkomu á Þorgeirshöfða þaðan sem gaman er að virða fyrir sér veröldina. 13 km. 318 m hækkun.

2.d. Gengið í Botn og um Botnsfjall, Blæjukamb og í Blæjuna. Þaðan er haldið upp og fram á Hnjárfjall og Messuklett og svo niður í Keflavík. Kvöldganga upp í Gjögurskál í boði. 9 km. 470 m hækkun.

3.d. Götum fylgt inn Keflavíkurdal og upp í Skipið sem er skál sunnanvert í Gjögurinum. Þaðan er haldið í Uxaskarð um Þinghól og Skarðsdal. Valkvætt að skottast pokalaus upp á Gjögurfjall sem er sjónarhóll góður. Úr Uxaskarði er svo undan að sækja niður í Fossdal og Látur. 12 km. 740 m hækkun.

4.d. Haldið sem leið liggur yfir Látrakleifar og suður Látraströnd með Eyjafjörð í bak og fyrir. Hópurinn er sóttur í Svinárnes og lýkur ferð á sameiginlegum kvöldverði á Grenivík sem ekki er innifalinn í verði. 14 km. 400 m hækkun.

Verð: 23.000/28.000. Innifalið: Akstur í upphafi og við lok ferðar, gisting og fararstjórn.

AUSTURLAND

S-11 Jógaferð í Lónsöræfi **NÝTT**

7.- 10. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Gróa Másdóttir og Auður Kjartansdóttir.

Brottför: Kl. 9 á einkabílum (jeppum) frá Íþróttamiðstöðinni á Höfn í Hornafirði.

Jógaferð um Lónsöræfi og Stafafellsfjöll í samstarfi við Grænar ferðir. Áhersla á grænan lífsstíl og jóga en báðir fararstjórar eru jógakennarar. Gist í Múlaskála í þrjár nætur.

1.d., sunnud. Sameinast í bíla og ekið á Illakamb. Gengið þaðan í Múlaskála.

2.d. Jóga og morgunæfingar. Gengið um Tröllakröka og þessi undrasmiði náttúrunnar skoðuð frá öllum hliðum.

3.d. Jóga og morgunæfingar. Gengið um Stafafellsfjöll en verkefni dagsins er Sauðhamarstindur, 1319 m. Þaðan er stórkostlegt útsýni yfir Álftafjörð og Hoffellsdal, til Austfjarða og Örfæfajökuls.

4.d. Jóga og morgunæfingar. Gengið fram á Illakamb og ekið þaðan á Höfn þar sem ferðinni lýkur.

Undirbúningsfundur: Þriðjudaginn 4. júní kl. 18 í risi Fí, Mörkinni 6.

Verð: 33.000/38.000. Innifalið: Gisting, jóga og fararstjórn.

NORÐURLAND

Öxarfjörður út og suður með Ferðafélaginu Norðurslóð

9.-13. júlí. 5 dagar

Gengið frá fjöru til fjalla, um núpa, gil og gljúfur. Gist er á farfuglaheimili á Kópaskeri í fjórar nætur. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið en góð eldunaraðstaða er á farfuglaheimilinu.

1.d., þriðjudagur. Mæting á Farfuglaheimilið á Kópaskeri þar sem þátttakendur koma sér fyrir. Fræðslufundur kl. 20 þar sem farið er yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Gengið út að Snartarstaðanúp, um Grímshöfn, Vörsluvík og fleiri vikur, með viðkomu í Kópaskersvíta, yfir Núpinn og ofan í Hvalvík. Síðan ekið að Núpskötlu og gengið á Rauðanúp. 15 km.

3.d. Menningar- og fræðslurölt á Kópaskeri og næsta nágrenni. Byggðasafnið og Skjálftasetur heimsótt og gengið um Kópaskersmisgengið. 8 km.

4.d. Gengið að Naustárfossi, þaðan upp á Öxarnúp og litið yfir Öxarfjörðinn. Gengið í Klaufargerði og fræðst um kumlið sem fannst þar í grenndinni. Síðan um Svelting í Buðlungahöfn. 14 km.

5.d. Eftir heimsókn í Grettisbæli er gengið upp með Jökulsá að austan, um Borgirnar upp að Gloppu, ofan í gljúfrin og upp úr þeim aftur. Fáfarnar slóðir í ævintýrlegu umhverfi Jökulsárgljúfra. 8 km.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 91.

VESTFIRÐIR

S-12 Yfir heiðar og haf: Á vit náttúrufegurðar og fortíðar  **NÝTT**

9.-14. júlí. 6 dagar

Fararstjórn: Þóra Björk Hjartardóttir og Örvar Aðalsteinsson.

Brottför: Kl. 10, gangandi frá Dalbæ á Snæfjallaströnd.

Sumarleyfisferð um eyðibygðir í Grunnavíkur- og Snæfjallahreppi, sem afmarkast af svæðinu vestan Drangajökuls milli Djúps og Jökulfjarða. Haldið á vit náttúrufegurðar og fortíðar, en svæðið býr yfir áhugaverðri sögu. Jafnframt er lögð áhersla á að njóta í núinu. Gist er í húsum í fjórar nætur og í tjöldum síðustu nóttina. Viðlegubúnaður er fluttur á tjaldstað og gengið með hann síðustu dagleiðina. Gert er ráð fyrir sameiginlegum mat meðan dvalið er í Grunnavík. Fararstjórar sjá um innkaup á sameiginlegum mat og er kostnaður við hann ekki innifalinn í verði ferðarinnar.

1.d., þriðjud. Þátttakendur koma á eigin vegum og safnast saman í Dalbæ fyrir kl. 10 um morguninn. Gengið frá Unaðsdal um Dalsheiði, Dynjandisskarð, 574 m, og Dynjandisdal að Flæðareyri við Leirufjörð. Þar er gist í gamla samkomuhúsinu í tvær nætur. 17 km.

2.d. Dagurinn tekinn snemma því ganga þarf yfir Leirufjörð (hafið í heiti ferðarinnar) á útfiri. Gengið um Leirufjörð og komið að Eyvindarhóli, fyrsta útlegðarfylgsni Fjalla-Eyvindar og Höllu. Þaðan gengið inn að jökulsporðsmerkingum Þorvaldar Thoroddsen, náttúrufræðings frá lokum 19. aldar. Haldið til baka að Flæðareyri síðla dags. Um 17 km og engin hækkun.

3.d. Gengið á Höfða þar sem er hringsjá og gott útsýni yfir Jökulfirðina. Leið liggur síðan um Höfðaströnd, Tíðargötur, Staðarheiði, 190 m, og um gamla kirkjustaðinn á Stað áður en komið er að Sætúni í Grunnavík, þar sem gist er í húsi í tvær nætur. 15-16 km.

4.d. Dvalið í Grunnavík, farið yfir sögusviðið og boðið upp á áhugaverðar göngur á Maríuhorn, 358 m, eða að Ófæru og Gathamri.

5.d. Gengin gamla póstleiðin um Snæfjallaheiði, 500 m. Þegar fer að halla niður að Snæfjallaströnd blasir við gífurlegt útsýni yfir Ísafjarðardjúp. Leiðin liggur síðan í sneiðingum niður að Berjadalsá, þar sem tjöld og vistir biða hópsins. Um 15 km. Síðdegis- eða kvöldganga að Snæfjöllum og Gulhúsá.

6.d. Gengið eftir Snæfjallaströnd þar sem gefinn er gaumur að náttúru og sögu. Göngu lýkur í Unaðsdal. Um 16 km og engin hækkun.

Undirbúningsfundur: Þriðjudaginn 26. júní kl. 17:30 í risi Fl, Mörkinni 6.

Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Gisting, flutningur á viðlegubúnaði og vistum á Snæfjallaströnd, á sameiginlegum mat til Grunnavíkur og fararstjórn.

NORÐURLAND

S-13 Í tröllahöndum á hæstu tindum  

10.-14. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: Kristján Eldjárn Hjartarson.

Mæting: Kl. 20 að kvöldi 10. júlí að Tjörn, Svarfaðardal.

Fjórir göngudagar um svarfælsk háfjöll, þar af fimm af hundrað hæstu tindum landsins. Gengið um dali og fjallaskörð með gistingu að Tjörn í Svarfaðardal og í tveimur fjallaskálum. Fjölbreyttar og krefjandi dagleiðir um ægifragan fjallasal. Jarðfræði, jurtagreining, örnefnastúdía og þjóðfræði, í bland við alþýðukveðskap og innansveitarkróniku.

1.d., miðvikud. Farið yfir dagskrá næstu daga yfir kaffi og kleinum. Gist að Tjörn.

2.d. Gengið á Djálfjallshnjúk, hæsta fjall í Dalvíkurbyggð, 1445 m, frá Klængshóli í Skíðadal. Gengið upp í mynni Kvarnárdals, þaðan upp á öxl Kvarnárhnjúks og eftir henni upp á Kvarnárdalshnjúk, 1425 m. Haldið áfram eftir egginni yfir á sjálfan Djálfjallshnjúk. Til baka norður af Kvarnárdalshnjúk beint ofan í Kvarnárdalsbotn og heim í Stekkjarhús, gangnamannahús þar sem er gist. 10-12 klst. Hækkun 1255 m.

3.d. Gengið inn Almennung að Draugadölum. Farið er upp í Mið-Draugadal og upp úr botni hans þar sem fjallið Stapar gnæfir í 1397 m hæð. Gengin öxlin milli Gljúfurárdals og Syðri-Sörlatungudals á fjallið Blekkil. Áfram haldið norður eggina milli Gljúfurárdals og Ytri-Sörlatungudals. Nú sést ofan í Heiðinnamannadal og í botni þess dals er skarð sem skilur hann frá Hafrárdal í Hörgárdal. Við höldum ofan í skarðið og stefnum rակleitt upp á fjallið hinum megin sem heitir Heiðingi og er 1402 m. Þegar upp er komið sést Hafrárhjúkur, sem einnig er yfir 1400 m. Sama leið til baka ofan í Heiðinnamannadalinn og áfram niður Holárafrétt og heim í Stekkjarhús. 10-12 klst. Hækkun 1200 m.

4.d. Keyrt frá Stekkjarhúsi að bænum Atlastöðum í Svarfaðardal þaðan sem gengið er inn Skallárdal norðanverðan. Innarlega er þverbeygt upp nokkuð brattan botninn upp á Svartagilsbrúnir og áfram upp á Hákamba. Gengið fyrir botn Unadals og Deildardals í skarð við fjallið Deili en þaðan er stutt í Heljuskála þar sem er gist. 9 klst. Hækkun 800 m.

5.d. Gengið á eggjum frá Heljuskála upp á Tungufjall, 1070 m, fyrir botni Vífildals og Heljarskálar og upp á Heljartind, 1325 m. Farið niður í botn Þverdals og áfram niður í Vatnsdal sem leið liggur niður að bílastæði við Atlastaði. 6 klst. Hækkun 500 m.

Verð: 80.000/85.000. Innifalið: Gisting, 4x morgunverður, 4x nesti, 3x kvöldmáltíð og fararstjórn. Í þessari ferð verður gengið á fimm af hundrad hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.

HÁLENDIÐ

S-14 Eilífðin beint í æð: Víðerni og vötnin óteljandi 

11.-14. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Sigrún Valbergsdóttir.

Mæting: Fyrir kl. 12 á einkabílum að Brekkulæk í Miðfirði.

Gengið að hluta um vegleysur á milli nokkurra vatna eftir á Arnarvatnsheiði út frá skálanum í Lónaborg við Grandalón. Einungis þarf að bera farangur í og frá skála. Ekki þarf að bera neinn mat.

1.d., fimmtud. Þátttakendur koma á eigin bílum að Brekkulæk en þar bíður þeirra hádegishressing. Ekið í lítilli rútu upp Austurárdal úr Miðfirði og upp á Arnarvatnsheiði. Gengið 3 km leið að skálanum í Lónaborg þar sem gist verður í þrjár nætur.

2.d. Gengið að Hnúabaki við Arnarvatn um Sesseljuvík og þaðan upp á Svartarhæð þar sem besta útsýni er yfir alla heiðina. Gengið fram hjá Gunnarssonavatni í Lónaborg. 12 km.

3.d. Dvalið um kyrrt í Lónaborg og veitt í matinn. Jurtagreining, grasatinsla og fuglaskoðun. Veiðin grilluð.

4.d. Gengið milli vatna um 7 km leið upp á veginn sem liggur niður í Miðfjörð. Rúta flytur hópinn í sund á Hvammstanga. Eftir veglega máltíð á Brekkulæk er ekið aftur til Reykjavíkur.

Verð: 59.000/64.000. Innifalið: Rúta upp á og niður af heiðinni, gisting í þrjár nætur, matur (3x morgunverður, 2x hádegisverður, 2x nesti, 4x kvöldverður), veiði, sund og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S-15 Hinar einu sönnu Hornstrandir 

11.-14. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Mæting: Kl. 8 við bátabryggjuna á Ísafirði.

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni feðurð og dulúð. Í þessari ferð byrjar ævintýrið með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin feðurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga sem gefur gönguferðum um friðlandið enn meira gildi. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir. Sameiginlegur matur, fyrir utan nesti fyrsta daginn. Þátttakendur hafa með sér svefnpoka og fatnað til ferðarinnar sem þeir bera frá Lónafirði yfir í Hornbjargsvita í upphafi ferðar, og frá Hornbjargsvita yfir í Veiðileysufjörð í lok ferðar.

1.d., fimmtud. Siglt í Lónafjörð í Jökulfjörðum þaðan sem þátttakendur ganga með allan farangur, fyrir utan mat, yfir Snókaheiði og í Hornbjargsvita. 14 km. Hækkun 500 m.

2.d. Gengið á Hornbjarg og ef til vill Kálfatind. Til baka um Almenningaskarð. 14 km.

3.d. Létt ganga um nágrennið, Hrollaugsvík og Bjarnarnes, með áherslu á lífríki Hornstranda.

4.d. Gengið um Kyrskarð yfir í Hornvík þar sem vaða þarf Hafnarósinn. Síðan um Hafnarskarð yfir í Veðileysufjörð þar sem báturinn biður. 16 km. Hækkun 800 m.

Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Sigling, gisting, fullt fæði og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S-16 Hlöðuvík: Bækistöðvarferð  **NÝTT**

12.-15. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Sigurður Pétursson.

Mæting: Kl. 8 við bátabryggjuna á Ísafirði.

Gengið um harðbýlar slóðir við nyrstu vikur Sléttuhrepps þar sem fólk tókst á við harðneskjuleg náttúruöfl fyrir á tímum. Í Hælavík fæddist skáldkonan Jakobína Sigurðardóttir sem skrifað hefur endurminningar frá barnskuárum sínum þar og lýst lífsbaráttu fólksins á þessum slóðum. Dvalið er í Búðum í Hlöðuvík og þaðan gengnar leiðirnar yfir skörðin sem fólk fór milli vika og fjarða fyrir á tíð. Um leið drögum við að okkur andrúmsloft liðinna tíma og njótum einstæðrar náttúrufegurðar. Fólk gistir á eigin vegum nóttina fyrir brottför.

1.d., föstud. Siglt í Hlöðuvík þar sem hópurinn kemur sér fyrir í Búðum. Síðdegis er gengið yfir í Kjaransvík og vaðið yfir Hlöðuvíkúróð á leiðinni. 7 km. 3-4 klst.

2.d. Gengið upp bæjarfjallið í Hlöðuvík um Skálarkamb og brúnum fylgt inn með Hælavíkinni í Atlaskarð þaðan sem sést niður í Rekavík. 14-16 km. 7-8 klst.

3.d. Aftur gengið um Skálarkamb en nú er haldið niður í Hælavík, út með vikinni og upp á Hælavíkurbjarg þar sem má finna eina mestu fuglabýggð í heimi. Gengið með bjargbrúnum inn undir Sigmundarfell og Hvannadalsskarð. Rekavíkurfjalli fylgt til baka. 19 km. 8-10 klst.

4.d. Rólegur dagur. Frágangur og sigling til baka.

Verð: 71.000/76.000. Innifalið: Sigling, gisting í þrjár nætur og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S-17 Saga, byggð og búseta: Aðalvík – Hesteyri  **NÝTT**

13.-17. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: Ólöf Sigurðardóttir.

Mæting: Kl. 7:30 við bátabryggjuna á Ísafirði.

Í þessari ferð eru tveir af helstu þéttbýliskjörnum Hornstranda heimsóttir, þ.e. Aðalvík og Hesteyri. Hugað að sögu, menningu og atvinnuháttum þessara byggðakjarna. Gist í tvær nætur í Stakkadal og tvær nætur á Hesteyri. Gengið með dagpoka nema á milli gististaðanna. Sameiginlegur matur í Stakkadal er ekki innifalinn í fargjaldi en verður fluttur á staðinn. Sameiginlegur matur á Hesteyri er innifalinn í fargjaldi. Þátttakendur gista á eigin vegum nóttina fyrir ferð.

1.d., laugard. Siglt að Látrum í Aðalvík og gengið þaðan í Stakkadal. Einnig gengið í Miðvík.

2.d. Dvalið í Stakkadal. Gengið meðal annars á Straumnesfjall og í Rekavík bak Látur.

3.d. Gengið til Hesteyrar með léttan farangur, þ.e. skjólfatnað, svefnpoka o.fl. Gist í Læknishúsinu.

4.d. Dvalið á Hesteyri við sögulegan fróðleik, göngur, glens og gaman. Gengið á Kagrafell eða að Sléttu.

5.d. Nágrenni Hesteyrar skoðað og meðal annars gengið að gömlu verksmiðjunum á Stekkeyri. Siglt síðdegis frá Hesteyri til Ísafjarðar.

Verð 85.000/90.000. Innifalið: Sigling, gisting, flutningur á mat og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S-18 Þjórsárver: Náttúruperla á heimsvísu **17.-21. júlí. 5 dagar**

Fararstjórn: Tryggvi Felixson.

Brottför: Kl. 5 að morgni með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Heimsókn í hin töfrandi Þjórsárver að hjarta landsins. Gist í tjöldum. Vaðskór nauðsynlegir.

- 1.d., miðvikud.** Ekið að mótum Hreysiskvíslar og Þjórsár. Vaðið ofarlega yfir Þjórsárvísl. Gengið að Arnarfelli og tjaldað. 10-12 km. Ferðin lengist um 4 km ef fara þarf yfir upphafskvíslar Þjórsár á jökli.
 - 2.d.** Gengið á Arnarfell hið mikla, 1137 m, og mögulega á Arnarfell hið litla. Ef ekki viðrar til fjallgöngu verður hugað að gróðurfari í Arnarfellsbrekkum sem eru rómaðar fyrir fjölbreyttan og fagan gróður.
 - 3.d.** Tjöld tekin upp og gengið með allan farangur eftir Arnarfellsmúlum framan við Múlajökul. Múlarnir eru vel grónir og þar eru fornar reiðgötur. Á þessum slóðum bjuggu Eyvindur og Halla. Á leiðinni eru kvíslar sem þarf að vaða en helstu torfærur eru Arnarfellskvísl og Miklakvísl. Tjaldað undir Nautöldu. 16 km.
 - 4.d.** Gengið í Oddkelsver og náttúrufar skoðað. Blautakvísl vaðin sunnan Nautöldu. Þar eru mýrar, flæðiengjar, tjarnir, rústir og aðrar helstu vistgerðir Þjórsárvera. Komíð við á tófugreni. Gengið til baka í Nautöldu og gist. 6 km. Útbúinn baðstaður í Jökulkrika til að skola af sér eftir fjögurra daga göngu.
 - 5.d.** Gengið vestur frá Nautöldu, vaðið yfir Blautukvísl norðan Steingrímsöldu. Gengið eftir söndum í Setur þangað sem hópurinn er sóttur um kl. 15. 12 km. Ekið um Kerlingarfjöll til Reykjavíkur.
- Verð: 64.000/69.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S-19 Jogaferð í Hornbjargsvita **18.-21. júlí. 4 dagar**

Fararstjórn: Gróa Másdóttir.

Brottför: Kl. 9:30 með báti frá Norðurfirði.

Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun, óbyggðaupplifun, gönguferðir og jóga. Sameiginlegur matur fyrir utan nesti fyrsta daginn. Gengið með svefnpoka og fatnað til ferðarinnar úr Barðsvík í Hornbjargsvita í upphafi ferðar.

- 1.d., fimmtud.** Siglt í Barðsvík á Ströndum þaðan sem þátttakendur ganga með allan farangur, fyrir utan mat, í Hornbjargsvita. 14 km.
 - 2.d.** Gengið á Hornbjarg. Til baka um Almenningaskarð. 12-18 km eftir því hvaða leið er valin.
 - 3.d.** Gengið um Kýrskarð yfir í Hornvík. 7 km. Dagur 2 og 3 gætu víxlast, fer eftir veðri og aðstæðum.
 - 4.d.** Bátur sækir hópinn í Látravík þaðan sem siglt er til Norðurfjarðar.
- Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Sigling, gisting, fullt fæði, jóga og fararstjórn.

NORÐURLAND

S-20 Héðinsfjörður – Hvanndalir: Bakpokaferð **NÝTT****18.-21. júlí. 4 dagar**

Fararstjórn: Auður Kjartansdóttir og Páll Guðmundsson.

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá Hótel Siglufirði.

Bakpokaferð um einhver afskekktustu byggðarlög landsins á fyrri tíð, eyðibbyggðirnar yst á Tröllaskaga sem eiga sér merkilega sögu. Þarna bjó fólk við harðneskjulegt náttúrufar, bæði til lands og sjávar. Gróður er víða fagur en þó með útnesjablæ. Inni í dal Héðinsfjarðar er kjörland burkna, svo sem þúsundblaðarósar sem standa með furðulegri grósku. Á Hvanndölum telja menn að hafi verið einangruðust mannabyggð við Norður-Atlantshaf, nokkurs konar tilraun um þanþol mannsins.

1.d., fimmtud. Ekið upp í Siglufjarðarskarð og gengið eftir Siglufjarðarfjöllum með útsýni vestur og austur á firði og inn til lands. Gengið á Snók og Strák og komið niður Hvanneyrarskál. Þátttakendur gista á eigin vegum á Siglufirði þessa fyrstu nótt.

2.d. Siglt yfir á Siglunes, gengið inn Nesdal, upp á Hest og niður Pútuskörð eða Einbúaskarð að Vík í Héðinsfirði þar sem verður tjaldað. Sameiginleg grillveisla.

3.d. Gengið upp með Víkurhólum og Víkurtjörnum og haldið upp Víkurbyrðu yfir í Hvanndali. Tjaldað í þessari áður afskekktustu byggð á Íslandi.

4.d. Gengið í Selskál og Sýrdal og þaðan upp á Hvanndalabjarg niður í Fossdal og til Ólafsfjarðar þaðan sem rúta ekur hópnum aftur til Siglufjarðar.

Verð: 40.000/45.000. Innifalið: Sigling, rúta, grillveisla og fararstjórn.

VESTFIRÐIR

S-21 Himnaríki og helvíti  **NÝTT**

19.-22. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Sigurður Pétursson.

Mæting: Kl. 9 á einkabílum á bílplaninu við Ísafjarðarkirkju.

Gönguferð um söguvið hinna margverðlaunuðu bóka Jóns Kalmans Stefánssonar: Himnaríki og helvíti, Harm englanna og Hjarta mannsins. Fólk gistir á eigin vegum nóttina fyrir upphaf ferðar.

1.d, föstud. Byrjað er á því að skoða verbúðina Ósvör þar sem sagan hefst. Síðan er ekið inn í Syðridal og gengið þaðan um Heiðarskarð fyrir botni Hnífsdals og áfram um Þjófatinda niður í Seljalandsdal í Skutulsfirði. Gist á Hótel Eddu á Ísafirði.

2.d. Siglt yfir á Snæfjallaströnd. Gengið yfir Snæfjallaheiði til Grunnavíkur þar sem er gist.

3.d. Gengið á Mariúhorn. Siglt síðdegis eða um kvöldið til Hesteyrar og gist þar.

4.d. Gengið út að hvalstöðinni á Stekkeyri og til baka. Siglt síðdegis til Ísafjarðar og gist á Hótel Eddu á Ísafirði.

Verð: 105.000/110.000. Innifalið: Sigling, gisting í fjórar nætur, 3 x morgunmat, kvöldmat á Hesteyri og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S-22 Laugar – Hattver – Strútur – Eldgjá  **NÝTT**

19.-22. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 12 frá Landmannalaugum.

Fjögurra daga tjalðferð með allt á bakinu. Þátttakendur koma á eigin vegum í Landmannalaugar.

1.d., föstud. Hópurinn hittist í Landmannalaugum þaðan sem gengið er upp á Skalla og niður í Hattver eftir Uppgönguhrygg. Í Hattveri er tjaldað utan gróðurs. 10 km.

2.d. Gengið í Muggudali meðfram Torfajökli og þaðan í Hólmsárbotna. 13 km.

3.d. Gengið í Álftrák. 15 km.

4.d. Gengið í Eldgjá þaðan sem rúta flytur hópinn í Landmannalaugar. 7 km.

Undirbúningsfundur: Fimmtudaginn 18. júlí kl. 20 í risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 25.000/30.000. Innifalið: Rúta frá Eldgjá í Landmannalaugar og fararstjórn.

AUSTURLAND

Víkna-slóðir með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs 

DEILDARFERÐ

24.-27. júlí. 4 dagar.

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir.

1.d. Ekið kl. 9 frá Fjarðarborg. Borgarfjörður – Brúnavík – Breiðavík.

2.d. Breiðavík – Húsavík.

3.d. Húsavík – Klyppstaður.

4.d. Klyppstaður um Kækjuskörð til Borgarfjarðar.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 83.

AUSTURLAND

S-23 Lónsöræfi: Eyjabakkar – Vesturdalur – Tröllakrókar – Illikambur 

24.-28. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðflugvelli.

Mögnuð fimm daga sumarleyfisferð um ein tilkomumestu og afskekktustu öræfi landsins, meðfram jökultungum Vatnajökuls, þar sem andstæðurnar í landslaginu eru hvað stórfenglegastar.

1.d., miðvikud. Gengið um Eyjabakka austan Jökulsár í Fljótsdal með Snæfell á hægri hönd.

Eyjabakkafoss skoðaður og stefnt í átt að Eyjabakkajökli, norður fyrir Bergkvíslarkofa og að skála við Geldingafell. 15 km.

2.d. Gengið meðfram Geldingafelli um jökulurðir og ógrónar öldur, fram á brúnir Vesturdals að upptökum Jökulsár í Lóni og hrikalegum fossi. Haldið upp með Vesturdalsánni, yfir að Kollumúlavatni. Gist í Egilsseli í tvær nætur. 20 km.

3.d. Deginum varið í nágrenni Egilssels. Gengið í Víðidal og ummerki búsetu á þessum afskekktu stað skoðuð. Komist við á Kollumúlakollinum á heimleiðinni og jafnvel farið í bað í heiðarvatninu. 6-10 km.

4.d. Heiðarkýrrðin yfirgefin og haldið að Tröllakrókahnaus, um Tröllakröka niður í Leiðartungur. Tvær leiðir mögulegar, um Leiðartungur eða Gilin. Landslagið ber nafn með rentu, m.a. Tröllakrókar og Stórusteinar og litadýrðin er óviðjafnanleg. Gist í Múlaskála. Stórbrotnar kvöldgöngur. 10-12 km.

5.d. Haldið um Illakamb og fram alla Kamba suður í Smiðjunes. Hrikalegt landslag Jökulsárgljúfra og Hnappadalstindur og Jökulgilstindar blasa við. 19 km. Rúta frá Smiðjunesi til Egilsstaða.

Undirbúningsfundur: Fimmtudaginn 18. júlí kl. 21 í risi Fl, Mörkinni 6.

Verð: 58.000/63.000. Innifalið: Rúta, gisting og fararstjórn.

NORÐURLAND

Bræðrafell – Askja með Ferðafélagi Akureyrar 

DEILDARFERÐ

27.-30. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson.

Brottför: Kl. 8 á einkabílum (jeppum) frá FFA, Strandgötu 23.

Bílar þátttakenda verða ferjaðir af landvörðum frá Herðubreiðarlindum upp í Dreka.

1.d. Ekið í Herðubreiðarlindir. Eftir kaffi er gengið um greiðfært hraun í Bræðrafell og gist. 17 km.

2.d. Gengið á Kollóttudýngju og Bræðrafell skoðað. Gist í Bræðrafellsskála.

3.d. Gengið frá Bræðrafelli í Drekgil. 17 km. Gist í Dreka.

4.d. Gengið frá Dreka yfir Dyngjufjöll að Öskju. Hópurinn sóttur á bílastæðið við Öskjuop og keyrður til baka í Dreka þar sem bílarnir bíða. Ekið heim um kvöldið.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 72.

AUSTURLAND

S-24 Víknaslóðir 

31. júlí-4. ágúst. 5 dagar

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðflugvelli.

Göngusvæðið frá Borgarfirði eystri til Seyðisfjarðar er einu nafni kallað Víknaslóðir. Þar eru fallegir firðir og vikur, líparíttfjöll og glæsileg fjallasýn. Gist á Borg í Borgarfirði og í skálum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði.

- 1.d., miðvikud.** Ekið að Vatnsskarði og gengið í Stóruð sem er einstæð náttúruperla við þröskuld mikilfenglegra Dyrfjallanna. Þaðan er gengið til Borgarfjarðar eystri og gist á Borg. 19 km. 7-8 klst.
 - 2.d.** Gengið yfir Brúnavíkurskarð, Súluskarð og Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur. 15 km. 6-7 klst.
 - 3.d.** Úr Breiðuvík er farið yfir Stóruá á göngubru og í dalverpi sem er sannkölluð náttúru paradís, umkringd líparítblönduðum Hvítuhnjúkum, Hvíta fjalli og Hvítserki. Endað í Húsavík. 14 km. 5-6 klst.
 - 4.d.** Gengið yfir Neshálsinn en þaðan gefst gott útsýni yfir Loðmundarfjörð og yfir á Dalatanga sé skyggni gott. Gist í glæsilegum skála í Loðmundarfirði. 14 km. 6-7 klst.
 - 5.d.** Gengið út sunnanverðan Loðmundarfjörð og upp á Hjálmárdalsheiði, 600 m. Þegar komið er fram á brúnir Seyðisfjarðar er haldið niður brattar hlíðar niður á veg þar sem rútan bíður. 14 km. 6 klst.
- Undirbúningsfundur: Fimmtudaginn 18. júlí kl. 22 í risi FÍ, Mörkinni 6.
Verð 62.000/67.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

AUSTURLAND

S-25 Víknaslóðir 

7.-11. ágúst. 5 dagar

Fararstjórn: Hjalti Björnsson.

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðflugvelli.

Sjá nánar S-24 hér að ofan.

Heimasíða Landmælinga hafsjór af fróðleik



Aðgengileg í snjalltækjum



Kortasjá

Örnefnaleit



Örnefnasjá

GPS staðsetning



Kortasafn

Gögn frá mismunandi aðilum



Landupplýsingagátt

www.lmi.is

STRANDIR

S-26 Dansað á toppi Glissu **8.-11. ágúst. 4 dagar**

Fararstjórn: Reynir Traustason og Ólafur Sveinsson.

Mæting: Síðdegis 8. ágúst á einkabilum að Valgeirsstöðum, Norðurfirði.

Árneshreppur á Ströndum er einn fámennasti hreppur á landinu. Svæðið er ægifagurt og mannlífið skemmtilegt. Eftir hressandi fjallgöngu verður skemmtilegt að slaka á í Krossneslaug og detta inn á Kaffi Norðurfjörð. Gist í skála Ferðafélags Íslands á Valgeirsstöðum.

1.d., fimmtud. Fólk kemur sér fyrir í skála Fl. Stutt gönguferð um nágrennið.

2.d. Gengið á fjallið Glissu, upp Trékyllisheiði og um Smalaveg. 12 km. Hækkun 500 metrar. Dansað á efsta tind. Gengið um byggðakjarnann í Norðurfirði og sund í hinni dásamlegu Krossneslaug. Kvöldvaka. Söngur og sögustund þar sem meðal annars verður sagt frá fréttaritaranum Reginu Thorarensen sem árum saman sendi fréttir frá Ströndum.

3.d. Gengið á Örkina frá Kjörvogi. Á heimleiðinni er komið við í Kistuvogi, þar sem galdramenn voru brenndir á 17. öld. Sundsprettur í Krossneslaug, kjötsúpa á Kaffi Norðurfirði og leiftrandi stuð.

4.d. Gestir þakka saman og ganga á Reykjaneshyrnu. Komið við á Gjögri. Gengið um þorpið og saga staðarins rifjuð upp. Náttúruleigin heimsótt. Sjósund fyrir þá sem vilja áður en hópurinn kveður. Verð 35.000/40.000. Innfalið: Gisting, kjötsúpa á Kaffi Norðurfirði og fararstjórn. Sjá nánar S-24.

AUSTURLAND

Um Víðidal yfir í Lónsöræfi með Ferðafélagi Austur-Skaftfellinga **DEILDARFERÐ****11.-14. ágúst. 4 dagar.**

Fararstjórn: Jón Bragason.

Gist í skálum. Vaðskór nauðsynlegir. Matur er innfalinur fyrir utan göngunasl.

1.d., sunnud. Ekið inn Geithellnadal inn að Leirási, gengið um Háás og upp á hraun, fram hjá Hnútvatni og niður í Grund í Víðidal. Þar verður fræðst um búsetu fram til 1900. Víðidalsáin vaðin og gengið upp að Egilsseli. 8-10 klst. Hækkun um 800 m.

2.d. Gengið frá Egilsseli fram Tröllakróka og vindsorfin klettabelti skoðuð. Gengið upp á Tröllakrókahnaus sé veður bjart og niður á milli gilja að Múlaskála. 6-8 klst. Hækkun um 300 m.

3.d. Víðibrekksker. 6-7 klst. Hækkun 680 m.

4.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubrú við Eskifell og þaðan að Smiðjunesi þar sem ferðin endar. Á leiðinni þarf að vaða Hnappadalsá. 8 klst. Hækkun 600 m.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 75.

HÁLENDIÐ

S-27 Hinn óeiginlegi Laugavegur **NÝTT****13.-18. ágúst. 6 dagar**

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 16 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Afar fáfarin gönguleið að Fjallabaki en í seilingarfjarlægð frá fjölförnu gönguleið landsins, Laugaveginum. Fágæt náttúruundur svo sem Hattveríð fagra, sjóðandi tjarnir og öskrandi gufuhverir, flæðandi ölkeldur, hið tignarlega Hattfellsgil og völundarhús gilja í Reykjafjöllum og Þröngárkrókum.

1.d., þriðjud. Gist í skála í Landmannalaugum og farið í lækinn.

2.d. Gengið úr Laugum um Reyjakoll, Skalla og Uppgönguhrygg í Hattver í Jökulgili. Þaðan upp að Háuhverum um bratta hryggi innan við Jónsfoss. Stórkostlegt háhitasvæði Háuhvera skoðað og tvílitur foss og þaðan þræddir hryggir upp í Reykjafjöll og í Hrafninnusker. 20 km. Hækkun 1000 m.

3.d. Gengið yfir Reykjafjöll og yfir leifar af jökli að upptökum Kaldaklofs og suður fyrir Háskerðing. Hverir, heit fótáböð og hressandi ölkeldur. Um Einstigsgil og Kaldaklof hið syðra í Hvanngil. 21 km.

4.d. Haldið meðfram Kaldaklofskvísl norður fyrir Stórusúlu og kvíslar vaðnar undir Klámbrekku. Þaðan gegnum Hattfellsgil að ummerkjum hamfarahlaups og draugaslóðum. Nýtt sjónarhorn á Markarfljótsgljúfrin. Gist í Emstrum. 18 km.

5.d. Beygt af hefðbundinni leið eftir brúna á Fremri-Emstruá upp á hálsinn rétt við Entujökul, um Fauskatorfur og Ljósártungur yfir að Þröngá. Einstakar og fáfarnar slóðir um vindsorfið og sérstakt land. Þröngá vaðin í kröppu gili og haldið eftir gilbotni Rjúpnafellsgils að Rjúpnafelli og mögulega á fjallið. Áfram yfir á Stangarháls og eftir Krossaráurum út í Langadal. 20 km.

6.d. Ekið með rútu til Reykjavíkur fyrir hádegi.

Verð: 101.000/106.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

Siðareglur Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands er í Vakanum, sérhönnuðu gæðakerfi fyrir íslenska ferðapjónustu sem miðar að því að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðapjónustu á Íslandi. Ferðafélagið fylgir siðareglum Vakans sem eru eftirfarandi:

- Ferðafélagið veitir viðskiptavinum sínum kurteislega og áreiðanlega þjónustu.
- Ferðafélagið virðir og viðheldur trúnaði og þagmælsku gagnvart viðskiptavinum.
- Ferðafélagið hefur að leiðarljósi fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í öllum samskiptum og viðskiptum.
- Ferðafélagið sýnir öllum viðskiptavinum sömu virðingu og tillitssemi óháð t.d. kyni, uppruna, menningu, kynhneigð, trú, aldri, þjóðfélagsstöðu og líkamlegu atgervi.
- Ferðafélagið tryggir að allar upplýsingar til viðskiptavina séu réttar og að auglýsingar þess gefi sanna og trúverðuga mynd af þjónustu og aðstöðu.
- Ferðafélagið verðleggur vörur og þjónustu með skýrum hætti í samræmi við gildandi lög.
- Ferðafélagið leitast við að svara öllum fyrirspurnum og óskum á faglegan og skilvirknan hátt.
- Ferðafélagið tryggir sanngjörn og skjót viðbrögð við kvörtunum.
- Ferðafélagið hefur í heiðri öll lög og reglur varðandi reksturinn og fylgir þeim eftir.
- Ferðafélagið tryggir að faglega sé staðið að bókhaldi og reikningssskilum.
- Ferðafélagið uppfyllir allar skyldur við starfsmenn með því að fara að lögum og gildandi kjarasamningum.
- Ferðafélagið sér til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og fræðslu og að vinnuskilyrði séu við hæfi.
- Ferðafélagið tryggir öryggi starfsmanna og viðskiptavina með faglegum starfsháttum, góðri aðstöðu og viðurkenndum búnaði.
- Ferðafélagið sýnir í verki ábyrgð gagnvart íslenskri náttúru, umhverfi og samfélagi.
- Ferðafélagið hefur í heiðri hagsmuni og orðstír Íslands sem hágæða dvalarstaðar, þar sem fagmennska, gestrisni, góð þjónusta og sjálfbærni eru í fyrirrúmi.

AUSTURLAND

Lónsöræfi með Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs 

26.-29. ágúst. 4 dagar.

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir.

Ganga í stórkostlegu umhverfi um ein afskekktustu öræfi landsins. Litríkar og fjölbreyttar jarðmyndanir setja svip sinn á svæðið sem lætur engan ósnortinn.

1.d. Ekið kl. 8 með rútu. Eyjabakkar – Geldingafell.

2.d. Geldingafell – Vesturdalur – Egilssel.

3.d. Egilssel – Víðidalur – Tröllakrókar – Múlaskáli.

4.d. Múlaskáli – Smiðjunes.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 85.

DEILDARFERÐ

GÓÐ RÁÐ FYRIR FERÐAMENN

Landslag, veður og veðurspá

Hluti af undirbúningi ferðar er að kynna sér aðstæður á þeim slóðum sem förinni er heitið til. Gott er að lesa í landslagið þegar komið er á áfangastað. Svipast skal um eftir hætum sem geta m.a. stafað af vatni, skriðum, uppsprettum og lausum jarðvegi eða bergi.

Vindkæling getur haft mikil áhrif á lofthitastig. Í 10 m/sek. vindhraða er vindkæling eftirfarandi:

- 0°C samsvara -7°C
- -5°C samsvara -14°C
- -10°C samsvara -20°C

VELKOMIN Í HEILSUBÆINN

MOSFELLSBÆ

**Þjóddu fjölskyldunni í göngu-
eða hjólaferð í falletgri náttúru.**

**Fjöldi hjólaleiða og stikaðra
gönguleiða í boði.**

Göngu- og hjólakort má nálgast á www.mos.is



Hlauparar athugið!

Tindahlaup

Mosfellsbæjar

fer fram

31. ágúst 2019.





Hafðu fjármálin á hreinu í appinu

Með Landsbankaappinu hefur þú bankann alltaf við höndina
í símanum; stöðuna, færslur, sparnaðinn og Aukakrónurnar.



B-1 Stjörnu- og norðurljósaskoðun. Með fróðleik í fararnesti**1. febrúar, föstudagur**

Brottför: Kl. 20 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Af hverju eru stjörnur mismunandi á litinn og hvers vegna sjást norðurljósinn bara stundum? Sævar Helgi Bragason, stjörnumiðlari frá Háskóla Íslands, svarar spurningum um norðurljósinn, stjörnurnar og vetrarbrautina í gönguferð sem helguð er himingeimnum. Nauðsynlegt er að klæða sig vel og gott er að taka með sjónauka, nesti og heitt á brúsa. 2 klst. Ef ekki viðrar til himinskoðunar þennan dag verður ferðinni frestað þar til góðar aðstæður skapast og það auglýst á fésbók og heimasíðu.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-2 Snjó- og súkkulaðiveisla í Heiðmörk **NÝTT****17. febrúar, sunnudagur**

Brottför: Kl. 13 frá Elliðavatnsbænum.

Heiðmörkin er sannkallaður ævintýrastaður fyrir börn á öllum aldri! Við ætlum að leika okkur í snjónum, renna okkur á rassapötum og sleðum, reyna að búa til snjóhús og snjókarla, fara í leiki, drekka heitt súkkulaði og borða uppáhaldsnestið okkar. Muna að taka með sér þoturassa eða plastpoka og skóflur til að búa til snjókarla og ævintýralegar kynjaverur. Mikilvægt er að klæða sig vel og auðvitað að taka með nesti og heitt súkkulaði. 2 klst.

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-3 Eldfjallaganga í Búrfellsgjá. Með fróðleik í fararnesti **NÝTT****30. mars, laugardagur**

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá bílastæðinu við Vífilsstaði. Ekið í halarófu inn í Heiðmörk.

Snæbjörn Guðmundsson, doktorsnemi í jarðfræði við Háskóla Íslands, mun leiða göngu um Búrfellsgjá að gígnum Búrfelli. Við ætlum að fræðast um ýmis jarðfræðileg fyrirbrigði svo sem eldgos og velta fyrir okkur hvernig ýmis fyrirbæri orðu til. Allir klæða sig vel, í góða skó og taka með gott nesti. 3 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-4 Fjöruferð í Gróttu. Með fróðleik í fararnesti **NÝTT****6. apríl, laugardagur**

Brottför: Kl. 11 frá bílastæðinu við Gróttu, yst á Seltjarnarnesi.

Við skoðum ýmsar lífverur fjörunnar, grúskum og leitum að kröbbum og öðrum smádyrum í skemmtilegri fjöruferð í Gróttu. Þar er fjölbreytt dýra-, fugla- og plöntulíf. Hildur Magnúsdóttir, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, leiðir gönguna. Gott er að mæta vel klæddur, í stígvélum og með fötur eða glær ílát til að safna í hinum ýmsu lífverum, auk nestis. 2-3 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-5 Fuglarnir fljúga heim: Fuglaskoðun. Með fróðleik í fararnesti**27. apríl, laugardagur**

Mæting: Kl. 10 í fjöru á höfuðborgarsvæðinu. Nánari staðsetning auglýst síðar.

Þegar farfuglarnir flykkjast heim til Íslands er vorið komið og sumarið á næsta leiti. Gunnar Þór Hallgrímsson, prófessor í dýrafræði við Háskóla Íslands, og Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, leiða ferð um fjöru á höfuðborgarsvæðinu þar sem fuglarnir safnast saman. Gott að koma með sjónauka og gjarnan fuglabækur. 2 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í faranesti. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-6 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Selfjall

9. maí, fimmtudagur

Brottför: Kl. 16:30 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fyrsta fjallgangin af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Þeir garpar sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningarskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna. Það má líka ganga bara á eitt fjall! Fjallagarpaverkefnið er stórskemmtilegt verkefni fyrir alla fjölskylduna að taka þátt í. Selfjall lætur ekki mikið yfir sér en við höfum oft keyrt fram hjá því áleiðis á Hellisheiðina. Þetta er skemmtileg ganga í fallegu umhverfi. Allir að muna að koma með gott nesti og góða skó. 3-4 klst. Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-7 Barnavagnavika

13.-17. maí

Brottför: Kl. 11 frá upphafsstað hverrar göngu, sjá hér að neðan.

Fararstjóri: Lína Móey Bjarnadóttir.

Gönguferðir með barnavagna og kerrur um alla Reykjavík. Hressileg ganga fyrir mömmur og pabba, afa og ömmur með léttum æfingum, teygjum og slökun. Þægilegur og rólegur gönguhraði og skemmtileg samverustund. Gengið er alla daga vikunnar og hver gönguferð tekur 60-90 mínútur.

13. maí, mánud. Húsdýragarðurinn í Laugardal

14. maí, þriðjud. Árbæjarlaug

15. maí, miðvikud. Sundlaug Seltjarnarness

16. maí, fimmtud. Perlan

17. maí, föstud. Vesturbæjarlaug

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-8 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Keilir

26. maí sunnudagur

Brottför: Kl. 12:30 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Önnur fjallgangin af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Keilir er óneitanlega eitt af þeim fjöllum sem marga krakka dreymir um að ganga á, þríhyrningslaga og fallegt. Við göngum fyrst í gegnum úfið hraun að fjallinu sem rís frekar bratt og ákveðið upp af landinu. Gott er að hafa í huga að vegurinn að gönguleiðinni að Keili getur verið grófur. Mikilvægt að vera í góðum skóm og vera búin að æfa sig að skrifa nafnið sitt því það er gestabók á toppnum. Allir muna að sjálfsögðu eftir nesti og vatni. 4-5 klst. Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-9 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Skálafell á Hellisheiði

6. júní fimmtudagur

Brottför: Kl. 16:30 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Þriðja fjallgangin af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna. Göngum upp rjúkandi hverahlíð og áfram yfir hraunmosa upp á Skálafell þar sem stórbrotið útsýni yfir Suðurlandið bíður okkar. Góðir gönguskór, heitt á brúsa og gott nesti fyrir káta krakka! 3-4 klst. Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-10 10 ára afmælisfjör: Allir út að leika! **NÝTT****11.-14. júní**

Ferðafélag barnanna fagnar 10 ára afmæli í júní og við ætlum að halda upp á það með skemmtilegu krakkafjöri í heila viku! Við bjóðum alla vini okkar hjartanlega velkomna, duglegu krakkana og fullorðna fólkið þeirra og viljum líka kynnast fleiri hressum og kátum börnum. Í afmælisvikunni ætlum við að vera svolítið hugrökk, prófa sjósund, hjóla um kræklótta stíga, ganga í kvöldsólinni og skella okkur í gamla og nýja útileiki. Umfram allt ætlum við að hafa gaman saman úti.

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

11. júní, þriðjudagur: Hressandi hjólafjör

Brottför: Kl. 18 frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár. Hittumst með hjól, hjálma og nesti í bakpoka. Hjólum á skemmtilegum skógarstígum á þægilegum hraða. Borðum nesti í fallegri laut. 1-2 klst.

12. júní, miðvikudagur: Sullumbull í sjónum

Brottför: Kl. 18 frá Nauthólsvík. Við ætlum að vera hugrökk og skella okkur í sjósund. Hressandi og ískaldur leiðangur en við fáum líka hita í kroppinn í heita pottinum og getum spjallað saman um ýmis ævintýri, gömul og ný með Ferðafélagi barnanna. Allir taka með sér sundföt og handklæði. 1-2 klst.

13. júní, fimmtudagur: Út að leika í lundi

Brottför: Kl. 18 frá bílastæðinu við Rauðhóla þaðan sem við keyrum í halarófu inn í Heiðmörk. Þar í fallegum lundi förum við í alls konar skemmtilega, gamla og nýja útileiki. Tilvalið fyrir litla og stóra krakka og líka fyrir fullorðnu börnin. Takið með heitt á brúsa og uppáhaldsnesti barnanna. 1-2 klst.

14. júní, föstudagur: Kvöldsólarganga á Helgafell

Brottför: Kl. 20 frá bílastæði við enda Kaldárselsvegur. Það elska öll börn að vera úti með fjölskyldunni á fallegum sumarkvöldum. Við ætlum að ganga á Helgafell í Hafnarfirði og njóta kvöldsólarinnar sem lætur örugglega sjá sig. Skemmtileg ganga sem um leið er nokkur áskorun fyrir alla duglega krakka. Stórkostlegt útsýni yfir borgina á toppnum og þar syngjum við afmælissönginn til heiðurs Ferðafélagi barnanna og skrifum í gestabók. Takið með heitt á brúsa og kvöldnesti. 2-3 klst.

B-11 Pöddulíf í Elliðaárdal. Með fróðleik í fararnesti**19. júní, miðvikudagur**

Brottför: Kl. 18 frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár.

Hvað leynist í laufinu? Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár af ýmsum ástæðum. Gísli Már Gíslason, skordýrasérfræðingur frá Háskóla Íslands, fræðir okkur um heim skordýranna. Takið með ílát og stækkunargler ef þið eigið.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands, Háskóla Íslands og Háskóla unga fólksins.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-12 Ævintýri á Víknaslóðum **NÝTT****8.-11. júlí. 4 dagar**

Fararstjórn: Dalla Ólafsdóttir og Matthías Sigurðarson.

Brottför: Kl. 9:30 með rútu frá Egilsstaðflugvelli.

Ný ferð um stórkostlega fallegt svæði á Austurlandi. Ótrúleg fjallasýn og skemmtilegar göngur fyrir alla fjölskylduna þar sem þjóðsögur, leikir, kvöldvökur og frelsi náttúrunnar verður í lykilhlutverki.

1.d., mánud. Ekið með rútu til Borgarfjarðar eystri og gengið þaðan til Breiðuvíkur þar sem dásamlegt er að hvíla lúin bein.

2.d. Úr Breiðuvík er gengið um fallega náttúruparadís og endað í Húsavík.

3.d. Gengið yfir Nesháls og gisti í notalegum skála í Loðmundarfirði.

4.d. Gengið upp á Hjálmarðalsheiði og niður í Seyðisfjörð þar sem rútan bíður okkar.

Verð: 53.000/58.000. Hálf verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

B-13 Á víkingaslóðum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði

11.-14. júlí. 4 dagar

Fararstjórn: Steinunn Leifsdóttir og Jóhann Aron Traustason.

Mæting: Kl. 15, fimmtudaginn 11. júlí á einkabílum að Valgeirsstöðum í Norðurfirði.

Ferðafélag barnanna heldur á slóðir víkinga. Lendum við í bardaga við víkinga eða hittum við einhverja sem búa í fjöllum? Eitt er víst að ævintýrin biða okkar. Við skoðum gróðurinn, fönndrum, syngjum, tendrum bál í fjörunni, förum í furðuleikakeppni og ratleik. Við förum einnig í léttar gönguferðir, skoðum gamla síldarverksmiðju og tökum nokkur sundtök í hinni ævintýralegu Krossneslaug þar sem hægt er að sitja og horfa á seli svamla í fjöruborðinu. Á kvöldin er farið yfir viðburði dagsins, rýnt í brandarabækur og listrænir hæfileikar þátttakenda dregnir fram með söng- og leiklist. Ein aðalregla ferðarinnar er að farsimar og tölvur eru óæskilegar. Börn og foreldrar ná þannig að kynnast með nýjum hætti á slóðum sem eru mörgum nýstárlegar.

Verð: 45.000/50.000. Hálfð verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Gisting, grill og fararstjórn.

B-14 Fjölskylduganga um Laugavegin

17.-21. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: Dalla Ólafsdóttir og Matthías Sigurðarson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fjölskyldunni gefst hér tækifæri til að ganga saman þessa vinsælustu leið landsins, í ferð sem er skipulögð með börn og unglinga í huga. Áhersla er lögð á að fara ekki of hratt yfir, skemmtilegar samverustundir á kvöldin og að leyfa börnum og foreldrum að njóta samvista án rafrænna truflana. Glens og gaman í bland við fræðslu er aðalmerki ferðarinnar. Umfram allt eru börnin í fyrirrúmi, þau fá að njóta sín og öll fræðsla er á máli sem þau skilja. Farangur og matur er trússaður á milli skála.

1.d., miðvikud. Gengið frá Landmannaalaugum í skálann í Hrafninnuskeri. 5-6 klst.

2.d. Gengið um Kaldaklofsfjöll og gist í Hvanngili. 5-6 klst.

3.d. Haldið yfir ár og sanda í skálann í Emstrum. 7-8 klst.

4.d. Gengið yfir æsilega brú og stöðugt grónara land niður í Langadal í Þórsmörk. 7-8 klst. Áfanganum fagnað með hoppi og hii og ærlegri kvöldvöku.

5.d. Morguganga eða afslöppun. Rúta til Reykjavíkur um hádegi.

Verð: 85.000/90.000. Hálfð verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

B-15 Fjölskylduganga um Laugavegin

24.-28. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: John Snorri Sigurjónsson og Lína Móey Bjarnadóttir.

Sjá nánar B-14, hér að ofan.

B-16 Eldfjalla- og fossaganga yfir Fimmvörðuháls

26.-28. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Þóra Þráinsdóttir og Jón Einarsson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Gengið yfir Fimmvörðuháls í ferð sem er skipulögð fyrir börn og unglinga. Á leiðinni verða á vegi okkar alls konar fossar, ein yngstu eldfjöll landsins, einstigi og spennandi gönguland. Á kvöldin er svo sungið og sagðar sögur í skemmtilegum samverustundum án rafrænna truflana. Börnin eru í fyrirrúmi og fræðsla og leikir eru á þeirra forsendum. Farangur og matur er trússaður á milli skála.

1.d., föstud. Gengið frá Skógum upp óteljandi tröppur meðfram Skógafossi og fram hjá óteljandi fossum þar til komið er í Baldvinnskála þar sem gist er. 5-6 klst.

2.d. Skoðum eldfjöllin Magna og Móða og söfnum hugrekki til að fara yfir Heljarkamb og Kattarhryggi niður í Þórmörk. Lúin bein hvíld í kvöldvöku í Skagfjörðsskála í Langadal þar sem gíst er. 5-6 klst.

3.d. Gengið á Valahnúk. Rúta til Reykjavíkur um hádegi.

Verð: 45.000/50.000. Hálftréð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

B-17 Fjölskylduganga um Laugaveginn

1.-5. ágúst. 5 dagar

Fararstjórn: Þóra Þráinsdóttir og Jón Einarsson.

Ferð byrjar á fimmtudegi. Sjá nánar B-14.

B-18 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Ásfjall í Hafnarfirði

NÝTT

15. ágúst, fimmtudagur

Brottför: Kl. 17 frá Ásvallalaug í Hafnarfirði.

Fjórdi fjallangan af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Eftir gott sumarfrí göngum við í kringum hina fallegu Ástjörn í Hafnarfirði og á Ásfjall sem einhverjir segja að sé lægsta fjall Íslands! Þrátt fyrir að Ásfjall sé ekki ýkja hátt eða einungis um 127 m er frábært útsýni af því yfir höfuðborgarsvæðið. Góðir skór og nesti. Tilvalið að skella sér í sund að göngu lokinni. 2 klst.

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-19 Eldfjalla- og fossaganga yfir Fimmvörðuháls

16.-18. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Guðrún Ægisdóttir og Valdimar Harðarson Steffensen.

Sjá nánar B-16.

B-20 Sveppasöfnun í Heiðmörk. Með fróðleik í fararnesti

21. ágúst, miðvikudagur

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá bílastæði við Rauðhóla.

Sveppir eru sælgæti en það er betra að þekkja þá góðu frá þeim vondu og eitruðu! Gísli Már Gíslason og fleiri sveppasérfræðingar frá Háskóla Íslands kenna okkur að þekkja matsveppi og aðferðir við að geyma þá og matreiða í fjörugri sveppagönguferð. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sveppabækur og ílát. Ekið í halarófu frá bílastæðinu við Rauðhóla lengra inn í Heiðmörkina. 2 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-21 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Vífilsfell

NÝTT

29. ágúst, fimmtudagur

Brottför: Kl. 16:30 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Fimmta fjallangan af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Við göngum á hnarreist Vífilsfell sem er allt í senn krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt. Þetta er alvöru fjall fyrir unga fjallagarpa enda um 665 m. Nú þarf að muna eftir góðum skóm, uppáhaldsnestinu og vatni til að svala gönguporstanum. 3 klst.

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-22 Lokahátið Fjallagarpaverkefnis fjölskyldunnar: Móskaðshnúkar

NÝTT

22. september, sunnudagur

Brottför: Kl. 12:30 á einkabílum frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6

Við göngum á sjötta og síðasta fjallið í Fjallagarpaverkefninu, hina undurfögru Móskaðshnúka. Þetta er alvöru fjallanga fyrir duglega krakka í stórbrotnu umhverfi. Mikilvægt er að vera í góðum skóm og með

gott nesti. Að lokinni göngu afhendum við Fjallagörpum viðurkenningarskjöl fyrir árangurinn og grillum pylsur að hefðbundnum íslenskum sið! 4-5 klst.
Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

B-23 Á slóðum landnemanna. Með fróðleik í fararnesti NÝTT

19. október, laugardagur

Brottför: Kl. 10 frá Alþingishúsinu.

Voru landnámsmennirnir okkar víkingar? Var Ingólfur Arnarson raunverulega til? Hvernig var lífið hjá fyrstu Íslendingunum? Hvernig voru fót landnemanna og hvað var í matinn? Gönguferð um slóðir landnema í miðborg Reykjavíkur þar sem sagnfræðingar og fornleifafræðingar segja okkur frá fyrsta fólkinu sem settist að á Íslandi og leitast við að svara öllum þessum spurningum og mörgum fleiri. Gengið um svæði þar sem áður voru bæjarstæði landnemanna. 2 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Ekkert að panta, bara mæta!

B-24 Vetrarferð með jólaþema. Þórsmörk

15.-17. nóvember. 3 dagar

Fararstjórn: Dalla Ólafsdóttir og Matthías Sigurðarson.

Brottför: Kl. 17 með rútu frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Aðventan undirbúin með jólaþöndri og kvöldvöku þar sem rykið er dustað af jólalögnum. Allir finna eitthvað í náttúrunni til að fönndra úr. Léttar göngur, hellaskoðun, stjörnskoðun, leikir og fjör.

Verð: 35.000/40.000. Hálfð verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting og fararstjórn.

B-25 Vetrarferð með jólaþema. Þórsmörk

22.-24. nóvember. 3 dagar

Fararstjórn: Brynhildur Ólafsdóttir og Róbert Marshall.

Sjá nánar B-24 hér að ofan.

B-26 Blysför og jólasveinar

27. desember, föstudagur

Brottför: Kl. 17:30 frá bílastæðinu við Kaffi Nauthól í Nauthólsvík.

Allir sem vilja fá blys og svo er gengið fylktu liði frá Nauthólsvík um dimma skógarstíga Öskjuhlíðarinnar.

Söngur og gleði og mögulega leynast jólasveinar í skóginum. 1½ klst.

Fyrir félagsmenn FÍ og fjölskyldur þeirra. Ekkert að panta, bara mæta!

**bænda
FERÐIR**

HREYFIFERÐIR

Það er ógleymanleg upplifun að nærri líkama og sál á erlendri grundu í spennandi umhverfi. Hreyfðu þig með okkur!

U-1 Helgafell

2. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 10 frá Kaldárseli fyrir ofan Hafnarfjörð.

Hefðbundin leið gengin úr Kaldárbotnum og upp á Helgafell. Þægileg 2-3 klst. ganga.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

U-2 Keilir **NÝTT**

23. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 10 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Keilir er móbergshnúi á Reykjanesskaga skammt frá Reykjavík, rís 379 m yfir sjó og þaðan er mikið og fallegt útsýni. Gengið er í gegnum fallegt hraun. 2-3 klst. ganga sem hentar öllum. Hlýr fatnaður og góður skóbúnaður nauðsynlegur.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

U-3 Akrafjall

9. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 9 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Eins og nafnið gefur til kynna er Akrafjall skammt frá Akranesi. Ekið er að bílastæði undir fjallinu og gengið upp á Háahnúk sem býður upp á frábært útsýni yfir höfuðborgarsvæðið, Faxaflóa og Hvalfjörðinn. Áætlaður göngutími er 2-3 klst. og gangan er ekki mjög krefjandi.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

U-4 Óvissuferð **NÝTT**

30. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 10 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Þátttakendur þurfa að hafa með sér sundföt, hjálma og höfuðljós/vasaljós.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

U-5 Glymur **NÝTT**

13. apríl, laugardagur

Brottför: Kl. 9 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Glymur er hæsti foss landsins, 196 m hár, og fellur niður í þröngt gil í Botnsdal innst í Hvalfirði. Gangan tekur um 2-3 klst. Gott að taka með sér vaðskó/strigaskó.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

U-6 Hvannadalshnúk **NÝTT**

8. júní, laugardagur

Fararstjórn: John Snorri Sigurjónsson.

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá bílastæðinu við Sandfell.

Hvítasunnuferð á hesta tind Íslands, Hvannadalshnúk, 2110 m. Gengin er Sandfellsleið um Sandfellsheiði. Mikil áskorun og löng ganga, 12-15 klst., og hækkun um 2000 m. Jöklabúnaður er nauðsynlegur. Gisting á eigin vegum. Samráð verður haft við yfirvöld og almannavarnir og ferðin ekki farin ef hættuástand er yfirvofandi.

Undirbúningsfundur: Mánudaginn 29. apríl kl. 20, í risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 22.000/25.000 Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar neðst á bls. 21.



U-7 Sveinstindur við Langasjó



20.-21. júlí. 2 dagar

Fararstjórn: John Snorri Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 7 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Ekið að Sveinstindi við Langasjó og gengið upp á þennan magnaða útsýnistind sem er sannkölluð náttúruperla. Sveinstindur er riflega 1000 m hár en gangan tekur aðeins tæpar 2 klst. Þetta er tindur sem allir þurfa að upplifa. Eftir göngu er ekið í Skælinga þar sem er tjaldað og gíst í eina nótt.

Verð: 10.000/13.000. Innifalið: Fararstjórn.

U-8 Fimmvörðuháls



24.-25. ágúst. 2 dagar

Fararstjórn: John Snorri Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 9 frá tjaldsvæðinu á Skógum.

Gengið frá Skógum undir Eyjafjöllum upp á Fimmvörðuháls eftir hinni hefðbundnu gönguleið með viðkomu í Baldvinsskála. Gengið að Magna og Móða og ummerki eldgossins frá 2010 skoðuð. Áfram er haldið um hinn margumtalaða Heljarkamb og Kattarhryggi áður en komið er í Langadal þar sem göngu lýkur. Gist er í Skagfjörðsskála. Morgunganga á sunnudegi áður en haldið er heim á leið.

Undirbúningsfundur: Fimmtudaginn 22. ágúst kl. 20, risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 15.000/20.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

U-9 Þórsmörk



6.-7. september. 2 dagar

Fararstjórn: John Snorri Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 15 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6.

Ekið í Langadal þar sem gíst er í skála FÍ. Brenna um kvöldið. Á laugardag er gengið upp á Valahnúk þar sem stórkostleg náttúra Þórsmerkur og nærsveita skartar sínu fegursta. Þaðan er gengið niður í Húsadal og aftur yfir í Langadal. Heimför um kl. 14.

Undirbúningsfundur: Þriðjudaginn 3. september kl. 20, risi FÍ, Mörkinni 6.

Verð: 15.000/20.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

U-10 Móskaðshnúkar



12. október, laugardagur

Brottför: Kl. 10 frá skrifstofu FÍ, Mörkinni 6, þar sem sameinast er í bíla.

Móskaðshnúkar rísa 807 metra yfir sjávarmáli og það tekur aðeins 20 mínútur að aka þangað frá Reykjavík. Góðir göngustígar og fallett landslag. Ferð sem þú vilt ekki missa af. 3-4 klst.

Þátttaka ókeypis fyrir félagsmenn FÍ Ung.

Ferðafélag Akureyrar

Heimasíða: www.ffa.is

Netfang: ffa@ffa.is

Sími: 462 2720

Nýársganga.

1. janúar. Brottför kl. 13 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Þátttaka ókeypis og allir velkomnir út í óvissuna til að fagna nýju ári.

Hálsaskógur. Fjölskylduferð á gönguskíðum

19. janúar. Brottför klukkan 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson. Þátttaka ókeypis.

Létt og þægileg skíðaganga fyrir alla sem ekki langar í bröttu brekkurnar. Hálsaskógur er fallegur skógur rétt norðan við Akureyri á leiðinni út á Gáseyri.

Ferðakynning

31. janúar. Mæting kl. 20 í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Ferðir félagsins kynntar í máli og myndum. Gestafyrirlestur. Kynning á útivistarvörum frá fyrirtækjum í bænum. Aðgangur ókeypis.

Þorraferð í Fjallaborg á Mývatnsöræfum. Gönguskíðaferð

16-17. febrúar. Brottför klukkan 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð: 12.000/8.000.

Ekið austur fyrir Námaskarð og gengið suður frá hringveginum, um 9 km veg í skálann Fjallaborg, sunnan undir Stóru-Rauðku. Þar verður snæddur þjóðlegur þorramatur í friðsæld öræfanna. Haldið heim á leið næsta dag. Gönguhækkun lítil.

Vaðlaheiði. Gönguskíðaferð

2. mars. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson. Verð: 3.500/2.000.

Af Vaðlaheiði er fagurt útsýni yfir Akureyri og Eyjafjörð. Svæðið er líka frábært til skíðagöngu og almennar útivistar. Ferð við allra hæfi.

Bakrangi í Út-Kinn

16. mars. Brottför kl 8 á einkabílum frá skrifstofu FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 3.500/2.000.

Ekið sem leið liggur að Björgum í Út-Kinn og gengið þaðan á fjallið. 8-10 km. Mesta hæð 717 m. Mikið útsýni yfir Skjálfandaflóa og Aðaldal.

Stöng – Þverá. Gönguskíðaferð

30. mars. Brottför klukkan 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð: 3.500/2.000.

Dagsferð þar sem gengið er á skíðum norður frá afleggjaranum í Stöng á Mývatnsheiði, austan Mávatsns, norður um Skollhólamýri og að Þverá í Laxárdal. Rifjuð upp sagan þegar tvær vinnukonur frá Þverá urðu úti við Skollhóla. Komið í Þverá í Laxárdal. 17 km. Létt leið.

Mosi. Gönguskiðaferð



6. apríl. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján Hjartarson. Þátttaka ókeypis.

Ekið til Dalvíkur og skíðað fram Böggvisstaðadal í Mosa, skála Ferðafélags Svarfdæla. 18 km. Greiða þarf aðstöðugjald 500 kr. í Mosa. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag Svarfdæla.

Súlur. 1143 m. Göngu- eða skíðaferð



1. maí. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Konráð Gunnarsson. Þátttaka ókeypis.

Árleg ferð FFA á bæjarfjall Akureyrar. Gengið er eftir merktri og nokkuð auðveldri gönguleið á fjallið. Af Súlum er afar fallegt útsýni. Göngubúnaður miðast við færi og aðstæður. Vegalengd 6,5 km hvor leið. Gönguhækkun 880 m.

Hnjótafjall – Helja. Gönguskiðaferð



4. maí. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján Hjartarson. Þátttaka ókeypis.

Lagt upp frá bílplani innan við Atlastaði í Svarfaðardal. Gengið fram Neðri-Hnjóta að Heljarbrekkunni uns komið er að Stóruvörðu efst á Heljardalsheiði. Gengið framhjá fjallinu Deili, fyrir botn Unadals eftir Hákömbunum og niður Skallárdal að Atlastöðum. 19 km. Hækkun 880 m. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag Svarfdæla

Fuglaskoðunarferð



11. maí. Brottför: Auglýst síðar. Farið á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Jón Magnússon og Sverrir Thorstensen. Verð: 3.500/2.000.

Árleg fuglaskoðunarferð FFA á staði sem vænlegastir eru til fuglaskoðunar á þessum tíma.

Vorferð í Botna



11-12. maí. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð: 9.500/6.000.

Ekið í Svartárvatn, gengið í Botna og gist í skála FFA í Suðurárbotnum.

Tungnafjall í Eyjafirði. 1140 m



18. maí. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson. Verð: 3.500/2.000.

Ekið inn að Munkaþverá að Rifkelsstaðarétt. Fossinn sem fellur í Mjaðmá skoðaður og gengið upp með Efri-Þverá, upp hrygg Tungnafjalls og hnjúkana hvern af öðrum á toppinn. 18 km. Hækkun 1000 m.

Óvissuferð. Hjóla- og gönguferð



25. maí. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Stefán Sigurðsson og Ingimar Árnason. Verð: 3.500/2.000.

Hrísey: Saga, náttúra og menning



1. júní. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Verð: 3.500/2.000.

Ekið að Árskógssandi og siglt með ferjunni til Hríseyjar. Gengið um eyna í fylgd staðarleiðsögumanns, Þorsteins Þorsteinssonar, sem fræðir okkur um byggð og náttúru. Sigling ekki innifalín í verði.

Þengilshöfði við Grenivík

8. júní. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Verð: 3.500/2.000.

Ekið á einkabílum til Grenivíkur þaðan sem gengið er eftir götuslóðum kringum höfðann. 8-10 km.

Egilsár- og Bólugil

15. júní. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frímenn Guðmundsson og Konráð Gunnarsson. Verð: 3.500/2.000.

Egilsárgil er mikið gil í Norðurárdal í Skagafirði og þar má lesa áhugaverða jarðfræðisögu. Sagt er að skessan Bóla hafi haldið sig í tilkomumiklu gljúfrinu og þar er sérkennileg og falleg, friðýst fossaröð.

Gönguvika: 18.-22. júní**Leyningshólar**

18. júní. Brottför kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Gunnar Jónsson. Verð: 1.500/1.000.

Ekið upp á hólalbrúnina í mynni Villingadals og gengið þaðan eftir vegi og stígum um hólana.

Vaglaskógur.

19. júní. Brottför kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Verð: 1.500/1.000.

Gengið um stærsta skóg norðan heiða.

Sumarsólstöður á Múlakollu. 970 m

20. júní. Brottför kl. 20 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frímenn Guðmundsson og Konráð Gunnarsson. Verð: 3.500/2.000.

Gengið frá gamla Múlaveginum, upp dalinn norðan Brimnesár. 8 km. Hækkun 930 m.

Kristnesskógur

21. júní. Brottför kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Þóroddsson. Verð: 1.500/1.000.

Gengið um skóginn og fjallað um sögu staðarins.

Jónsmessuferð á Haus í Staðarbyggðarfjalli. 560 m

22. júní. Brottför kl. 22 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 1.500/1.000.

Gengið frá Seli upp brekkurnar og að vörðunni nyrst á Hausnum. Mikið og fagurt útsýni.

Illagilsfjall. 1126 m.

29. júní. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Verð: 3.500/2000.

Ekið á einkabílum að Fornhaga þar sem gangan hefst. Gengið meðfram árgilinu. Vaða þarf yfir Lambá áður en haldið er á Illagilsfjall. Til baka um Kytru og heim að Fornhaga. Gönguþækkun 1106 m.

Hólaafjall í Öxnadal

6. júlí. Brottför kl 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Árni Gíslason. Verð: 3.500/2.000.

Ekið að Hólum í Öxnadal og gengið upp á norðurenda Hóla fjalls sem er hluti af Öxnadalselfstöðinni. Gengið fram fjallið og til baka undir klettum neðan við fjallsbrún aftur í bíla. Mesta hæð 922 m.

Kerling: Sjö tinda ferð. 1538 m

13. júlí. Brottför kl. 8 með rútu frá FFA Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson og Konráð Gunnarsson. Verð: 5.000/3.500. Innifalið: Rúta.

Gengið á hæsta fjall í byggð á Íslandi, Kerlingu í Eyjafirði. Ekið að Finnastöðum og þaðan gengið norður eftir tindunum Hverfanda, 1320 m, Þríklökkum, 1360 m, Bónða, 1350 m, Litla Krumma, Stóra Krumma, Syðri-Súlu, 1213 m og Ytri-Súlu, 1244 m og niður í Glerárdal. Um 20 km. Hækkun 1440 m.

Böggvisstaðadalur – Grímubrekkur – Böggvisstaðadalur

20. júlí. Brottför kl 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 3.500/2.000.

Ekið til Dalvíkur. Gengið fram Böggvisstaðadal, upp í Heiðarskarð á Reykjaheiði. Fjallsbrúnir gengnar að Grímubrekku, niður Grímudal í Böggvisstaðadal. Falleg fjallasýn. 19-20 km. Mesta hæð 1000 m.

Hörgárdalsheiði

27. júlí. Brottför kl 8 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 8.000/6.500. Innifalið: Rúta.

Ekið um Öxnadalshéið að gömlu brúnni yfir Norðurá við Heiðarsporð. Gengið fram Norðurárdal, upp á Hörgárdalsheiði, niður með Hörgá að Staðarbakka í Hörgárdal, í rútu. Um 25 km. Mesta hæð 450 m. Heiðin var löngum aðalleiðin milli Norðurárdals og Hörgárdals og talin fjölfarnari en Öxnadalshéið.

Bræðrafell – Askja

27.-30. júlí. Brottför kl. 8 á einkabílum (jeppum) frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frimann Guðmundsson. Verð: 35.000/23.000. Innifalið: Gisting.

Bílar þátttakenda verða ferjaðir af landvörðum frá Herðubreiðarlindum upp í Dreka.

1.d. Ekið í Herðubreiðarlindir. Eftir kaffi er gengið um greiðfært hraun í Bræðrafell og gist. 17 km.

2.d. Gengið á Kollóttudyngju og Bræðrafell skoðað. Gist í Bræðrafellsskála.

3.d. Gengið frá Bræðrafelli í Dreka. 17 km. Gist í Dreka.

4.d. Gengið frá Dreka yfir Dyngjufjöll að Öskju. Hópurinn sóttur á bílastæðið við Öskjuop og keyrður til baka í Dreka þar sem bílarnir bíða. Ekið heim um kvöldið.

Laxárdalsheiði: Fjallagrasaferð

3. ágúst. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð 3.500/2.000.

Dagsferð á Laxárdalsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu. Ekið í Brún í Reykjadal og gengið þaðan norðaustur á heiðina, um 2 km, að góðu fjallagrasalandi. Þar tínum við fjallagrös áður en haldið er til baka í bíla.

Blámannshattur

10. ágúst. Brottför klukkan 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Leo Broers. Verð: 3.500/2.000.

Ekið að Skarði í Dalsmynni og gengið á eitt hæsta fjall svæðisins, Blámannshatt sem er 1166 m hár. Mikið útsýni yfir Fnjóskadal, fjöll á Mývatnsöræfum, Eyjafjörð og yfir í Fjörður. Alls 13 km.

Vatnahjalli – Urðarvötn

17. ágúst. Brottför kl 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 3.500/2.000.

Ekið fram fyrir Hólsgerði í Eyjafirði inn að Hafrá. Gengið er eftir slóð upp á Vatnahjalla og fram með Urðarvötnum. Um Vatnahjalla lá ysti hluti Eyfirðingavegar sem forðum var vel þekkt leið milli landshluta. Á þessari leið má sjá fornar vörður svo sem vörðuna Sankti Pétur. Mesta hæð 900 m.

Forvöð – Hallhöfðaskógur í Öxarfirði

24. ágúst. Brottför kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð 3.500/2.000.

Gengið um mikilfengleg Jökulsárgljúfur að austan. Vígabjarg, Grettisbæli, Réttarfoss, fallegir berggangar sem minna á Hljóðakletta, Kallbjörg, Hallhöfðaskógur og þrýði svæðisins Hallhöfði sem er næstum ókleifur stuðlabergshöfði. Göngulengd um 16 km.

Siglunes: Sigling og gönguferð

31. ágúst. Brottför kl 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23

Fararstjórn: Una Þ. Sigurðardóttir. Verð: 11.500/10.000. Innifalið: Sigling.

Siglt frá Siglufirði út á Siglunes. Gengið um Siglunes og svo haldið áleiðis fram Nesdal og yfir Kálfsskarð til Siglufjarðar. 15-16 km. Mesta hæð 450 m. Greiða þarf þátttökugjald fyrir fimmtud. 29. ágúst.

Tunguheiðarvegur

7. september. Brottför kl. 8 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Sigurgeir Sigurðsson. Verð: 10.000/8.500. Innifalið: Rúta.

Tunguheiðarvegur er forn samgönguleið á milli héraða og víða má sjá ummerki um vegagerð fyrri tíma. Gangan hefst við Syðri-Tungu á Tjörnesi. Gengið er austur yfir heiðina og opnast þá útsýni austur yfir Kelduheiði. Komið niður að bænum Fjllum í Kelduhverfi. Vegalengd 16 km. Hækkun 480 m.

Skeiðsvatn

14. september. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Verð 3.500/2.000.

Ekið að Skeið í Svarfaðardal. Gengið fram að Skeiðsvatni eftir slóða og haustlitir skoðaðir.

Bíldsárskarð.

21. september. Brottför kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Verð: 6.000/4.500. Innifalið: Rúta.

Gangan hefst við bæinn Fífilgerði og er gengið eftir götuslóða yfir skarðið og komið niður í Fnjóskadal þar sem rúta bíður göngumanna. Vegalengd 10 km. Hækkun 530 m.

Fálkafell – Gamli – Kjarnaskógur

12. október. Brottför kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Verð: 3.500/2.000.

Gengið frá Súluvegi upp að Fálkafelli. Þaðan liggur leiðin að skátaskálanum Gamla og niður að Hömrum þar sem bílar eru geymdir. Fallegt útsýni yfir Akureyri og Eyjafjörð.

Bakkar Eyjafjarðarar

2. nóvember. Brottför kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson. Verð: 1.500/1.000.

Gangan hefst við bílastæðið við gamla Leiruveginn að austan. Upplögð fjölskylduferð.

Nýársganga



1. janúar, 2020. Brottför kl. 13 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson. Þátttaka ókeypis. Allir velkomnir út í óvissuna að fagna nýju ári.

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Heimasíða: www.gonguferdir.is

Fésbók: Ferðafélag Austur Skaftfellinga

Netfang: ferdafelag@gonguferdir.is

Sími: 869 0192

Brottför frá þjónustumiðstöð SKG við tjaldsvæðið á Höfn nema annað komi fram.

Stytttri göngur: 1.000 f. einn/1.500 f. hjón. Frítt f. 16 ára og yngri. Keðjubroddaleiga: 1.000 á dag.

Skógey. Fjölskylduferð



12. janúar, kl. 10. Broddar.

Stafafell – Hvannagil í Lóni



17. febrúar, kl. 10. Lagt af stað frá Stafafelli. Hækkun 200 m. Broddar.

Suðurfjörur. Fjölskylduferð



23. mars, kl. 10. Fjölskyldu- og jeppaferð.

Kapaldalur í Lóni



6. apríl, kl. 10.

Hoffellsdalur Nesjum



28. apríl, kl. 10.



Velkomin í Dalvíkurbyggð

Náttúruperla á Tröllaskaganum!

Fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar frá fyrstu hendi er Dalvíkurbyggð tilvalinn áfangastaður. Þar eru í boði fjölmargar gönguleiðir, styttri og lengri. Af lengri gönguleiðum má nefna gömlu þjóðleiðina yfir Heljardalsheiði milli Svarfaðardals og Hóla í Hjaltadal og einnig liggja þrjár gamlar þjóðleiðir yfir til Ólafsfiarðar, Reykjaheiði, Grímubrekku og Drangar, sem gaman er að ganga.

Í Dalvíkurbyggð má einnig finna glæsilega sundlaug, byggðasafn, menningarhús, frábært skíðasvæði, 9 holu golfvöll, sjóstangveiði, hestaferðir og margt margt fleira.

Allar frekari upplýsingar, gönguleiðalýsingar, gisting og fleira má finna á heimasíðu Dalvíkurbyggðar www.dalvikurbyggd.is og á síðunni www.visittrollaskagi.is



Endalausidalur – Laxárdalur

18. maí, kl. 10. Gengið frá Endalausadal í Lóni yfir í Laxárdal í Nesjum.

Gönguvikan: 6.-9. júní

6. júní, kl. 17. Gengið fyrir Horn. 

7. júní, kl. 17. Hafradalur, Nesjum 

8. júní, kl. 10. Morsárdalur – Kjós. Lagt af stað frá tjaldsvæði í Skaftafelli 

9. júní, kl. 10. Múlagljúfur í Örafum 

Vinnuferð í Múlaskála

16. júní. Brottfarartími auglýstur síðar.

Óvissuferð á Jónsmessu

23. júní. Nánar auglýst síðar.

Sæludagar í Lónsöræfum

5.-7. júlí. 3 dagar. Hámarksfjöldi: 20 manns. Panta þarf í þessa ferð.

1.d., föstud. Lagt af stað frá Smiðjunesi kl. 7. Ekið að Illakambi og gengið þaðan niður í Múlaskála. Fólk kemur sér fyrir í skálanum og svo er gengið um Víðibrekksker. 6-7 klst. Hækkun 680 m.

2.d. Gengið inn að Tröllakrókum um Leiðartungur. 7 klst. Hækkun 750 m.

3.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubru við Eskifell og þaðan að Smiðjunesi. Á leiðinni þarf að vaða Hnappadalsá. 8 klst. Hækkun 800 m.

Verð: 48.000/51.200. Innifalið: Fararstjórn, akstur, gisting, 2x morgunmatur, 2x nesti, 2x kvöldmatur.

Útileguferð

12.-14. júlí. Fossárdalur í Berufirði.

Berufjarðarskarð

18. ágúst. Í samvinnu við Ferðafélag Djúpavogshrepps. Nánar auglýst síðar.

Álftafjörður um Víðidal yfir í Lónsöræfi

11.-14. ágúst. 4 dagar.

Fararstjórn: Jón Bragason. Hámarksfjöldi: 15 manns.

Gist í skálum. Vaðskór nauðsynlegir. Matur er innifalinn fyrir utan göngunasl. Panta þarf í þessa ferð.

1.d., sunnud. Ekið inn Geithellnadal inn að Leirási, gengið um Háás og upp á hraun, fram hjá Hnútvatni og niður í Grund í Víðidal. Þar verður fræðst um búsetu fram til 1900. Víðidalsáin vaðin og gengið upp að Egilsseli. 8-10 klst. Hækkun um 800 m.

2.d. Gengið frá Egilsseli fram Tröllakróka og vindsorfin klettabelti skoðuð. Gengið upp á Tröllakrókahnaus sé veður bjart og niður á milli gilja að Múlaskála. 6-8 klst. Hækkun um 300 m.

3.d. Víðibrekksker. 6-7 klst. Hækkun 680 m.

4.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubru við Eskifell og þaðan að Smiðjunesi þar sem ferðin endar. Á leiðinni þarf að vaða Hnappadalsá. 8 klst. Hækkun 600 m.

Verð: 64.500/68.200. Innifalið: Fararstjórn, akstur, gisting, 3x morgunmatur, 3x nesti, 3x kvöldmatur.

Pórisdalur í Lóni

14. september, kl 10. Dímon og Dalsheiði.

Ketillaugarfjall í Nesjum 
20. október, kl. 10.

Hornafjarðafljót 
10. nóvember, kl. 10. Gengið frá brú yfir í Bjarnanes.

Aðventuferð/jólatrésferð 
Í desember. Með Skógræktarfélagi Austur-Skaftafellssýslu. Nánar auglýst síðar.

Ferðafélag Árnesinga

Heimasíða: www.ffar.is
Fésbók: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com
Sími: 897 0769

Brottför frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/ fésbók þegar nær dregur. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

Inghóll 
5. janúar. Göngufæri getur verið erfitt. Fallegt útsýni. 9 km. Hækkun 500 m. 4 klst.

Fagradalsfjall á Reykjanesskaga 
19. janúar. Þægilegt göngufjall, melar og mór. 13 km. Hækkun 430 m. 4 klst.

Eldborgir undir Meitlum – Stóra-Sandfell 
2. febrúar. Gengið um mela, móa og hraun. 12 km. Hækkun 340 m. 3-4 klst.

Strandganga 
23. febrúar. Gengið frá Sandgerði til Keflavíkur. Klappir, sandur og grýtt á köflum. 22 km. 6 klst.

Búrfell í Þingvallasveit 
9. mars. Breytilegt gönguland á góðan útsýnisstað yfir Þingvelli. 11 km. Hækkun 650 m. 3-4 klst.

Tilbrigði við Kleifarvatn 
30. mars. Hringur við annan hvorn enda vatnsins. Leikið af fingrum fram. Nánar auglýst í viðburði.

Keilir og nágrenni 
13. apríl. Þægilegt gönguland melar, mór og hraun. 9 km hringur. Hækkun 280 m. 4-5 klst.

Ingólfsfjall: Óhefðbundin leið 
24. apríl. Leikið af fingrum fram. Hækkun 500 m. 3 klst.

Hagafjall – Selfitafjall 
4. maí. Ljuf og þægileg gönguleið á fáfarnar slóðir. Útsýni yfir Þjórsá og til Þjórsárdals. 10 km. 3-4 klst.

Vestmannaeyjar

18. maí. Leikið af fingrum fram. Nánar auglýst í viðburði.

Mýrdalur

1. júní. Ferð í boði Ferðafélags Mýrdælinga.

Fimmvörðuháls

22. júní. Vinsæl, skemmtileg gönguleið. 23 km. Hækkun 1100 m. 9-10 klst.

Hekla

6. júlí. Glæsilegt útsýnisfjall, 1491 m. Fremur auðveld leið en alllöng. 13 km. Hækkun 1050 m. 6 klst.

Botnssúlur

20. júlí. Gengið upp frá Svartagili um Gagnheiði, norður fyrir Súlnaberg, upp með Háusúlu, í Bratta og á Syðstu-Súlu. Hækkun um 1000 m. 8-10 klst.

Hlöðufell

10. ágúst. Nokkuð brött leið en ekki tiltakanlega erfið. Glæsilegt útsýni. 4 km. Hækkun 740 m. 4 klst.

Fjallabak

24. ágúst. Leikið af fingrum fram. Nánar auglýst í viðburði.

Esja – Hátindur

7. sept. 14 km hringganga. Hækkun 910 m. 5 klst.

Pórsmörk

21.-22. sept. Gengið um Pórsmörkina báða dagana. Nánar auglýst í viðburði.

Kvígindisfell

12. okt. Gengið frá Uxahryggjaleið. Gott útsýni af auðveldu 783 m fjalli. 7 km. Hækkun 630 m. 3-4 klst.

Esja – Dýjadalshnjúkur

26. okt. 11 km. Hækkun 790 m. 4 klst.

Efstadalsfjall

9. nóv. Þægileg gönguleið frá Miðdal um slóða, mela og móa. 11 km. Hækkun 600 m. 4 klst.

Pingvellir

30. nóv. Þægileg ganga um stíga og slóða í Þjóðgarðinum. Leikið af fingrum fram. 3 klst.

Hellisskógur

11. des. Jólakakó.

Ferðafélag Djúpavogs

Heimasíða: www.djupivogur.is

Fésbók: Ferðafélag Djúpavogs

Netfang: johannh@simnet.is

Hnúta í Hamarsfirði. Gönguferð

21. júní, kl. 20. Fararstjórn: Eiður Ragnarsson, 898 6056. Verð: 1000.

Askja og nágrenni

27.-28. júlí. Á eigin bílum og sameinast í bíla. Fararstjórn: Eiður Ragnarsson, 898 6056. Verð: 1000.

Berufjarðarskarð. Gönguferð

17. ágúst. Með Ferðafélagi Austur-Skaftfellinga. Fararstjórn: Kristján Karlsson, 892 5887. Verð: 1000.

Sunnutindur. Gönguferð

7. september. Fararstjórn: Jóhann Hjaltason, 661 3913. Verð: 1000.



VELKOMIN Í KERLINGARFJÖLL

571 1200 – 664 7000 – www.kerlingarfjoll.is – info@kerlingarfjoll.is



Fjölbreyttir gistimöguleikar á einu af fallegasta útivistarsvæði hálendisins

Ferðafélag Fjarðamanna

Heimasíða: www.ferdafelag.is

Netfang: ffau@simnet.is

Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

Skíðaganga

19. apríl, föstudagurinn langi. Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson.

Snjóalög ráða för. Nánar auglýst á heimasíðu er nær dregur.

Hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði

21. apríl, páskadagur, kl. 6 við Norðfjarðarvita á Bakkabökkum. Fararstjórn: Laufey Þóra Sveinsdóttir.

Mun sólin dansa þessa páska? Upprifjun á sögnum.

Grænafell, Reyðarfirði

21. apríl, páskadagur kl. 10 við Geithúsargil. Fararstjórn: Róbert Beck og Friða Björk.

Fjölskylduganga á Grænafell. Páskaeggjð opnað.

Fuglatalning og fuglaskoðun

11. maí, kl. 12:30 við Leiruna í Norðfirði og kl. 13:30 við Andapollinn á Reyðarfirði.

Samvinnuferð með Náttúrustofu Austurlands um leirur Reyðarfjarðar og Norðfjarðar. Sérfræðingar Náttúrustofu stjórna talningu og koma með „fuglaskóp“ fyrir þátttakendur.

Bæjarrölt á Breiðdalsvík

25. maí, kl. 11 við Hótel Bláfell. Fararstjórn: Páll Baldursson.

Blandað er saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun.

Geldingaskarð – Seldalur

8. júní, kl. 10 við Seldalsbæinn. Fararstjórn: Laufey Þóra Sveinsdóttir.

Fyrir alla fjölskylduna.

Göngu- og gleðivikan: Á fætur í Fjarðabyggð

22.-29. júní. Nánar auglýst síðar.

Hellisfjarðarhringurinn

13. júlí, kl. 10 við Grænanes. Fararstjórn: Laufey Þóra Sveinsdóttir.

Gengið um Hnjúka í Hellisfjörð og Götuhjalla til Neskaupstaðar.

Stuðlaheiði

20. júlí, kl. 10 við Stuðla í Reyðarfirði. Fararstjórn: Anna Berg Samúelsdóttir.

Gengið upp á Stuðlaheiði og út á Skessu.

Neistaflugsganga

3. ágúst, kl. 10 við Norðfjarðarvita. Fararstjórn: Benedikt Sigurjónsson.

Fjölskylduganga út í Hundsvík.

Hnjúkurinn milli skarðanna. 1039m. 

17. ágúst, kl. 10 við Fáskrúðsfjarðargöng í Reyðarfirði. Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson.
Gengið upp Hrutadal á fjallið.

Glámsaugnatindur. 772m. 

24. ágúst, kl. 10 við Helgustaði í Reyðarfirði. Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson.
Gengið upp með Helgustaðarargili upp á Hrygg og þaðan á tindinn.

Hjólaferð 

31. ágúst, kl. 10 við Fáskrúðsfjarðargöng í Reyðarfirði.
Hjólað út Fáskrúðsfjörð til Reyðarfjarðar. Um 60 km.

Hautganga í Vöðlavík. 

7. september, kl. 10 við skála ferðafélagsins á Karlsstöðum í Vöðlavík.
Fararstjórn: Kamma Gísladóttir. Nánar auglýst síðar á heimasíðu félagsins.

Perlur Austurlands – Heiðarbylin í Jökuldalsheiði – Gönguleiðir við allra hæfi

STÓRKOSTLEGAR GÖNGULEIÐIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Perlurnar eru á wappinu

Wapp 

VISIT
EGILSSTAÐIR
www.visitegilsstadir.is



FLJÓTSDALSHÉIÐ

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs

Heimasíða: www.ferdaf.is

Fésbók: Ferðafélag Fljótsdalshéraðs

Netfang: ferdaf@ferdaf.is

Sími: 863 5813

Allar sunnudagsgöngurnar: Verð: 500. Mæting við hús Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarási 8 á Egilsstöðum. Fólk er hvatt til að taka þátt í perlu-gönguleiknum.

Hjálpleysa – Valtýshellir (perla)

5. maí, kl. 10. Valtýshellir er lítill skúti innan við urðarrana skammt inn af Hjálpleysuvatni. Gengið frá þjóðvegi 95 austan (utan) við Gilsá, framhjá rústum Hátúna, en það var myndarþýli í árdaga. Þaðan er gengið í Hjálpleysu, sem er þröngur dalur á milli Sandfells og Hattar í Skriðdal.

Ekkjufell í Fellum

12. maí, kl. 10. Ekkjufell í Fellum. Ekið að Vinlandi og þaðan gengið á Ekkjufell og Grettistak skoðað. Um 3 klst. fyrir fjölskyldur.

Brimnes við Seyðisfjörð

19. maí, kl. 10. Ekið frá Seyðisfirði að bóndabænum Selsstöðum og gengið þaðan eftir gömlum jeppaslóða. Brimnes er út í fjarðarmynni á norðurströnd Seyðisfjarðar. Á öldum áður var þar ein öflugasta útgerð sem fyrirfannst á Austfjörðum. Tóftir gamalla bygginga má sjá þar í einstaklega fallegu umhverfi. Þar er einnig viti. Ógleymanleg gönguferð í góðu veðri.

Múlakollur (perla)

26. maí, kl. 10. Ekið að Þingmúla í Skriðdal. Múlakollur er fremsti hluti Þingmúla, sem skiptir Skriðdal í norður- og suðurdal. Bærinn Þingmúli var helsti þingstaður Austfirðinga um nokkrar aldir og eru Múlasýslur nefndar eftir honum.

GÓÐ RÁÐ FYRIR FERÐAMENN

Göngustafir

Göngustafir auka öryggi og léttu gönguna þar sem þyngdin dreifist á fjóra punkta í stað tveggja. Ekki er ástæða til að nota stafina stöðugt heldur hengja þá öðru hverju á pokann þegar gengið er á sléttendi. Nokkrar tegundir eru til af stöfum en í fjallgöngum er þægilegt að hafa stafi sem hægt er að stilla lengdina á.

112 snjallsímaforritið

Æskilegt er að hlaða niður 112 snjallsímaforritinu niður fyrir brottför ef síminn býður upp á það. Með því er bæði hægt að skilja eftir sig „slóð“ sem hægt er að rekja ef þörf krefur og kalla á aðstoð við slys eða óhapp. Gott er að temja sér einnig að skrifa nafn sitt ávallt í gestabækur í þeim fjallaskálum sem á veginum verða.

Ef ratað er í villu á að halda kyrru fyrir, búa sér til skjól, halda á sér hita með því að hreyfa sig og gæta þess að sofna ekki. Við leit úr lofti er nauðsynlegt að gera vart við sig með einhverjum hætti og því gott að hafa eitthvað skært að lit meðferðis.

Hengifoss (perla)

2. júní, kl. 10. Þriðji hæsti foss landsins, 128m hár í Hengifossá. Gengið frá bílastæði, hækkun um 300 m. Á leiðinni upp sést eitt hæsta stuðlaberg landsins við Litlanesfoss.

Fjölskylduferð í Húsey (perla)

9. júní, kl. 10. Ekið í Húsey og gengið um sléttuna utan við Húseyjarbæina. Frítt fyrir 14 ára og yngri.

Landsendi (perla)

16. júní, kl. 10. Gengið frá þjóðvegi (áður en haldið er upp á Hellsheiði) við Biskupshól út að Keri, sem er forn verstöð og þaðan út á Landsendahorn. Þaðan er afar fallegt útsýni yfir Móvíkur, tvær vikur, sem eru næst fyrir utan Landsenda og mynda stórar geilur inn í strandfjöllin.

Sólstöðuganga í Stapavík (perla)

21. júní, kl. 20. Ekið að Unaósi. Gengið frá bílastæði við heimkeyrsluna að Unaósi, út með Selfljóti. Fararstjórn: Stefán Kristmannsson. Frítt fyrir 14 ára og yngri.

Treglugil á Jökuldal

23. júní, kl. 10. Ekið að bænum Merki í Jökuldal og þaðan gengið í Tregagil (Treglugil), rétt innan við bæinn. Eitt hrikalegasta þverárgil á Jökuldal, allt að 100 m djúpt og álíka breitt ofantil. Um gilið fellur Tregagilsá, vanalega kölluð Tregla, og myndar 30-40 m háan, flúðakenndan foss í heiðarbrún sem sést lítið tilýndar vegna þess hve gilið er krókótt og þröngt. Fararstjórn: Lilja Óladóttir.

Svartfell, Borgarfirði eystri

30. júní, kl. 9. Gengið upp á tind Svartfells, 510 m, Brúnavíkurmegin. Fallegt útsýni er af toppnum yfir Borgarfjörð og Brúnavík. Á toppnum er að finna gestabók sem allir eiga að skrifa í. Farið er sömu leið niður af fjallinu. Svartfellsliðarnar eru fallett framhlaup sem hefur myndast einhvern tímann eftir síðastliðna ísöld. Þetta er leið 25 í ágætu göngukorti um Víknaslóðir. Fararstjórn: Sighvatur Sighvatz

Stuðlagil

7 júlí, kl. 10. Stuðlagil er í árfarvegi Jökulsár í Dal og eitt af stærri stuðlabergssvæðum landsins. Tvær merktar gönguleiðir liggja að giliinu frá bænum Grund í Jökuldal, að mismunandi útsýnisstöðum.

Velkomin á Seyðisfjörð

– þar sem fossarnir syngja, menningin blómstrar og ævintýrin bíða þín. Fjallgöngur, styttri gönguferðir, golf, sund, listasöfn, fjölbreytt gisting og matarmenning og fleira.

Kíktu á www.visitseydisfjordur.is til að vita meira.

VISITSEYÐISFJÖRÐUR



Dagsferð á heiðarbylin: Þessi klassíska **13. júlí, kl. 9.** Fararstjórn: Þorvaldur P. Hjarðar.

Gengið að tíu heiðarbylum. Ekið á bílum á milli og gengið að hverju býli. Gangan í hvert skipti er ekki löng og því er þetta tilvalið fyrir alla fjölskylduna. Gott tækifæri til að fylla stimpilkort og taka þátt í skemmtilegum gönguleik Ferðafélagsins. Hjá hverju býli er hólkur sem inniheldur upplýsingar um býlið, ábúendur og sögur tengdar því ásamt gestabók og stimpli fyrir stimpilkortin.

Býlin sem verða heimsótt í þessari ferð eru: Ármótasel, Háreksstaðir, Fagrákinn, Kálfell, Brunahvammur, Rangalón, Grunnvatn, Heiðasel og endað í Sænautaseli.

Verð 8.000/7.000. Innifalið: Kvöldmatur í Sænautaseli, stimpilkort og fararstjórn.

Krossanes úr Vöðlavík (perla) **14. júlí, kl. 9.** Ekið að Kirkjubóli í Vöðlavík og gengið að Krossanesi. Fararstjórn: Sigurjón Bjarnason.**Skælingur**

21. júlí, kl. 9. Skælingur er kletta-fjall á milli Loðmundarfjarðar og Húsavíkur í Víkum. Fjallið er svipmik-ið og sést langt af hafi. Það hefur stundum verið nefnt kínverska hofið þar sem klettaborgin efst minnir á steinrunnið kínverskt musteri. Ekið á Borgarfjörð og þaðan á Nesháls á milli Húsavíkur og Loðmundarfjarðar. Þaðan er gengið á Skæling. Fararstjórn: Stefán Kristmannsson.

Víkna-slóðir **24.-27. júlí. 4 dagar.** Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir. Lágmark: 10 manns.**1.d.** Ekið kl. 9 frá Fjarðarborg. Borgarfjörður – Brúnavík – Breiðavík.**2.d.** Breiðavík – Húsavík.**3.d.** Húsavík – Klyppstaður.**4.d.** Klyppstaður um Kækjuskörð til Borgarfjarðar.

Verð: 46.500/43.000. Innifalið: Skálagisting, trúss og fararstjórn. Skráningu lýkur 10. júlí.

Búrfell

28. júlí, kl. 10. Ekið að Fossvöllum við Hlíðarveg, Þjóðveg 917, utan Brúarásskóla. Gengið upp með Laxá og Hólmá sem rennur úr Búrfellsvatni, ofan við Búrfellið. Fararstjórn: Jón Óli Benediktsson.

Stóruð (perla)

4. ágúst, kl. 9. Stóruð er eitt stórfenglegasta náttúruyfyrirbrigði á Austurlandi og þó víðar væri leitað. Talið er að hinar stóru steinblokkir sem einkenna hana hafi fallið á ís og hann síðan flutt þær fram dalinn og mótað þannig þessa undraveröld, slétta grasbala og hyl djúpar tjarnir innan um stór björg á hæð við fjölbýlishús. Yfir öllu þessu gnæfa tignarleg Dyrfjöllin. Fararstjórn: Þorsteinn Bergsson.

Hvannárgil (perla)

11. ágúst, kl. 9. Hvannárgil er röð gilja við Kverkfjallaveg, með fjölbreyttum klettamyndunum. Í miðgilinu er falleg hvelfing sem gaman er að skoða. Efst gilið er stórbrotið og endar í fallegum fossi. Ekin Kverkfjallaleið inn að Hvanná. Gengin hringleið frá Kjósstaðaskoru um Vatnsstæði, inn í Hvannárgil neðsta og gegnum þau öll til enda. Fararstjórn: Vernharður Vilhjálmsson.

Víkna-slóðir: Krakkaferð. I. hluti **17.-19. ágúst.** Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir. Lágmark 10 manns.

Þessi ferð er sérstaklega hugsuð fyrir fjölskyldur og yngri kynslóðina. Stefnt að II. hluta sumarið 2020.

1.d. Ekið á einkabílum kl. 9 frá Fjarðarborg. Gengið frá Borgarfirði til Breiðuvíkur í gegnum Brúnavík.

A photograph of three hikers in a mountainous landscape. A man in a blue jacket and cap is pointing at a map held by a woman in a red jacket. Another man in a green jacket stands behind them. They are all wearing backpacks and using trekking poles. The background shows a dirt path winding through a grassy valley with mountains in the distance.

Allt fyrir gönguferðina



MAMMUT



Vango

HILLEBERG

THE TENTMAKER



SINCE 1988

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

2.d. Gengið frá Breiðuvík og yfir í Húsavík þar sem hópurinn sameinast í bíla til baka á Borgarfjörð. Verð: 10.000 f. fullorðna. Frítt f. börn undir 18 ára. Innifalið: Fararstjórn, skálagisting og trúss. Skráningu lýkur 4. ágúst.

Perribjörg (perla)

18. ágúst, kl. 9. Perribjörg eru staðsett á Skaganum milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa. Klettarnir eru einhverjir litríkustu sjávarklettar á Íslandi. Gulir, appelsínugulir og svartir, skriða þeir fram af heiðinni ofan í grænbláan sjóinn. Ekið út á Hellisheiði og um vegslóða að Kattárdal.

Dagsferð á heiðarbýlin: Útheiðin

24. ágúst, kl. 9. Fararstjórn: Þorvaldur P. Hjarðar.

Gengið að tíu Heiðarbýlum. Ekið á bílum á milli og gengið að hverju býli. Gangan í hvert skipti er ekki löng og því er þetta tilvalið fyrir alla fjölskylduna. Gott tækifæri til að fylla stimpilkort og taka þátt í skemmtilegum gönguleik Ferðafélagsins. Hjá hverju býli er hólkur sem inniheldur upplýsingar um býlið, ábúendur og sögur tengdar því ásamt gestabók og stimpli fyrir stimpilkortin.

Býlin sem verða heimsótt í þessari ferð eru: Arnarvatn, Desjamýri, Kálffell, Brunahvammur, Fagrákinn, Lindasel, Háreksstaðir, Hlíðarendi, Ármótasel og endað í Sænautaseli.

Verð 8.000/7.000. Innifalið: Kvöldmatar í Sænautaseli, stimpilkort og fararstjórn.

Spanarhóll (perla)

25. ágúst, kl. 10. Spanarhóll er áberandi stuðlabergshóll í svonefndum Fjórðungi í Heiðinni út og upp af Ormarsstöðum. Innan við hann eru þrír lægri hólar með stuttu millibili í beinni röð, einnig úr stuðlagrjóti, sem er meira eða minna brotið upp og myndar stórgrýtta urð. Óreglulegt stuðlaberg kemur einnig fram í Fjórðungshálsbrún, vestur af Spanarhól. Spanarhóll er vel þekktur huldulófsstaður. Ekið inn Fellin að Refsmýri og þaðan gengið að Spanarhóli.

Lónsöræfi

26.-29. ágúst. 4 dagar. Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir. Lágmark: 10 manns

Ganga í stórkostlegu umhverfi um ein afskekktustu öræfi landsins. Litríkar og fjölbreyttar jarðmyndanir setja svip sinn á svæðið sem lætur engan ósnortinn.

1.d. Ekið kl. 8 með rútu. Eyjabakkar – Geldingafell.

2.d. Geldingafell – Vesturdalur – Egilssel.

3.d. Egilssel – Víðidalur – Tröllakrókar – Múlaskáli.

4.d. Múlaskáli – Smiðjunes.

Verð: 54.500/51.000. Innifalið: Skálagisting, akstur og fararstjórn. Skráningu lýkur 12. ágúst.

Strútsfoss (perla)

1. september, kl. 10. Strútsfoss í Strútsá steypist fram af brúnum Villingadals inn af Suðurdal. Fossinn sem er tvískiptur, er með þeim hætti á landinu. Neðri hlutinn er um 100 m hár og sá efri um 20 m. Neðan fossins fellur áin í djúpu gili, Strútsgili. Að öllum líkindum draga áin og fossinn nafn sitt af strýtulaga klettadrangi eða dröngum í gilinu. Strútsgil er afar litfagurt en í því skiptast á basalhraun og setlög, tugir metra á þykkt, rauð og gulbrún, ásamt líparíti á einum stað. Innri-Þverá fellur ofan í gilið skammt frá Strútsfossi og myndar fallega fossaröð. Gönguleiðin liggur frá Sturluföt, innsta bæ í Suðurdal, austan Kelduár. Gengið er upp með Fellsá austanvert í Villingadal.

Bjargselsbotnar (perla)

8. september, kl. 10. Bjargselsbotnar er gönguleið ofan við Hallormstaðarbæinn. Gönguleiðin er undir endilöngu Hallormsstaðabjargi. Fallegt útsýni er yfir skógivaxið Hallormstaðarsvæðið og Fljótsdal. Ekið að Hallormsstað. Gengið frá Hússtjórnarskólanum og ljósgrænum stikum fylgt.

(Hátúna) Höttur

15. september, kl. 10. Höttur (Hátúnahöttur) er tignarlegt fjall, sem rís upp af fjallshryggnum milli Austur-Valla og Fagradals, og er af mörgum talinn bæjarfjall Egilsstaða. Gengið frá skilti austan (utan) við Gilsá í átt að Grjótánni aðeins utan við Víðihjalla og upp með ánni. Áfram upp á Hattarhólana og síðan beygt inn eftir og upp á Höttinn, 1106 m.

Grjótgarðurinn ofan Hjarðarhaga

22. september, kl. 10. Um 3-4 km grjótgarður liggur frá Urðarfossi, efsta fossi í Sauðá, norðaustur Hjarðarhagaheiði í átt að Teigará. Garðurinn er hrúnninn að mestu en þó vel greinilegur. Gönguleiðin er frá vegamótum Hnefilsdalsvegur 924 og Þjóðvegur nr. 1. Gengið í gegnum hlið á girðingu ofan vegar og stefnt á neðsta foss í Sauðá, Sitjanda og síðan upp með Sauðánni upp á dalbrún, að grjótgarðinum.

Stuttidalur

29. september, kl. 10. Stuttidalur liggur í austur á milli Hallbjarnarstaðatinds og Haugafjalls. Haugahólar eru geysimikið berghlaup, eitt hið stærsta á Íslandi. Gönguleiðin er stíkuð og fer upp að fallegri tjörn skammt innan við Sjónarhraunið. Upplagt að fara yfir ána og ganga um Haugahólana til baka niður að Þjóðvegi. Gengið frá skilti við gönguhlið rétt við Þjóðveginn utan við Haugaána.



**VERTU Á
VILLIGÖTUM**

GAP

WWW.GAP.IS

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200

 **KROSS**

 **mongoose**

 **cannondale**

Ferðafélagið Hörgur

Heimasíða: <http://horgur.123.is>

Netfang: addipals@internet.is

Sími: 897 2888

Þátttaka ókeypis.

Staðarhnjúkur. Sólstöðuganga

21. júní, kl. 20. Mæting við Leikhúsið á Möðruvöllum. Gengið á Staðarhnjúk.

Illagilsfjall og Nautárhjúkur

6. júlí, kl. 10. Mæting við Tungurétt í Hörgárdal. Gengið upp með Ytri-Tunguá á Illagilsfjall og þaðan út á Nautárhjúk. Á heimleiðinni verður farið niður um Apalækjaskálar.

Kirkjufjall

7. júlí, kl. 9. Mæting við Tungurétt í Hörgárdal. Gengið um Tunguhnjúk á Kirkjufjall.

Blástakkur

20. júlí, kl. 9. Mæting við Bug í Hörgárdal, ekið í Baugasel og gengið á Blástakk um Skarðsárskarð.

Ferðafélag Ísfirðinga

Fésbók: Ferðafélag Ísfirðinga

ferdafelag.isfirdinga@gmail.com

Ísafjörður: Söguganga. Fjölskylduferð

18. maí, kl. 10 frá Gamla sjúkrahúsinu. Fararstjórn: Jóna Símónía Bjarnadóttir.

Bardagi – Hattardalsfjall

24. maí, kl. 18 frá búðinni í Súðavík. Fararstjórn: Orri Sverrisson.

Mýrarfell

1. júní, kl. 10 frá veginum vestan Mýra. Fararstjórn: Hildur Halldórsdóttir.

Um Önundarfjörð: Hjólaferð

6. júní, kl. 18 frá Bónus á Ísafirði. Fararstjórn: Ómar Smári Kristinsson.

Surtafjallsnáman í Syðridal

12. júní, kl. 18 frá Gilsbrúnni í Bolungarvík. Fararstjórn: Jóhann Hannibalsson.

Kroppstaðaskál: Fjölskylduferð

22. júní, kl. 11 frá sundlauginni í Bolungarvík. Fararstjórn: Elín Þóra Stefánsdóttir.

Dalbær – Flæðareyri – Grunnavík – Sandeyri – Dalbær

27.-30. júní, kl. 10 frá Dalbæ. Gengið með allan búnað og tjaldað. Fararstjórn: Ólafur Halldórsson.

Skráning fyrir 15. júní á netfangið ferdafelag.isfirdinga@gmail.com. Lágmark 8 manns.

Verð: 22.000/26.000. Innifalið: Fararstjórn og tjaldstæði.

Keldudalur: Söguganga. Fjölskylduferð

29. júní, kl. 13 frá brúnni í Keldudal. Fararstjórn: Gunnhildur Björk Elíasdóttir.

Hörgshlíð – Miðhús

6. júlí, kl. 10 frá Hörgshlíð. Fararstjórn: Anna Lind Ragnarsdóttir.

Botn – Selárdalur: Gönguferð með jóga. Fjölskylduferð

13. júlí, kl. 9 frá Bónus á Ísafirði, kl.9:30 frá Botni, Súgandafirði. Fararstjórn: Gunnhildur Gestsdóttir.

Fossheiði

20. júlí, kl. 7 frá Bónus á Ísafirði, kl. 10 frá Fossi í Fossfirði. Skráning fyrir 13. júlí á netfangið ferdafelag.isfirdinga@gmail.com. Fararstjórn: Magnús Valsson. Verð auglýst síðar.

Um Látrabjarg

27. júlí, kl. 7 frá Bónus á Ísafirði, kl. 11 frá Breiðuvík. Skráning fyrir 10. júlí á netfangið ferdafelag.isfirdinga@gmail.com. Hægt að gista eina nótt í svefnpokagistingu eða tjaldi ef vill. Fararstjórn: Eyjólfur Tryggvason. Verð auglýst síðar.



Engin
ólykt



Engar
stíflur í
klósetti



Engar
stíflur í
frárennsislögnum

BIO TECH

Vistvænar rekstrarvörur

- fyrir þig og umhverfið



Án þess að
nota BIOTECH



Eftir 10 daga
með BIOTECH



Eftir 30 daga
með BIOTECH



BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salemum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennsislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotbróm.



Velkomin

- í vefverslun RV.is



Rekstrarvörur

- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is



RV 1111 1111

Vatnshlíðarfjall

3. ágúst, kl. 9 frá búðinni í Súðavík. Fararstjórn: Anna Lind Ragnarsdóttir.

Út að Hestfjallinu í Seyðisfirði

3. ágúst, kl. 9 frá búðinni í Súðavík. Fararstjórn: Barði Ingibjartsson.

Kaldbakur

4. ágúst, kl. 9 frá búðinni í Súðavík, kl. 9:30 frá Bónus á Ísafirði. Fararstjórn: Barði Ingibjartsson.

Ögurnes: Söguganga

4. ágúst, kl. 12 frá samkomuhúsinu í Ögri. Fararstjórn: Guðfinna Hreiðarsdóttir.

Kofri

5. ágúst, kl. 10 frá búðinni í Súðavík. Fararstjórn: Barði Ingibjartsson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Skagi

10. ágúst, kl. 10:30 frá Hrauni á Ingjaldssandi. Fararstjórn: Jón Reynir Sigurvinsson.

Mosdalur

17. ágúst, kl. 12 frá afleggjara í Valbjófsdal. Fararstjórn: Guðmundur Steinar Björgmundsson.

Tungudalur – Botnsdalur

8. september, kl. 10 frá skíðaskálanum í Tungudal. Fararstjórn: Pröstur Jóhannesson.

Súpuferð

5. október. Nánar auglýst er nær dregur. Létt og fræðandi ganga. Boðið upp á súpu í lokin.

Ferðafélag Mýrdælinga

Heimasíða: www.myrdalur.com

Fésbók: Ferðafélag Mýrdælinga

Netfang: myrdalur@gmail.com

Sími: 869 0170

Reynisfjall og Hatta

18. maí

Klifurárgil

1. júní

Búrfell: Kvöldganga

13. júní

Bólsstaður: Kvöldganga

27. júní

Hekla 

6. júlí. Gestaganga með Ferðafélagi Árnesinga.

Ferðafélagið Norðurslóð

Fésbók: Ferðafélagið Norðurslóð

Netfang: ffnordurslod@simnet.is

Sími: 892 8202

Tumavík í Þistilfirði 

12. janúar, kl. 11 frá brúnni yfir Laxá. Gengið niður með Laxá niður í Tumavík og þaðan upp með Hölná. 8 km.

Eyjan í Ásbyrgi 

23. febrúar, kl. 13 frá Gljúfrastofu. Ásbyrgi er ægifagurt á öllum árstímum. Fyrir alla fjölskylduna. 5 km.



ÓMISSANDI Í ÚTIVISTINA!
MERINO ULL HLÝJAR Í KULDA OG SVALAR Í HITA.
ULLIN ER LÉTT, ANDAR VEL OG ÞORNAR HRATT.


Ullarkistan
WWW.ULLARKISTAN.IS


JANUS

**MIKIÐ ÚIRVAL
Á BÖRN OG FULLORÐNA**

SKEIFUNNI - LAUGAVEGI - GLERÁRTORGI

Gestabókarganga frá Kópaskeri

23. mars, kl. 13 frá skólahúsinu á Kópaskeri. Í sumar verður gestabókin í fjárborginni við flugvöllinn norðan Kópaskers. Gengið út að Kópaskersvita og áfram út með ströndinni. Gestabókin er í kassa við veggjabrotin. 5 km.

Kirknaganga í Pistilfirði

19. apríl, kl. 13 frá Forystufjársetrinu. Á föstudaginn langa verður genginn hringur í kringum Svalbarð, að Svalbarðskirkju. Fræðst um kirkjuna og Forystufjársetrið heimsótt. Hressing í göngulok. 7 km.

Fuglaskoðunarferð við Raufarhöfn

11. maí, kl. 13 frá kirkjunni á Raufarhöfn. Mikið fuglalíf er á og í kringum Raufarhöfn, allt iðar af lífi.

Hraunhafnartangi

8. júní, kl. 13 frá afleggaranum. Á alþjóðlegum degi hafsins verður gengið að Hraunhafnarvita norðan Raufarhafnar. Lítt og skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna.

Sólstöðuganga við Öxarfjörð

21. júní. Lagt er af stað síðla kvölds og gengið inn í bjarta sumarnóttina. Gangan er hluti af Sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Nánar auglýst síðar.

Langanes – Fontur. Bækistöðvarferð

30. júní-4. júlí. 5 dagar. Skráning: ffnordurslod@simnet.is fyrir 1. júní.

Bækistöðvarferð út frá Gistiheimilinu Ytra Lóni á Langanesi. Ferð um áður friðsæla byggð, eyðiborp með mikla sögu, um líflæg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Gist í 4 nætur á gistiheimili. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið en góð eldunaraðstaða er á gistiheimilinu. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa og þurfa þátttakendur að vera í nokkuð góðri göngupjálfun.

1.d. sunnudagskvöld. Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langanesi þar sem þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Genginn eyðibýlahringur og fræðst um sögu bæjanna, gróðurinn, fuglana og fjöllin. 15 km.

3.d. Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. 16 km

4.d. Ekið upp á Heiðarfjall og menjar ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðaðar. Síðan niður í Hrollaugsstæði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiborpinu Skálum. 12 km. Ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlabyggðina í Stóra-Karli.

5.d. Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningarminjar. Komið við í Sauðaneshúsi í lok ferðar. 8 km.

Verð: 64.000/69.000. Innifalið: Gisting, 4x morgunmat, 3x kvöldmat, akstur, göngukort, aðgangseyrir og fararstjórn.

Öxarfjörður út og suður: Um núpa, gil og gljúfur. Bækistöðvarferð

9.-13. júlí. 5 dagar. Skráning: ffnordurslod@simnet.is fyrir 8. júní.

Gengið frá fjöru til fjalla, um núpa, gil og gljúfur. Gist er á farfuglaheimili á Kópaskeri í fjórar nætur. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið en góð eldunaraðstaða er á farfuglaheimilinu.

1.d., þriðjudagur. Mæting á Farfuglaheimilið á Kópaskeri þar sem þátttakendur koma sér fyrir. Fræðslufundur kl. 20 þar sem farið er yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Gengið út að Snartarstaðanúp, um Grímshöfn, Vörsluvík og fleiri vikur, með viðkomu í Kópaskersvita, yfir Núpinn og ofan í Hvalvík. Síðan ekið að Núpskötlum og gengið á Rauðanúp. 15 km.

3.d. Menningar- og fræðslurölt á Kópaskeri og næsta nágrenni. Byggðasafnið og Skjálftasetur heimsótt og gengið um Kópaskersmisgengið. 8 km.

4.d. Gengið að Naustárfossi, þaðan upp á Öxarnúp og litið yfir Öxarfjörðinn. Gengið í Klaufargerði og fræðst um kumlið sem fannst þar í grenndinni. Síðan um Svelting í Buðlungahöfn. 14 km.

5.d. Eftir heimsókn í Grettisbæli er gengið upp með Jökulsá að austan, um Borgirnar upp að Gloppu, ofan í gljúfrin og upp úr þeim aftur. Fáfarnar slóðir í ævintýrlegu umhverfi Jökulsárgljúfra. 8 km.

Verð: 51.000/56.000. Innifalið: Gisting, 3x kvöldmatur, akstur, aðgangseyrir, göngukort, fararstjórn.

Ganga í nágrenni Þórshafnar

Júlí. Gangan er í tengslum við Bryggjudaga á Þórshöfn. Nánar auglýst síðar.

Sléttugangan

17. ágúst, kl. 9 frá Hótel Norðurljósum. Gengið frá Raufarhöfn að Kópaskeri, þvert yfir Melrakkaslétu. Þetta er löng ganga, um 30 km, en slétt undir fæti. Sund og kvöldverður á Raufarhöfn að lokinni göngu. Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Hallhöfðaskógur

24. ágúst, kl. 13 frá Hafursstöðum. Gengið frá Hafursstöðum niður í Hallhöfðaskóg. Það er auðveld ganga eftir götuslóða. Þaðan er hægt að fara sömu leið til baka að Hafursstöðum eða ganga út að Jökulsá, upp með henni og aftur að upphafsreit. 8-10 km.



Hágæða ferðakort og kortabækur



www.ferdakort.is
www.mapoficeland.com



Á Kaldbaki, hæsta fjalli Vestfjarða
Ljósmynd: Ólafur Már Björnsson

Ganga í nágrenni Raufarhafnar

28. september. Gangan er í tengslum við menningarhátíð á Raufarhöfn. Nánar auglýst síðar.

Kringum Lón í Kelduhverfi

13. október, kl. 13 frá bílastæði í Fjallahöfn, skammt austan brúar yfir Lónsós. Gengið frá Fjallahöfn suður hliðina vestan Lónanna en þaðan er gott útsýni yfir Lónin. Sunnan lónanna er litið eftir uppsprettum og svo er hringnum lokað með því að ganga norður Flæðarnar austan Lónanna. 11 km.

Ferðafélag Svarfdæla

Fésbók: Ferðafélag Svarfdæla

Netfang: ferdafelagsvarf@gmail.com

Sími formanns: 898 5524

Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

Nýársanga

1. janúar, kl. 13 frá girðingu norðan Kónsstaða í Skíðadal. Árleg ferð á gönguskiðum eða tveimur jafnfljótum að gangnamannahúsinu Stekkjarhúsi. 3-4 klst.

Flæðar að Hrísatjörn. Gönguskiðaferð

2. febrúar, kl. 10 frá Olís, Dalvík. Gengið á gönguskiðum um Flæðar að Hrísatjörn og til baka. 1-2 klst.

Hamarinn og Hánefsstaðareitur. Gönguskiðaferð

2. mars, kl. 10 frá gömlu malarnámunum norðan við Skáldalæk. Gengið upp á Hamarinn að Sökku, niður í Hánefsstaðareit að Svarfaðardalsá, yfir Saurbæjartjörn og aftur að Skáldalæk. 7-8 km.

Mosi. Gönguskiðaferð

6. apríl, kl. 10 frá skíðasvæðinu við Brekkusel á Dalvík. Farið upp með skíðalyftunni og skíðað fram Böggvisstaðadal í Mosa, skála Ferðafélags Svarfdæla. 18 km fram og til baka. Greiða þarf aðstöðugjald 500 kr. í Mosa og einnig hægt að gista gegn gjaldi. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.

Í kringum Hnjótafjall. Gönguskiðaferð

4. maí, kl. 9 frá bílastæðinu fyrir neðan Atlastaði í Svarfaðardal. Fararstjörn: Kristján Hjartarson. Gengið fram Neðri-Hnjóta eftir gömlu þjóðbrautinni að Heljarbrekkunni uns komið er að Stóruvörðu efst á Heljardalsheiði. Þar stendur Heljuskáli, glæsilegt sæluhús í eigu Ferðafélags Svarfdæla. Frá honum er sveigt af leið til hægri meðfram Vörðufjalli, fram hjá fjallinu Deili, sem er eitt formfegursta fjall Tröllaskagans og stendur eins og pýramídi upp úr jaðri Deildardalsjökuls. Áfram er gengið fyrir botn Unadals eftir Hákömbum allt þar til botn Skallárdals blasir við. Gengið niður Skallárdal að Atlastöðum. 19 km. 880 m hækkun. 9-10 klst. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag Akureyrar.

Að Hrísatjörn

5. júní, kl. 17:15 frá Olís, Dalvík. Fyrsta miðvikudagsganga sumarsins. Gengið eftir stíkaðri leið að fuglaskoðunarhúsi við Hrísatjörn. Víða á leiðinni eru upplýsingaskilti um fugla og gróður. 2-3 klst.

Melrakkadalur

12. júní, kl. 17:15 frá Dalvíkurkirkju. Gengið yfir brú á Brimnesá upp í minni Upsadals og þaðan eftir stikaðri leið upp í Melrakkadal. 2-3 klst.

Steindyragir

19. júní, kl. 17:15 frá Dalvíkurkirkju. Ekið á móts við bæinn Steindyr. Gengið upp með gílinu, gamla réttin og fossinn skoðaður. 1-2 klst.

Múlavegur. Miðnætursólarferð

26. júní, kl. 22 frá afleggjara norður undir Múlagöngum. Gengið eftir gamla veginum að Voghól og niður með Vogagjá uns staðið er andspænis Hálfðanarhurð. Gengið til baka upp á Plan, efst í Múlanum, þar sem fegurst er miðnætursól. 3 km. Hækkun 50 m. 2-3 klst.

Friðland Svarfdæla

3. júlí, kl. 17:15 frá Olís, Dalvík. Merkt leið gengin um Friðland Svarfdæla að Húsabakka. 7 km. 2-3 klst.

Helluhöfði

10. júlí, kl. 17:15 á einkabílum frá Dalvíkurkirkju að Hellu á Árskógsströnd. Gengið um Helluhöfða og komið við í vikunum sjö við höfðann. Fjölbreytt fuglalíf og fagurgróin náttúruperla. 4 km. 2 klst.

Víkurdalur milli Sauðaneshnjúka

17. júlí, kl. 17:15 á einkabílum frá Dalvíkurkirkju. Ekið að Sauðanesi á Upsaströnd. Gengið þaðan upp í hlíðina meðfram Víkurlæk, upp í dalverpið Víkurdal sem er í um 300 m hæð yfir sjó. 2-3 klst.

Böggvisstaðadalur – Upsadalur

24. júlí, kl. 17:15 frá Dalvíkurkirkju. Gengið fram Böggvisstaðadal eftir stikaðri leið að Kofa. Farið yfir göngubrú á Brimnesá og stikum fylgt niður Upsadalinn til baka. 3-4 klst.

Skeiðsvatn

31. júlí, kl. 17:15 á einkabílum frá Dalvíkurkirkju. Ekið að aflögðum minkaskála skammt frá bænum Skeiði og gengið upp í Vatnsdal eftir stikaðri leið að Skeiðsvatni. 3-4 klst.

Tungnahryggsskáli. Vinnuferð

24.-25. ágúst. Tveggja daga vinnuferð í skála félagsins á Tungnahrygg. Formaður veitir nánari upplýsingar og tekur við skráningu í ferðina minnst tveimur dögum fyrir brottför á netfang félagsins.

Nýársanga 2020

1. janúar, kl. 13 frá girðingu norðan Kónsstaða í Skíðadal. Árleg ferð á gönguskiðum eða tveimur jafnfljótum að gangnamannahúsinu Stekkjarhúsi. 3-4 klst.



Á Rauðasandi á sunnanverðum Vestfjörðum
Ljósmynd: Ólafur Már Björnsson



Menntun, skemmtun, menning og þjálfun

Mundo er ferðaskrifstofa sem höfðar til þeirra sem vilja blanda saman menntun, skemmtun, menningu og þjálfun á ferðum sínum erlendis.

Við skiljum vel þarfir þeirra sem haldnir eru hreyfiofsa og bjóðum upp á fjöldan allan af hreyfiferðum árið 2019. Einnig skipuleggjum við sérferðir fyrir gönguhópa umhverfis Mont Blanc, eftir Jakobsvegi, til Marokkó, eftir Inkastíg svo eitthvað sé nefnt.

Dæmi um ferðir ársins 2019

- Mont Blanc
- Jakobsvegur
- Inkastígurinn í Perú
- Hjólaferð eftir Jakobsvegi
- Gönguferð í Marokkó
- Páskabúðir fyrir fullorðna í Extremadura og Andalúsíu

Kíktu á heimasíðuna okkar mundo.is og hafðu samband.

Nánari upplýsingar hjá
margret@mundo.is
dagrun@mundo.is



MUNDO
www.mundo.is



ARC'TERYX



Ertu tilbúinn?

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

